



ML í lögfræði

Sönnunarkröfur í sakamálum þar sem brotápolar eru fatlaðir

Hvaða sönnunarkröfur eru gerðar þegar fatlaðir eiga í hlut?

Júní 2021

Höfundur: Sandra Ósk Jónsdóttir

Kennitala: 240496-3489

Leiðbeinandi: Karólína Finnbjörnsdóttir

Útdráttur

Ritgerð þessi ber heitið „Sönnunarkröfur í sakamálum þar sem brotþolar eru fatlaðir: Hvaða sönnunarkröfur eru gerðar þegar fatlaðir eiga í hlut?“ Viðfangsefni ritgerðarinnar er því ætlað að skýra betur hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í þeim tilvikum þar sem brotþoli er fatlaður. Í byrjun ritgerðarinnar er gerð grein fyrir helstu meginreglum sakamálaréttarfars þegar kemur að sönnun og sönnunargögnum. Síðan er fjallað almennt um fötlun og hugtakið skilgreint. Gerð er ítarleg grein fyrir ákveðnum tegundum fatlana sem eru þess eðlis að hafa mikil áhrif á stöðu og skilning brotþola þegar kemur að rannsókn og meðferð sakamála fyrir dómi. Í framhaldinu er gerð ítarleg grein fyrir rannsókn sakamála með sérstöku tilliti til þess þegar brotþoli er með einhvers konar fötlun og til að fá skýrari sýn á efnið var litið til framkvæmdar á Norðurlöndunum. Því næst eru gerð ítarleg skil á sönnunarkröfum í sakamálum þar sem fjallað er um hugtakið sjálft, tilgang þess og mismunandi sönnunarkröfur eftir brotaflokkum. Hryggjarstykki ritgerðarinnar er síðan dómarrannsókn þar sem leitast var við að svara hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum þegar um er að ræða fatlaða brotþola, hvort gerðar séu sömu kröfur til fatlaðra og ófatlaðra, eða hvort slakað hafi verið á sönnunarkröfum þegar fatlaðir eiga í hlut. Í meginatriðum leiddi rannsóknin í ljós að ekki hafi verið slakað á sönnunarkröfum í málum af þessum toga svo nokkru muni. Loks er fjallað um það hvort rök standi til þess að gera vægari sönnunarkröfur þegar um ræðir fatlaða brotþola. Höfundur komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé endilega ástæða til þess að gera vægari sönnunarkröfur heldur sé eðli þessara mála á þann veg að líta þurfi sérstaklega til ákveðinna sérfræðigagna við úrlausn málanna og veita þeim ákveðið vægi. Grundvallarniðurstaða ritgerðarinnar er að koma þarf til móts við fatlaða á öllum stigum réttarkerfisins.

Abstract

This thesis is entitled „The quantum of evidence in criminal cases in which victims are disabled: What are the quantum of evidence for the disabled?“ The subject of this thesis is intended to give insight to what quantum of evidence is required in cases in which the victim is disabled. In the beginning of the thesis the main principles of criminal procedure about proof and evidence are explained. Disability is then generally discussed and the term is defined. Certain types of disabilities are described in greater detail which have substantial impact on the position and understanding when it comes to the investigation and handling of criminal cases in court. In addition, there is a discussion about criminal investigations and how they are implemented when victims are disabled, and in order to gain proper comprehension of the matter, the implementation in the Nordic countries were examined. Furthermore there is detailed discussion of the quantum of evidence in criminal cases where the concept itself, its purpose and different quantum of evidence by nature of crime are discussed. The essence of this thesis is a judicial study in which an answer is sought about what quantum of evidence is required in criminal cases where victims are disabled, whether the requirements are the same for disabled and non-disabled people, or whether the quantum of evidence have been relaxed when disabled people are involved. In essence, the judicial study revealed that quantum of evidence have not been relaxed in criminal cases where victims are disabled to any great extent. At last there is a discussion on whether there are grounds for making lesser quantum of evidence in the case of disabled victims. In conclusion, the authors result is that there is not necessarily a reason to make lesser quantum of evidence, nonetheless the nature of these cases call for specific evidence from experts to be taken into account and given certain weight in the courts decisions. The general conclusion of the thesis is that the disabled need to be accommodated at all stages of the legal system.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til meistaraþrófs í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Þegar kemur að lögfræði þá liggur áhugasvið mitt aðallega á sviði sakamálaréttarfars en sá áhugi kviknaði vorið 2019 þegar ég sat áfangan sakamálaréttafar. Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Karólínu Finnbjörnsdóttur, stundakennara við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Vil ég þakka henni sérstaklega fyrir gagnlegar ábendingar og góða leiðsögn í gegnum ritgerðarskrifin. Ég kann henni mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Þá vil ég einnig þakka Elís Kjartanssyni, lögreglufulltrúa á Suðurlandi, Báru Brynjólfsdóttur og Ölmú Ýr Ingólfsdóttur, lögfræðingum hjá Öryrkjabandalagi Íslands, Kolbrúnu Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara og Jóni Þorsteini Sigurðssyni, yfirmanni réttindagæslumanna fatlaðs fólks, fyrir að gefa sér tíma til að veita gagnlegar upplýsingar í þágu ritgerðarinnar. Sérstakar þakkir til Árna Múla Jónassonar, framkvæmdastjóra Þroskahjálpar, fyrir yfirlestur á efnislegum hluta ritgerðarinnar og gagnlegar ábendingar.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni, sambýlismanni og tengdforeldrum fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum námið og ritgerðarskrifin. Þá vil ég sérstaklega þakka frænku minni, Maríu Ásu Áspórsdóttur, frænda mínum, Hafliða Herði Hafliðasyni og tengdamóður minni, Jóhönnu Kolbrúnu Alexandersdóttur, fyrir yfirlestur á ritgerðinni. Einnig vil ég þakka vinkonu minni, Guðbjörgu Ósk Einarsdóttur, fyrir veitta aðstoð við lokafrágang á ritgerðinni.

Efnisyfirlit	
Töfluskra.....	vi
Lagaskra	vi
Domaskra.....	viii
1. Inngangur	1
2. Rannsókn sakamála	2
2.1 Skýrslutökur við rannsókn sakamála	4
3. Sönnun í sakamálum.....	5
3.1 Sönnunargögn	6
3.2 Milliliðalaus sönnunarfærsla	8
3.3 Sönnunarbyrði.....	9
3.4 Sönnunarmat	10
3.4.1 Sönnunarmat á framburði vitna	11
3.5 Sönnunarkröfur	14
4. Fötlun – andlegar og líkamlegar skerðingar	15
4.1 Hugtakið fötlun	16
4.1.1 Þroskahömlun	17
4.1.2 Einhverfa og einhverfuróf	18
4.1.3 Sjón- og heyrnarskerðing	19
4.1.4 Geðfötlun	20
4.1.4.1 Geðröskun	21
5. Rannsókn sakamála þegar kemur að fötluðum brotapolum	21
5.1. Gildandi réttur	22
5.2 Möguleg áhrif fötlunar á rannsókn sakamála.....	31
5.3 Verklag lögreglunnar við rannsókn sakamála þegar fatlaðir eiga í hlut.....	33
5.4 Framkvæmdin á Norðurlöndunum.....	35
5.4.1 Noregur	35
5.4.2 Danmörk	36
5.4.3 Svíþjóð	38
6. Sönnunarkröfur í sakamálum	39
6.1 Hugtakið sönnunarkröfur og tilgangur þess	39

6.2 Mismunandi sönnunarkröfur eftir brotaflokkum	42
7. Hvaða sönnunarkröfur eru gerðar þegar fatlaðir eiga í hlut?	44
7.1 Atriði sem hafa áhrif á sönnunarkröfurnar	45
7.1.1 Ákærði játar hátternislýsingu en neitar sök í málinu	45
7.1.2 Ákærði neitar alfarið sök í málinu	52
7.1.2.1 Framburður brotaþola hefur stuðning í öðrum gögnum máls	52
7.1.2.2 Framburður brotaþola er aðal sönnunargagn máls.....	57
7.1.2.3 Framburður brotaþola hefur ekki næga stoð í sönnunargögnum og dugir ekki einn og sér til sakfellingar	60
7.1.3 Samantekt.....	66
7.2 Standa rök til þess að gera vægari sönnunarkröfur þegar fatlaðir eiga í hlut?	67
8. Lokaorð og niðurstöður.....	70
Heimildaskrá	73

Töfluskrá

Tafla 1 - ICD 10 flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

Lagaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, með síðari breytingum, nr. 36/1999

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Lögreglulög nr. 90/1996

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Norsk lög

Lov om rettergangsmåten i straffesaker (Straffeprosessloven) nr. 5/1981

Dönsk lög

Retsplejeloven nr. 1445/2020

Sænsk lög

Rättegångsbalken nr. 1942:740

Stjórnvaldsfyrirmæli

Íslensk stjórnvaldsfyrirmæli

Reglugerð nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

Dönsk stjórnvaldsfyrirmæli

Bekendtgørelse nr. 20 af 15.11.2017 om rettigheder for personer med handicap

Alþingistíðindi

Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál

Alþt. 2015-2016, A- deild, þskj. 1637- 865. mál

Alþt. 2015-2016, A- deild, þskj. 1693- 865. mál

Alþt. 2018-2019, A- deild, þskj. 1690- 21. mál

Alþt. 2020-2021, A- deild, þskj. 960- 568. mál

Alþt. 2020-2021, A- deild, þskj. 1402- 568. mál

Alþt. 2020-2021, A- deild, þskj. x- x. mál. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðra og aðstandenda)

Alþjóðasamningar

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 13. desember 2006

Reglur, fyrirmæli og almennar athugasemdir

Fyrirmæli ríkissaksóknara um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaðan sakborning og/eða brotþola er að ræða, nr. RS: 3/2018

United Nations Committee on the Rights of Persons with Disabilities, „General comment No. 1 (2014): Article 12: Equal recognition before the law“ UN CRPD 11th session (19. maí 2014) UN doc CRPD/C/G/C/1

Rigsadvokatmeddelelsen om videoafhøring, CIR1H nr. 9208 frá 7. apríl 2021

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 22. maí 2003 í máli nr. 11/2003

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 28. maí 2003 í máli nr. 47/2003

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 9. október 2003 í máli nr. 112/2003

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 26. maí 2005 í máli nr. 56/2005

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 20. október 2005 í máli nr. 148/2005

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 19. október 2006 í máli nr. 420/2006

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 26. október 2006 í máli nr. 220/2006

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 9. nóvember 2006 í máli nr. 244/2006

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 31. maí 2007 í máli nr. 666/2006

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 22. maí 2008 í máli nr. 545/2007

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 11. desember 2008 í máli nr. 284/2008

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 1. október 2009 í máli nr. 141/2009

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 3. desember 2009 í máli nr. 312/2009

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 17. desember 2009 í máli nr. 54/2009

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 11. febrúar 2010 í máli nr. 479/2009

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 20. maí 2010 í máli nr. 448/2009

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 7. apríl 2011 í máli nr. 504/2010

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 7. apríl 2011 í máli nr. 570/2010

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 19. maí 2011 í máli nr. 571/2010

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 24. október 2013 í máli nr. 316/2013

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 31. október 2013 í máli nr. 526/2013

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 23. nóvember 2013 í máli nr. 293/2013

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 23. október 2014 í máli nr. 388/2014.

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 13. nóvember 2014 í máli nr. 355/2014

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 13. maí 2015 í máli nr. 65/2015

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. febrúar 2016 í máli nr. 113/2016

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 14. apríl 2016 í máli nr. 608/2015

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 12. maí 2016 í máli nr. 463/2015

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 8. september 2016 í máli nr. 615/2016

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 15. júní 2017 í máli nr. 433/2016

Dómur Hæstaréttar Íslands frá 18. febrúar 2021 í máli nr. 30/2020

Dómar Landsréttar

Dómur Landsréttar frá 31. maí 2019 í máli nr. 141/2018

Dómur Landsréttar frá 10. júní 2020 í máli nr. 654/2018

Dómur Landsréttar frá 11. desember 2020 í máli nr. 759/2019

Dómur Landsréttar frá 5. febrúar 2021 í máli nr. 862/2018

Dómur Landsréttar frá 5. mars 2021 í máli nr. 128/2020

Danskir dómar

UfR 2012.437 L frá 27. október 2011

UfR 2005.779/2 L frá 11. nóvember 2004

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Salabiaku gegn Frakklandi nr. 10519/83 frá 7. október 1988

Telfner gegn Austurríki App nr. 33501/96 (ECtHR, 20. mars 2001)

Ákvarðanir eftirlitsnefndarinnar Committee on the rights of persons with disabilities

UN Committee on the Rights of Persons with Disabilities, „Views adopted by the Committee under article 5 of the Optional Protocol, concerning communication No. 11/2013“ (25. maí 2016) CRPD/C/15/D/11/2013

UN Committee on the Rights of Persons with Disabilities, „Views adopted by the Committee under article 5 of the Optional Protocol, concerning communication No. 7/2012“ (10. október 2016) CRPD/C/16/D/7/2012

1. Inngangur

Við meðferð sakamála er leitast eftir því að skera úr um hvort menn hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi, er þeim er gefin að sök, auk þess að ákvarða viðeigandi viðurlög fyrir þá sem teljast sekir.¹ Ákveðnar réttarfarsreglur gilda um rannsókn og meðferð sakamála fyrir dómstólum sem og um skipan og hlutverk ákærvaldsins.² Þær meginreglur sem gilda um meðferð sakamála snúa margar hverjar að mannréttindum þeirra sem bornir eru sökum um refsiverða háttsemi, og koma í veg fyrir að þau séu skert að óþörfu eða að saklausir einstaklingar verði fundnir sekir.³ Meginreglurnar er að finna í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008⁴, Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944⁵ og Mannréttindasáttmála Evrópu sem var lögfestur með lögum, nr. 62/1994.⁶

Í þessari ritgerð er umfjöllunarefnið sönnunarkröfur í sakamálum þegar um er að ræða fatlaða brotþola. Fatlað fólk er viðkvæmur hópur og er þar af leiðandi í sérstökum áhættuhópi þar sem algengt er að fatlaðir verði fyrir ofbeldisbrotum.⁷ Helstu birtingarmyndir ofbeldis gegn fötluðum eru kynferðisofbeldi, líkamlegt og andlegt ofbeldi, fjárhagslegt ofbeldi, kerfismisnotkun, stofnanaofbeldi og að lokum lagaleg þvingun.⁸ Undanfarin misseri hefur nokkuð borið á þeirri umræðu meðal lögfróðra manna að lítill hluti þessara mála rati inn í réttarvörslukerfið. Samkvæmt nýrri skýrslu sem unnin var af greiningardeild ríkislögreglustjóra er talið að ástæðan sé sú að þessi viðkvæmi hópur njóti ekki sömu réttinda og aðrir í réttarkerfinu.⁹ Ákveðin vakning hefur því orðið í tengslum við þetta málefni sem verður að teljast skref í rétta átt.

¹ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur opinbers réttarfars. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands.* (Úlfjótur 1999) 1.

² Stefán Már Stefánsson, *Um sönnun í sakamálum* (2. útgáfa, Codex 2013) 9.

³ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur opinbers réttarfars. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands.* (n. 1) 2.

⁴ Skammstafað hér eftir sem „sml.“

⁵ Skammstafað hér eftir sem „stjskr.“

⁶ Skammstafað hér eftir sem „MSE“

⁷ Ríkislögreglustjóri, greiningardeild, „Ofbeldi gegn fötluðum á Íslandi.“ (2020) 3

<<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Ofbeldi-gegn-fotludum-2020.pdf>>; Karen Hughes, o.fl., „Prevalence and risk of violence against adults with disabilities: a systematic review and meta-analysis of observational studies“ [2012] *The lancet*.

⁸ Rannveig Traustadóttir og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, „Hvað er vitað um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki?“ (Málstofa á Grand Hótel, nóvember 2014)

<<https://www.throskahjalp.is/static/files/Malstofa/1rannveigtr.pdf>>.

⁹ Sunna Karen Sigurþórsdóttir, „Lítill hluti ofbeldismála á hendur fötluðu fólki ratar inn í réttarvörslukerfið“ *Vísir* (19. janúar 2021) <<https://www.visir.is/g/20212062528d/litill-hluti-ofbeldismala-a-hendur-fotludu-folki-ratar-inn-i-rettarvorslukerfid>>.

Rannsóknarefni ritgerðarinnar er það lögfræðilega álitaefni hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum þegar um er að ræða fatlaða brotapolu. Kannað verður hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum þegar brotapolu er fatlaður, hvort gerðar séu sömu kröfur og almennt þegar ófatlaðir eiga í hlut, hvort slakað hafi verið á sönnunarkröfum og þá að hvaða marki eða hvort rök standi til þess. Gerð var athugun á dómum Landsréttar og Hæstaréttar Íslands er vörðuðu ofbeldisbrot gegn fötluðum frá 10. mars 1999 til apríl 2021. Í ritgerðinni verða dómar bornir saman og skoðaðar þær kröfur sem gerðar eru til sönnunar.

2. Rannsókn sakamála

Í VII. kafla sml. er kveðið á um þær almennu reglur sem gilda frá upphafi rannsókna til enda. Í 1. mgr. 52. gr. sml. er kveðið á um að rannsókn sakamála sé í höndum lögreglu og undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra, nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum. Í 2. mgr. sama ákvæðis er síðan lögð skylda á lögreglu að hefja rannsókn hvenær sem þess er þörf vegna vitneskju eða gruns um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eður ei.

Markmið rannsókna sakamála er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að rannsókn lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 53. gr. sml. Í ákvæðinu er einnig að finna þrjár meginreglur er gilda um rannsókn sakamála en þær eru hlutlægnisreglan, málshraðareglan og að lokum reglan um að gæta skuli meðalhófs þegar kemur að framkvæmd rannsókna.¹⁰ Vert er að taka fram að ýmsar aðrar meginreglur gilda þegar kemur að rannsókn sakamála þó þær komi ekki fram í 53. gr. sml., svo sem lögætis- og jafnræðisreglan.

Hlutlægnisreglan birtist í 2. mgr. ákvæðisins og felur í sér að þeir sem annast rannsókn sakamála skulu ávallt gæta hlutlægni í störfum sínum, sem þýðir að lögreglan skal gæta jafnt að þeim atriðum er horfa til sýknu og sektar. Undir þetta fellur í raun sannleiksreglan, sem snýr að því að leiða hið sanna og rétta í ljós.¹¹

Reglan um hraða málsmeðferð kemur skýrt fram í 2. málsl. 2. mgr. 53. gr. sml. og tryggir að meðferð sakamála sé hraðað eins og kostur er. Regla þessi á sér í raun stoð í ákvæðum 1. mgr.

¹⁰ Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: rannsókn - þvingunarráðstafanir* (Codex 2012) 47.

¹¹ sama heimild 53–54.

70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE. Samkvæmt orðanna hljóðan taka ákvæðin aðeins til meðferðar mála fyrir dómi en í dómaframkvæmd hafa þau verið skýrð á þann veg að þau ná einnig til málsmeðferðar á rannsóknarstigi.¹² Það er því stjórnarskrárvarinn réttur einstaklings, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, að rannsókn á máli hans verði hraðað svo því ljúki sem allra fyrst. Þá reynir sérstaklega á regluna í þeim tilvikum þar sem sakborningur sætir frelsissviptingu á borð við gæsluvarðhald. Önnur sjónarmið mæla einnig með því að rannsókn sé hraðað eins og kostur er, svo sem af tilliti til brotþola sem og almannahagsmunir. Loks má nefna að erfiðara er að afla sönnunargagna eftir því sem rannsókn dregst á langinn auk þess sem brot geta hreinlega fyrnst.¹³

Meðalhófsreglan birtist í 3. mgr. 53. gr. sml. en þar kemur fram að þeir sem rannsaka sakamál skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Einnig kemur fram að þeir megi ekki beita sakborning eða aðra harðræði umfram það sem lög heimila og nauðsynlegt er til að vinna bug á mótþróa þeirra gegn lögmætum aðgerðum, né á annan hátt beita þá ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum. Hliðstæða reglu er að finna í 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Þessar meðalhófsreglur eru nátengdar meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993 sem kveður á um að stjórnvald eigi aðeins að taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti og að gæta verði þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.¹⁴

Í samræmi við meginmarkmið rannsóknar sakamála er síðan kveðið á um það í 54. gr. sml. hvað skuli rannsaka við rannsókn sakamála, en þar kemur fram að rannsaka skuli allt það sem tengist verknadnum sjálfum sem um ræðir, svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla megi að skipti máli, vettvang og leita þess sem grunaður er. Einnig skal rannsaka atriði sem varða sakborninginn sjálfan, til dæmis aldur, persónulegar aðstæður, menntun, störf, hegðun hans og fyrri brot. Rannsaka þarf líka hugarfar sakbornings sem og hvatir hans til brots, það er hvort brot hafi verið framið af ásetningi eða eftir atvikum gáleysi.

¹² Sem dæmi um þetta má líta til dóm Hæstaréttar Íslands frá 9. október 2003 í máli nr. 112/2003 þar sem dómurinn taldi rannsókn málsins hafa tekið of langan tíma í ljósi þess að ekki var um að ræða flókna né umfangsmikla rannsókn og að á henni höfðu orðið löng hlé. Þessi dráttur var talinn í andstöðu við 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE og leiddi þetta til vægari refsingar.

¹³ Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: rannsókn - þvingunarráðstafanir* (n. 10) 62–63.

¹⁴ sama heimild 69–70.

Lögreglan hefur við margvíslegar rannsóknaraðferðir að styðjast þegar kemur að því að upplýsa mál sem er til rannsóknar. Sumar aðferðir eru þess eðlis að þær kunna að vera íþyngjandi fyrir þá sem rannsókn beinist að, á meðan aðrar eru það ekki. Athafnir og aðgerðir í þágu rannsóknar verða að byggja á skýrum lagaheimildum ef þær skerða réttindi borgara á einhvern hátt, en þetta leiðir af lögmætisreglunni.¹⁵ Sú regla felur í sér að ákvarðanir stjórnvalda verða að eiga sér stoð í settum lögum auk þess sem þau mega ekki vera í andstöðu við lög.¹⁶ Sem dæmi um aðgerðir sem taldar eru skerða réttindi borgara eru svonefndar þvingunarráðstafanir sem mælt er fyrir um í IX.-XIV. kafla sml. Auk þessara ráðstafana, eru aðgerðir og rannsóknaraðferðir á borð við skýrslutökur af sakborningum og vitnum og síðan það sem kallast sérstakar eða óhefðbundnar rannsóknaraðferðir, svo sem notkun tálbeitu, uppljóstrara og flugumanna, afhendingu undir eftirliti og skyggingu, sbr. 89. gr. sml.¹⁷

Þar sem hryggjarstykki ritgerðarinnar varðar sönnunarkröfur í sakamálum verður fjallað nánar um rannsóknaraðferðina skýrslutökur á rannsóknarstigi, enda gríðarlega mikilvægur þáttur við rannsókn lögreglu. Við skýrslutökur reynir á aðkomu rannsækenda og skýrslugjafa og við mat á sönnun og sönnunargildi framburðar skiptir skýrleiki, samræmi og trúverðugleiki framburðar hvað mestu.

2.1 Skýrslutökur við rannsókn sakamála

Fyrirferðamesti þátturinn í ferli rannsóknar sakamáls er venjulega að hafa uppi á sakborningum og vitnum og síðan taka af þeim skýrslur.¹⁸ Skýrslutökur eru og munu eflaust um ókomna tíð vera sú rannsóknaraðferð sem oftast nær skiptir hvað mestu þegar kemur að því að leiða hið sanna í ljós, þrátt fyrir að ýmsar rannsóknaraðferðir hafi á síðustu árum tekið stakkaskiptum vegna vísinda- og tækniframfara.¹⁹ Um skýrslutöku við rannsókn sakamála er sérstaklega fjallað í VIII. kafla sml. Þar eru að finna almenn ákvæði sem kveða á um það með hvaða hætti skýrslutökur eigi að fara fram ásamt ákveðnum réttindum og skyldum sakborninga og vitna. Ítarlegri reglur um skýrslutökur og yfirheyrslur eru svo að finna í reglugerð nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

¹⁵ sama heimild 87.

¹⁶ sama heimild 72.

¹⁷ sama heimild 87–88.

¹⁸ Björg Thorarensen og fleiri. Ritstjóri Róbert R. Spanó, *Um lög og rétt: helstu greinar íslenskrar lögfræði* (Codex 2006) 208.

¹⁹ Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: rannsókn - þvingunarráðstafanir* (n. 10) 88.

Eins og fram hefur komið er rannsókn sakamála í höndum lögreglu og þar af leiðandi tekur lögreglan yfirleitt skýrslur af sakborningum og vitnum á rannsóknarstigi. Á þessu eru þó nokkrar undantekningar, en þær eru meðal annars að finna í 1. mgr. 59. gr. sml. Það ákvæði kveður á um að skýrslutaka fari fram fyrir dómi á meðan rannsókn stendur í ákveðnum tilvikum; í fyrsta lagi ef taka á skýrslu af brotþola sem ekki hefur náð 15 ára aldri þegar rannsókn máls hefst og rannsókn lögreglu beinist að kynferðisbroti, sbr. XXII. kafli almennra hegningarlaga nr. 19/1940.²⁰ Í öðru lagi ef taka þarf skýrslu af sakborningi, brotþola eða öðrum vitnum til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess. Í þriðja lagi ef taka þarf skýrslu af brotþola eða öðrum vitnum þar sem þau neita að mæta til skýrslutöku hjá lögreglu eða neita að svara spurningum hennar, ætla má að þau komist ekki fyrir dóm við meðferð málsins eða það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra, svo sem ef um börn er að ræða. Einnig er vikið frá þeirri meginreglu að lögreglan taki skýrslu í 2. og 3. mgr. 106. gr. sml. Það er því að jafnaði tekin skýrsla af sakborningi fyrir dómi ef um er að ræða meðferð kröfu um gæsluvarðhald eða aðrar ráðstafanir samkvæmt XIV. kafla laganna, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Einnig er skýrsla gefin fyrir dómi við meðferð rannsóknarmáls, sem rekið er samkvæmt XV. kafla laganna, ef annar aðili málsins krefst þess, sbr. 3. mgr. ákvæðisins.

3. Sönnun í sakamálum

Reglur um sönnun í sakamálum eru gríðarlega þýðingarmiklar, sérstaklega með tilliti til mannréttindasjónarmiða, en þær fjalla um ýmis atriði varðandi öflun, meðferð og mat á sönnunargögnum.²¹ Almennar reglur um sönnun í sakamálum er að finna í XVI. kafla sml. Auk þess sem allur þriðji þáttur laganna fjallar um sönnun og sönnunargögn í sakamálum.

Hugtakið sönnun hefur allt aðra merkingu í lögfræði en í öðrum fræðigreinum, líkt og rökfræði og stærðfræði. Helsti greinarmunurinn er sá að sönnun í dómsmáli getur verið breytileg, það er einn daginn telst staðreynd sönnuð en svo mögulega ósönnuð í ljósi nýrra upplýsinga í málinu sem afsanna staðreyndina. Á meðan að í öðrum fræðigreinum fæst niðurstaða sem telst sönnuð ekki breytt.²²

²⁰ Skammstafað hér eftir sem hgl.

²¹ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 9.

²² Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ [1987] Úlfjótur 246.

Markmið með höfðun sakamáls er að leiða hið rétta og sanna í ljós um þá refsiverðu háttsemi sem tekist er á um.²³ Sönnun hefur því mikið vægi í sakamálum, en hún getur leitt til sýknu eða sektar sakbornings og haft áhrif á refsilyngd. Í sakamálum hvílir sönnunarfærslan á ákærvaldinu og því hlutverk þeirra að afla sönnunargagna til að færa fyrir dóminn. Við það getur ákærvaldið beitt ýmiss konar sönnunaraðferðum og byggt á margvíslegum sönnunargögnum.²⁴ Dómsmáli verður ekki vísað frá á þeim grundvelli að málsatvik liggi ekki nægilega skýr fyrir, enda er dómstólum skylt að leysa úr þeim ágreiningi sem færður er fyrir þá. Atvik máls eru leidd fyrir dómara og er það hans hlutverk að komast að því hverjar þær staðreyndir sem færðar eru fram í málinu séu raunverulegar. Staðhæfing telst svo sönnuð þegar dómari telur, eftir heilbrigðri skynsemi og mannlegri reynslu, að svo góð rök hafi verið færð fram um staðreynd að hún sé rétt.²⁵

Í köflunum hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þeim reglum er varða sönnun í sakamálum. Fyrst verður fjallað stuttlega um sönnunargögn.

3.1 Sönnunargögn

Hér á landi er hugtakið sönnunargagn skilgreint vítt. Byggir það á meginreglunni um frjálst mat sönnunargagna sem þýðir að almennt megi sanna málsatvik með hverri þeirri aðferð og gögnum sem kostur er, þó með þeim áskilnaði að rökrétt samband sé á milli þeirra sönnunargagna sem lögð eru fram og sönnunaratrúðis. Sönnunargögn eru þau gögn sem hægt er að leiða rökrétta ályktun af um staðreynd. Þessi gögn geta verið ýmiss konar, svo sem skjöl, matsgerðir eða vitnaleiðslur auk þess sem þeirra getur verið aflað með mismunandi aðferðum.²⁶

Unnt er að flokka sönnunargögn með ýmsum hætti en algengast er þó að flokka þau eftir tegund þeirra sem skipar þá þrjá flokka; í fyrsta lagi eru munnleg eða persónubundin sönnunargögn. Þar undir falla skýrslur af ákærða, vitnum og sérfróðum mönnum. Í öðru lagi eru sýnileg og efnisleg sönnunargögn en dæmi um slík sönnunargögn eru morðvopn eða ummerki á brotavettvangi, svo sem fingraför eða skóför. Í þriðja lagi eru skjöl, sem hafa þá ekki orðið til vegna rannsóknar málsins sem um ræðir. Hér undir falla til dæmis fölsuð skuldaskjöl, hótunarbréf og önnur skjöl sem hafa að geyma upplýsingar um hlut ákærða í refsiverðum

²³ Eiríkur Tómasson, „Meginreglur sakamálaréttarfars“ [2009] Úlfjótur 7.

²⁴ Eiríkur Tómasson, „Sitt er hvað, sönnunarbyrði og sönnunarmat: umfjöllun um dóm Hæstaréttar 20. október 2005 í máli nr. 148/2005“ [2007] Úlfjótur 487.

²⁵ Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ (n. 22) 246.

²⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 10.

verknaði eða um verknaðinn sjálfan. Nánast hvað sem er getur orðið sönnunargagn í máli.²⁷ Það ræðst þó af mati dómara í hverju tilviki hvert sönnunargildi hvers sönnunargagns er, sbr. 1. og 2. mgr. 109. gr. sml.

Sönnun getur bæði verið bein eða óbein. Fjallað er um beina sönnun í 1. mgr. 109. gr. sml. en þar segir að dómari í sakamáli meti hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi sem og vitnisburðir, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Bein sönnunargögn eru þau gögn er snúa að því sönnunatriði sem sanna þarf um hinn meinta refsiverða verknað. Þessi gögn eru að öllu jöfnu milliliðalaus, til dæmis morðvopn eða framburður vitnis, sem varð vitni að þeirri refsiverðu háttsemi sem ákærði er borinn sökum um að hafa framið.²⁸

Reglan um óbeina sönnun kemur fram í 2. mgr. 109. gr. sml. en í ákvæðinu er kveðið á um að dómari meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þegar um óbeina sönnun er að ræða er ávallt einum lið fleira í sönnunarkæðjunni heldur en þegar sönnun er bein.²⁹ Óbein sönnunargögn hafa alla jafna ekki eins ríkt sönnunargildi og bein sönnunargögn, en algengt er að óbein sönnunargögn séu notuð til að styðja við önnur gögn sem liggja fyrir í málinu.³⁰ Það hefur þó verið mikið deilt um sönnunargildi óbeinna sönnunargagna þar sem fræðimenn eru oft og tíðum ekki sammála um túlkunina á ákvæði 2. mgr. 109. gr. sml. Deilt er þá um það hvort dómstólar hafi slakað á sönnunarkröfum og veitt óbeinum sönnunargögnum of mikið vægi. Í þessu sambandi má nefna ritdeilu Jón Steinars Gunnlaugssonar og Eiríks Tómassonar í kjölfar dóm Hæstaréttar Íslands frá 20. október 2005 í máli nr. 148/2005, þar sem þeir voru ósammála um hvernig dómurinn mat sönnunargögn í málinu og hversu mikið vægi þau ættu að hafa.³¹ Með óbeinni sönnun er ákveðin staðreynd, önnur en sú sem sanna á, talin sönnuð, en frá henni er síðan ályktað með meiri eða minni vissu til þeirrar staðreyndar sem sanna á í málinu.³² Óbein

²⁷ Bogi Nilsson, „Um sönnunargögn og sönnunarfærslu í sakamálum.“ [1991] Úlfjótur 343–344.

²⁸ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 10.

²⁹ Einar Arnórsson, *Meðferð opinberra mála* (Háskóli Íslands 1919) 99.

³⁰ Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál, athugasemdir við 109. gr.

³¹ Eiríkur Tómasson, „Sitt er hvað, sönnunarbyrði og sönnunarmat: umfjöllun um dóm Hæstaréttar 20. október 2005 í máli nr. 148/2005“ (n. 24).

³² Einar Arnórsson (n. 29) 99.

sönnunargögn tefla því aðeins fram ákveðnum líkum á að staðreynd í málinu sé sönnuð.³³ Sönnunargögn sem eru óbein geta verið ýmis konar, til dæmis framburður vitnis um annað en sjálfan atburðinn sem deilt er um í málinu³⁴ eða ummerki á vettvangi líkt og löng hemlaför sem geta veitt vísbendingu um hraða bifreiðar.³⁵

3.2 Milliliðalaus sönnunarfærsla

Reglan um milliliðalaus sönnunarfærslu kemur með skýrum hætti fram í 1. mgr. 111. gr. og 112. gr. sml. Fyrirnefnda ákvæðið kveður á um að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Það síðarnefnda kveður síðan á um að öflun sönnunargagna skuli að jafnaði fara fram fyrir þeim dómara sem fer með málið og kveður upp dóm í því. Markmið reglunnar er að dómari kynnist þeim sönnunargögnum sem fyrir liggja í málinu af eigin raun, einnig þegar um skýrslutökur eru að ræða, en þá getur dómari betur lagt mat á framburð viðkomanda og trúverðugleika hans.³⁶ Reglan um milliliðalaus sönnunarfærslu stuðlar þannig að vandaðri málsmeðferð sem leiðir til þess að dómsniðurstaða um sekt eða sýknu verði frekar efnislega rétt.³⁷ Meginreglan er þannig snar þáttur í réttlátri málsmeðferð og á sér stoð í 1. mgr. 70. gr. stjkskr., sbr. 1. mgr. 6. gr. MSE.

Af þessum reglum leiðir að öll skjöl sem og önnur sýnileg sönnunargögn eiga að vera lögð fyrir þann dómara sem mun leggja dóm á málið. Auk þessa skal sami dómari taka skýrslur af ákærða og vitnum.³⁸ Þó eru undantekningar á þessu, en þær má finna í 2. og 3. mgr. 111. gr. sml. Þar er annars vegar að finna heimild dómara til að taka til greina sem sönnunargögn skýrslur sem teknar hafa verið af ákærða, brotþola, eða öðrum vitnum fyrir dómi á rannsóknarstigi, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, og hins vegar heimild dómara til að leggja mat á sönnunargildi vitnaskýrslu hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum á rannsóknarstigi sé þess ekki kostur að leiða viðkomandi vitni fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins, sbr. 3. mgr. ákvæðisins. Þessar undantekningar gefa dómara örlítið svigrúm til að nota slíkar skýrslur sem sönnunargögn ef vitni er til dæmis alvarlega veikt, horfið eða óvíst er hvar það er niður komið. Sönnunargögn sem byggja á þessum undantekningarheimildum hafa þó sjaldnast jafn ríkt sönnunargildi og skýrslur sem teknar eru milliliðalaust fyrir sama dómara og dæmir í málinu.

³³ Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ (n. 22) 247.

³⁴ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 10.

³⁵ Arnljótur Björnsson, „Sönnun í skaðabótamálum“ [1991] Tímarit Lögfræðinga 5.

³⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 23.

³⁷ Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál, athugasemdir við 112. gr.

³⁸ Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ (n. 22) 249.

Í því sambandi skiptir meðal annars máli hvort til sé myndbandsupptaka af skýrslutökunni svo og hvort verjandi hafi verið viðstaddur skýrslutöku.³⁹

Meginreglan um milliliðalaus sönnumarfærslu snýr þannig sérstaklega að sönnunarþættinum í málsmeðferð og er í raun þannig einn hluti af reglunni um milliliðalaus málsmeðferð. Sú regla er víðtækari, en í henni felst að sami dómari skuli leysa úr máli allt frá upphafi máls til enda, það er frá því ákæra er gefin út og þar til dómsuppkvaðning fer fram.⁴⁰

3.3 Sönnunarbyrði

Í sakamálum hvílir sönnunarbyrðin ávallt á ákæruvaldinu. Reglan kemur með skýrum hætti fram í 108. gr. sml., þar sem kveðið er á um að sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvíli á ákæruvaldinu. Þessi meginregla er í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 70. gr. stjksr., um að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. einnig 2. mgr. 6. gr. MSE.⁴¹ Ljóst er af þessum ákvæðum að allan vafa skuli skýra ákærða í hag. Í þessu sambandi má nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Telfner gegn Austurríki nr. 33501/96 frá 20. mars 2001 en þar kom skýrt fram að það sé brot gegn 2. mgr. 6. gr. MSE að láta ákærða axla sönnunarbyrðina í stað ákæruvalds.⁴² Þar sem sönnunarbyrðin hvílir á ákæruvaldinu ber það hallann af því ef um sönnunarskort er að ræða sem þá leiðir til sýknu ákærða.⁴³

Það er hlutverk ákæruvaldsins að sanna að efnisleg skilyrði brots séu fyrir hendi auk þess að færa sönnur á að huglæg afstaða brotamannsins til brotsins uppfylli skilyrði laganna.⁴⁴ Það er því í höndum ákæruvaldsins að afla allra nauðsynlegra sönnunargagna og leggja þau fram fyrir dóminn. Ákæruvaldinu ber að vinna að því að leiða hið sanna og rétta í ljós og gæta jafnt að atriðum sem leiða til sýknu eða sektar sakbornings, sbr. 3. mgr. 18. gr. sml.

Engin skylda hvílir á ákærða um að aðstoða við að upplýsa sakamál, enda væri það óeðlilegt.⁴⁵ Ákærði hefur þó ætíð rétt til að leggja fram sönnunargögn, ef hann svo kýs, sbr. 1. mgr. 110.

³⁹ Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál, athugasemdir við 111. gr.

⁴⁰ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, „Álit nefndarinnar um milliliðalaus sönnumarfærslu í sakamálum“ (október 2008) <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/frettir/Skyrsla_17.10.08.pdf>.

⁴¹ Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál, athugasemdir við 108. gr.

⁴² Telfner gegn Austurríki App nr. 33501/96 (ECtHR, 20. mars 2001).

⁴³ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 29.

⁴⁴ sama heimild.

⁴⁵ Eiríkur Tómasson, „Sitt er hvað, sönnunarbyrði og sönnunarmat: umfjöllun um dóm Hæstaréttar 20. október 2005 í máli nr. 148/2005“ (n. 24) 489.

gr. sml. Ef ákærvaldið hins vegar býr yfir svo sterkri sönnunarstöðu að hún nægir til sakfellingar þá skapast sú staða að ákærði eða verjandi hans þurfa að bregðast við með framlagningu sönnunargagna til að forða ákærða frá sakaráfalli.⁴⁶ Ef ákærði getur lagt fram sennilegar skýringar á atriðum er varða hina refsiverðu háttsemi þá leiðir það yfirleitt til þess að sönnunarbyrðin verður erfiðari fyrir ákærvaldið.⁴⁷

3.4 Sönnunarmat

Í flest öllum sakamálum er um einhver vafaatriði að ræða og kemur það í hlut dómara að meta og taka afstöðu til þess hvað þykir rétt og hvort ákærði sé sekur eða saklaus af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök.⁴⁸ Hérlandis gildir því meginreglan um frjálst sönnunarmat dómara en í þeirri reglu felst að dómari metur hvert sönnunargildi einstakra gagna málsins er og hvort það heildarmat nægi til sakfellingar.⁴⁹ Þessi regla kemur fram með skýrum hætti í 1. mgr. 109. gr. sml. og fjallað var um hér að framan. Dómari hefur því frjálsar hendur þegar kemur að því að meta hvað telst sannað í hverju máli og er því ekki bundinn af neinum fyrir fram ákveðnum reglum sem segja til um það hvernig sönnunarmatið eigi að fara fram.⁵⁰ Það sem reynir helst á við mat dómara á sönnun, er hvaða sönnunarkröfur eigi að gera í hverju tilviki. Líkt og fram kemur í fyrrgreindu ákvæði 109. gr. sml. mega ekki liggja fyrir skynsamleg rök sem vefengja það að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað sem honum er gefin að sök.⁵¹

Markmiðið með reglunni um frjálst sönnunarmat dómara er að komast að niðurstöðu sem er efnislega rétt og hið sanna í málinu. Þrátt fyrir að um sé að ræða frjálst sönnunarmat dómara eru honum settar ákveðnar skorður.⁵² Mat dómara á sönnunaratriðum verður að vera hlutlægt auk þess sem það verður að byggjast á málefnalegum rökum. Dómari má ekki byggja mat sitt á persónulegum skoðunum eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.⁵³ Þá má dómari ekki byggja niðurstöðu um sekt eða sýknu ákærða á öðrum gögnum en þeim sem teft hefur verið fram í málinu.⁵⁴

⁴⁶ sama heimild.

⁴⁷ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 29.

⁴⁸ Bogi Nilsson (n. 27) 342.

⁴⁹ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 33.

⁵⁰ Eiríkur Tómasson, „Sitt er hvað, sönnunarbyrði og sönnunarmat: umfjöllun um dóm Hæstaréttar 20. október 2005 í máli nr. 148/2005“ (n. 24) 490.

⁵¹ sama heimild.

⁵² Stefán Már Stefánsson (n. 2) 33.

⁵³ sama heimild 33–34.

⁵⁴ Eiríkur Tómasson, „Meginreglur sakamálaréttarfars“ (n. 23) 28.

3.4.1 Sönnunarmat á framburði vitna

Líkt og fram kom í kafla 3.4 hér að framan, þar sem fjallað er um sönnunarmat dómara, þá er það í höndum dómans að leggja mat á það hvort nægileg sönnun sé fram komin í sérhverju máli og hvort sönnunarkröfum sé uppfyllt. Það er þar af leiðandi hlutverk dómara að meta sönnunargildi framburðar vitnis, sbr. 126. gr. sml., en ákvæðið segir eftirfarandi:

Dómari metur sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn.

Ákvæðið telur upp í dæmaskyni nokkur atriði sem dómara ber að líta til við mat á sönnunargildi framburðar og eru sum þeirra harla matskennd, svo sem að meta ástand og hegðun einstaklings. Telja verður að þau atriði er ákvæðið telur upp hafi áhrif á trúverðugleika framburðar vitnis en með því að leggja mat á trúverðugleika framburðar er verið að reyna að varpa ljósi á sennileika eða áreiðanleika framburðarins.⁵⁵ Dómari verður að hafa ýmsa óvissuþætti í huga við mat á sönnunargildi framburðar. Til að mynda getur framburður vitnis hafa stafað af misskilningi eða minni þeirra verið slappt.⁵⁶ Í sumum tilvikum er eflaust greinilegt hvort um trúverðugan framburð sé að ræða á meðan að í öðrum tilvikum getur mat á því reynst gríðarlega erfitt, til dæmis þegar framburður er að hluta til trúverðugur en að öðru leyti ótrúverðugur. Niðurstaða dómara varðandi sönnun er þó yfirleitt byggð á heildarmati á framlögðum sönnunargögnum en ekki framburði einum og sér.⁵⁷

Framburður vitnis getur verið mikilvægt sönnunargagn varðandi málsatvik og þá sérstaklega í málum þar sem sakborningur neitar sök.⁵⁸ Því er mikilvægt að dómari meti trúverðugleika þess framburðar en í 7. mgr. 122. gr. sml. er lögð sú skylda á dómara að leitast eftir atriðum er geta haft áhrif á trúverðugleika vitnisins. Framburður vitnis er háður þremur atriðum. Í fyrsta lagi rétttri skynjun og túlkun á atburði, í öðru lagi hvernig aðili geymir atburðinn í minni sínu þangað til hann gefur skýrslu, og í þriðja lagi framsetningargáfur vitnisins, það er hvernig vitnið nær að tjá minningar sínar varðandi atburðinn.⁵⁹

⁵⁵ Ritstj. Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*. (Afmælisrit, Codex 2008) 442.

⁵⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 35.

⁵⁷ Eiríkur Tómasson, „Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu.“ [2002] *Úlfjótur* 91.

⁵⁸ Johs. Andenæs, *Norsk straffeprosess - samlet utgave ved Tor-Geir Myhrer* (4. útg., Universitetsforlaget 2009) 175.

⁵⁹ Símon Jóh. Ágústsson, „Framburður vitna“ [1961] *Úlfjótur* 4–6.

Þegar metinn er trúverðugleiki framburðar vitnis er helst litið til tveggja meginþátta. Annars vegar hæfni vitnisins til að láta í té áreiðanlegar upplýsingar. Í því sambandi verður að horfa til ýmissa atriða, til dæmis minni vitnis, vitsmunalegs þroska, svo sem greind, minnisgetu og tilhneigingu þess til að ýkja, persónuleikaeinkenni, svo sem geðnæmi, undirgefni og eftirlátsemi og andlegt ástand, meðal annars kvíða, áfallastreituröskun, sektarkennd og þunglyndi. Hins vegar þarf að líta til vilja vitnisins til að greina satt og rétt frá. Það felur í sér mat á vilja vitnisins til að beita blekkingum, til dæmis með því að leyna eða veita falskar upplýsingar.⁶⁰

Sönnunarmat dómara á framburði vitnis má skipta í mat á ytra og innra samræmi. Þessu til skýringar má líta til dóm Hæstaréttar Íslands frá 18. febrúar 2021 í máli nr. 30/2020 en þar kemur þessi skipting skýrt fram, en þar segir:

Af framangreindu leiðir að dómari verður að meta annars vegar innra samræmi framburðar ákærða jafnt sem brotþola með tilliti til þess hvort mótsagna gætir í frásögn og skýringum hvors um sig og á það jafnt við um innra samræmi í einstökum framburði og samræmi milli framburðar hvors um sig annars vegar hjá lögreglu og hins vegar fyrir dómi. Á sama hátt verður að meta ytra samræmi um hvernig framburður hvors um sig samræmist framburði vitna og öðrum þeim sönnunargögnum og upplýsingum sem komið hafa fram við málsmeðferðina. Á þessum grunni verður metið hversu trúverðugur framburður ákærða og brotþola er um einstök atriði sem áhrif geta haft við sakarmatið og hvaða áhrif niðurstaða þess mats hefur með tilliti til annarra beinna og óbeinna sönnunargagna sem fyrir liggja í málinu.

Af þessu virtu ber dómara í mati á ytra samræmi að meta það hvort framburður vitnis samræmist þeim sönnunargögnum er liggja til grundvallar í málinu. Þessu til stuðnings má líta til dóms Hæstaréttar Íslands frá 9. nóvember 2006 í máli nr. 244/2006. Í málinu var framburður eins vitnis metinn ótrúverðugur meðal annars í ljósi þess að hann samrýmdist ekki öðrum sönnunargögnum í málinu, þar á meðal vitnisburði varðstjóra og lögregluþjóns sem og frumskýrslu lögreglunnar er varðaði málið.

Varðandi mat á innra samræmi framburðar vitnis þá er sérstaklega kveðið á um það í 126. gr. sml. að samræmi sé eitt af þeim atriðum er dómari eigi að horfa til þegar hann metur trúverðugleika vitnisins. Í þessu sambandi má nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 7. apríl 2011 í máli nr. 504/2010 en þar var einstaklingur ákærður fyrir kynferðisbrot gegn sonardóttur sinni.

⁶⁰ Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd, Gísli Guðjónsson, og David Wolchover, *Witness Testimony: Psychological, Investigative and Evidential Perspectives*. (Oxford University Press 2006) 62–63.

Niðurstaða Hæstaréttar var að sýkna ákærða af þessum sakargiftum og vísar hann meðal annars til þess að framburður brotþola hafi ekki verið stöðugur innbyrðis í skýrslutökum. Þá tekur dómurinn það sérstaklega fram að hún hefði verið þrúspurð um atvik og í sumum tilvikum hefðu spurningarnar verið leiðandi. Af þessum dóm leiðir að ósamræmi í frásögn getur haft áhrif á trúverðugleika vitnis. Auk þess sem dómurinn bendir á ytri þætti sem höfðu áhrif á trúverðugleika hennar, það er skýrslutökuna. Einnig er þó vert að benda á annan dóm Hæstaréttar Íslands frá 23. nóvember 2013 í máli nr. 293/2013 en þar var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn dótturdóttur sinni. Dómurinn sagði eftirfarandi varðandi framburð brotþola:

Framburður hennar var skýr og skilmerkilegur miðað við aldur hennar og jafnframt stöðugur og í innbyrðis samræmi, þrátt fyrir að við skýrslutökuna væri farið nokkuð fram og til baka milli atburða. Nokkurs misræmis gætti varðandi ártöl og aldur hennar við hvert brotanna, sem ekki þykir þó til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar hennar þegar litið er til aldurs hennar.

Einnig stangaðist framburður brotþola að einhverju leyti á við framburð umsjónarkennara hennar og móður sem og vottorðs frá sálfræðingi brotþola. Dómurinn taldi þó ósamræmi það lúta að aukaatriði málsins og dró þar af leiðandi ekki úr trúverðugleika framburðar stúlkunnar. Að mati dómsins var ekkert sem benti til þess að stúlkann hafi verið að reyna hagræða framburði sínum heldur þótti ósamræmi þetta skýrast af því að minni stúlkunnar hafi brugðist. Af þessum dómi er það ljóst að það fer eftir því hvert ósamræmið er hvort það hafi áhrif á trúverðugleika vitnisins en það verður að hafa einhver raunveruleg áhrif á úrlausn málsins og er það væntanlega metið í hverju máli fyrir sig.

Breyttur framburður vitnis leiðir ekki endilega sjálfkrafa til þess að hann teljist ótrúverðugur. Skoða þarf í hverju tilviki hvaða ástæður liggja að baki breyttum framburði. Þessu til skýringar má líta til dóms Hæstaréttar Íslands frá 22. maí 2003 í máli nr. 11/2003 þar sem aðili var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fósturdóttir sinni og vinkonu hennar. Ákærði var sýknaður í héraði af þessum sakargiftum meðal annars á grundvelli þess að þær breyttu framburði sínum, ásamt tveimur unglingsdrenjum er voru vitni í málinu. Breyttur framburður brotþolanna laut að öðrum atriðum en meintu broti en þær ásamt unglingsdrenjunum tóku sig saman um að bera ranglega frá um þau atriði til að komast undan vandræðum gagnvart foreldrum sínum. Meirihluti héraðsdóms taldi breyttan framburð brotþolanna draga mjög úr trúverðugleika þeirra á meðan minnihlutinn taldi skýringar þeirra á fráhrarfi frá röngum framburði eðlilegar. Auk þess taldi minnihlutinn að atvik sem þetta ætti ekki að hafa áhrif á mat á trúverðugleika

framburðar stúlkanna. Niðurstaða Hæstaréttar var á sama veg og hjá minnihluta héraðsdóms, en Hæstiréttur féllst á það með ákærvaldinu að skýringar brotaþolanna á röngum framburði hafi verið skiljanlegar. Þá taldi Hæstiréttur, gagnstætt mati meirihluta héraðsdóms, að þetta ætti ekki að hafa áhrif á mat á trúverðugleika framburðar þeirra um ákæruatriði málsins. Á þeim grundvelli taldi Hæstiréttur niðurstöðu meirihluta héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi hafa verið ranga svo einhverju skipti um úrslit málsins. Hæstiréttur taldi því óhjákvæmilegt að ómerkja héraðsdóm og vísaði því málinu heim til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju.

Ljóst er að ákveðnar kröfur eru gerðar til gæða á framburði vitna svo hann geti talist trúverðugur. Í 126. gr. sml. er meðal annars kveðið á um að dómari skuli meta trúverðugleika framburðar út frá öryggi og skýrleika vitnis í svörum. Í þessu sambandi má meðal annars benda á dóm Landsréttar frá 5. mars 2021 í máli nr. 128/2020 þar sem aðili var ákærður í þremur ákæruliðum fyrir kynferðisbrot gegn stjúpdóttur sinni. Í málinu var framburður brotaþola talinn vera óstöðugur og misvísandi um tíma, stað og atvik að öðru leyti og fengi ekki stoð í þeim óbeinu sönnunargögnum er lágu fyrir í málinu. Því var ekki hægt að leggja framburð brotaþolans til grundvallar í málinu. Dómurinn taldi að ekki hafi verið komnar fram lögfullar sannanir um þær sakargiftir er ákærði var borinn um og sýknaði þar af leiðandi.

Ljóst er að framburður brotaþola og vitna getur verið gríðarlega mikilvægt sönnunargagn í sakamálum og sérstaklega í málum þar sem lítið sem ekkert er til af öðrum sönnunargögnum til að tefla fram. Til þess að unnt sé að leggja framburð brotaþola eða vitnis til grundvallar við dómsúrlausn þarf framburðurinn að fá eitthvert vægi og til þess þarf hann bæði að vera trúverðugur, stöðugur og skýr. Það kemur síðan ætíð í hlut dómara að meta hvort nægileg sönnun sé fram komin í málinu svo til sakfellingar komi.

3.5 Sönnunarkröfur

Hugtakið sönnunarkröfur hverfist um þann styrkleika sem sönnunargögn verða að búa yfir til þess að hægt sé að leggja tiltekið atvik eða tiltekna atburðarás til grundvallar í sakamáli.⁶¹ Í öllum málum eru því gerðar tiltekna kröfur til sönnunar.⁶²

⁶¹ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 31; Hans Gammeltoft-Hansen, *Strafferetspleje I* (2. útgáfa, Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1998) 90.

⁶² Stefán Már Stefánsson (n. 2) 31.

Eins og fram kom í kafla 3.3 hvílir sönnunarbyrðin ávallt á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. sml., 2. mgr. 70. gr. stjkskr. og 2. mgr. 6. gr. MSE. Ákvæði þessi gera þó engar ákveðnar kröfur til sönnunar. Hérlendis eru kröfur um styrkleika sönnunargagna í sakamálum metnar út frá dómaframkvæmd, fræðiskrifum og meginreglum laga. Sönnunargögn í sakamáli mega því ekki vera með þeim hætti að unnt sé að vefengja með skynsamlegum rökum að ákærði hafi framið þann refsiverða verknað er honum er gefin að sök. Það er því ljóst að ríkar sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum, en þó er ávallt möguleiki á áfellisdómi þótt fyrir liggi einhver vafi um sekt ákærða svo lengi sem sá vafi telst ekki skynsamlegur í samhenginu sem hann er metinn í. Þessar ríku sönnunarkröfur ná til verknaðarins sjálfs sem og huglægrar afstöðu ákærða til hans. Óljóst þykir þó að hvaða marki þessar ríku sönnunarkröfur eigi við um ákvörðun refsingar og réttarfarsatriði en talið er að meginregla þessi standi nema gildar ástæður mæli á móti því.⁶³

Þar sem sönnunarkröfur í sakamálum er hryggjarstykki í rannsóknarefni þessarar ritgerðar, verður hér látið staðar numið að sinni í umfjöllun um regluna. Henni verður gerð ítarleg skil í 6. kafla ritgerðarinnar.

4. Fötlun – andlegar og líkamlegar skerðingar

Líkt og ritgerðarheitið gefur til kynna varðar rannsóknarefnið sönnunarkröfur í sakamálum þar sem í hlut eiga fatlaðir brotþólar. Mikilvægt er því að gera grein fyrir hugtakinu fötlun og skilgreina hvaða skerðingar það eru sem falla undir hugtakið og ritgerðarefnið tekur til. Þessi skilgreiningaratriði munu varpa betur ljósi á það hvaða áhrif þessar skerðingar hafa á getu og skilning fatlaðra þegar kemur að rannsókn sakamála og meðferðar máls fyrir dómi.

Bæði íslenskar sem og erlendar rannsóknir gefa til kynna að fatlað fólk sé í sérstökum áhættuhópi sem þólendur ofbeldis þar sem meiri líkur eru á að fatlað fólk verði fyrir ofbeldi heldur en aðrir.⁶⁴ Þar af eru einstaklingar með geðræna erfiðleika og þroskahömlun í mestri áhættu. Þá eru þeir einstaklingar sem eru í aðgreindum þjónustuúrræðum, svo sem á stofnunum, sambýlum, og þeir sem nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra í sérstakri áhættu.⁶⁵ Ungar fatlaðar konur eru líka enn líklegri til þess að verða fyrir kynferðisbroti heldur en aðrir. Þá benda íslenskar rannsóknir til þess að í meirihluta tilvika eru gerendur ekki sóttir til saka og ekki

⁶³ sama heimild.

⁶⁴ Ríkislögreglustjóri, greiningardeild (n. 7) 3.

⁶⁵ Rannveig Traustadóttir og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir (n. 8).

dæmdir fyrir ofbeldisbrot sem framin hafa verið gegn fötluðum einstaklingum.⁶⁶ Í ljósi þess miðar rannsóknarefni ritgerðarinnar að því að varpa ljósi á hvort sönnunarkröfur í sakamálum er varða fatlaða einstaklinga séu það strangar að þau njóti ekki refsiverndar til jafns við aðra, þar sem sekir komast ætíð hjá því að verða beittir viðurlögum.

4.1 Hugtakið fötlun

Hinn almenni skilningur á hugtakinu fötlun er sá að fatlaður einstaklingur sé hluti af hóp sem er ekki fær um að taka þátt í almennum athöfnum daglegs lífs, vegna líkamlegra eða andlegra skerðinga sem hann býr við. Fötlunarfræði nútímans hefur hafnað þessari skilgreiningu á hugtakinu og vísar á bug því sjónarmiði að fötlun sé einstaklingsbundið vandamál. Þess í stað er talið að ótal þættir í umhverfinu, svo sem félagslegar, efnahagslegar og menningarlegar hindranir, takmarki möguleika fatlaðra til að taka þátt í samfélaginu.⁶⁷

Í 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks⁶⁸ er fötlun skilgreind með eftirfarandi hætti:

Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

Þá er einnig að finna skilgreiningar á fötlun í íslenskum lögum, en í 1. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, er hugtakið skilgreint á eftirfarandi hátt:

Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunandi vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.

Svo er í 2. tl. sama ákvæðis kveðið á um að fatlað fólk séu einstaklingar með langvarandi líkamlega, geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun sem verður fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra ef aðstoðar nýtur ekki við.

⁶⁶ Ríkislögreglustjóri, greiningardeild (n. 7) 3.

⁶⁷ Rannveig Traustadóttir, *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. (Háskólaútgáfan 2006) 7.

⁶⁸ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (samþykktur 13. desember 2006, tók gildi 2008) Stjtið. C.

Samkvæmt skýrslu sem unnin var af starfshópi ríkissaksóknara árið 2018 um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða kom fram að það þurfi sérstaklega að taka tillit til einstaklinga með skerðingar á borð við þroskahömlun, einhverfu, sjón- eða heyrnarskerðingu eða geðræna sjúkdóma.⁶⁹ Telja verður að svo sé vegna þeirra áhrifa sem fatlanir þessar hafa á stöðu og skilning þeirra þegar kemur að rannsókn og meðferð sakamála fyrir dómi. Þar sem ritgerðin snýr sérstaklega að fötluðum einstaklingum er nauðsynlegt að fjalla nánar um þessar fatlanir og þau áhrif sem þær hafa á einstaklinga.

4.1.1 Þroskahömlun

Þroskahömlun einkennist aðallega af skerðingu í vitsmunapróska og aðlögunarfærni. Mat á þroskahömlun fer fram með stöðluðum greindarprófum og mati á aðlögunarfærni. Hér á landi er stuðst við flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (e. World Health Organization, WHO) þegar kemur að greiningu á þroskahömlun. Flokkunarkerfið, ICD 10, skiptir þroskahömlun í fjögur stig, það er hversu mikil þroskahömlun er, miðað við greindarvísitölu.⁷⁰ Sjá töflu.

Stig þroskahömlunar	Greindarvísitala
Væg þroskahömlun	50-69
Miðlungs þroskahömlun	35-49
Alvarleg þroskahömlun	20-34
Djúp þroskahömlun	<20

Tafla 1 – ICD 10 flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.⁷¹

Helstu einkenni þroskahömlunar eru seinn hreyfifroski og málþroski, erfiðleikar í félagslegum samskiptum og miklir námserfiðleikar. Þó er þetta mjög einstaklingsbundið og því mikill munur á milli einstaklinga. Einstaklingar með þroskahömlun hafa alltaf ákveðna styrkleika og veikleika í þroska. Algengt er að þroskahamlaðir einstaklingar greinist einnig með ákveðnar

⁶⁹ Ríkissaksóknari, „Skýrsla starfshóps um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða.“ (2018) 18 <<https://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Fatladir-og-kynferdisbrot-skyrsla-starfshops-rikissaksoknara.pdf>>.

⁷⁰ Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, „Þroskahömlun“ (*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*) <<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/throskahamlanir>>.

⁷¹ sama heimild.

fylgiraskanir, svo sem geð- og hegðunarraskanir. Algengustu raskanirnar eru ofvirkniröskun, kvíðaraskanir og þunglyndi.⁷²

Þroskahömlun er algengasta fötlunargreiningin en 1-2% barna eru með þroskahömlun. Það þýðir að héraendis eru 40-90 börn í hverjum árgangi með þroskahömlun en hún getur orsakast af ýmsum ástæðum, en í flestum tilfellum er ekki hægt að finna umrædda orsök. Um líffræðilega vanda getur verið að ræða eða einhvers konar frávik í taugaþroska, erfðir eða litningarfrávik, til dæmis downs-heilkenni en einnig getur þroskahömlun verið afleiðing áfalls, svo sem sjúkdóma eða slysa.⁷³

4.1.2 Einhverfa og einhverfuróf

Einhverfa er röskun í taugaþroska og einkennist þannig að heilinn þroskast ekki á dæmigerðan hátt. Oftast nær hefst sú atburðarás á fósturstigi en getur þó haldið áfram eftir fæðingu. Óvenjuleg heilastarfsemi sem þessi getur birst í ákveðinni hegðun sem síðan breytist með þroska sem og aldri.⁷⁴

Algeng einkenni einhverfu er takmörkuð færni í samskiptum og sérstakri skynjun, endurtekningarsöm hegðun og afmörkuð áhugasvið. Þetta birtist þó á margvíslegan og mismunandi hátt milli einstaklinga. Sem dæmi um einkenni varðandi félagslega hlutann er skortur á augnsambandi, sérstök viðbrögð við fólki og áreitum sem koma frá umhverfinu og óvenjuleg svipbrigði. Í boðskiptum skortir oft upp á bendingar og látbragð, ímyndunarleik, eftirhermu og gagnkvæmni í samræðum. Einnig eru oft ákveðin sérkenni í talsmáta einhverfs einstaklings, líkt og sífelldar endurtekningar, fornafnarugl, nýyrðasmíð og jafnvel sérstök máltjáning. Varðandi endurtekningarsama hegðun einhverfs einstaklings þá getur hún til dæmis komið fram í þröngu eða sérstöku áhugasviði, þar sem áhuginn verður oft það ákafur að hann leiðir til hindrana í samskiptum við aðra. Einhverfir einstaklingar vilja oftast hafa óvenjulega föst kerfi fyrir athafnir og getur það leitt til mikils uppnáms fyrir viðkomandi ef slíkt kerfi fer aðeins úr skorðum. Þessir einstaklingar hafa að auki oft óvenjulega skynjun, það er annað hvort ofur mikla næmni eða mjög litla. Til þess að einstaklingur greinist með röskun á einhverfurófi þarf ákveðinn fjölda og styrk einkenna og þau þurfa að vera á þann veg að þau

⁷² sama heimild.

⁷³ sama heimild.

⁷⁴ Evald Sæmundsen og Þóra Leósdóttir, „Einhverfa og einhverfuróf“ (*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*, 2017) <<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/einhverfurofid>>.

eru hamlandi fyrir einstakling í daglegu lífi. Helstu orsök einhverfu skýrast út frá erfðum, en þær geta verið margvíslegar.⁷⁵

Rannsóknir sýna að einhverfa er frekar algeng fötlun og fer algengi hennar yfir 2%. Þá hafa íslenskar rannsóknir sýnt verulega aukningu á einhverfugreiningum hérlendis, en þó ríkir enn óvissa um það hvers vegna aukning þessi á sér stað. Það kann þó að skýrast að einhverju leyti á nýjum skilgreiningum og fleiri flokkum einhverfu ásamt því að nú til dags eru til betri greiningaraðferðir og þekking á einhverfurófi er almennt betri.⁷⁶

4.1.3 Sjón- og heyrnarskerðing

Sjón- og heyrnarskerðing telst til fötlunar, enda um að ræða skerðingu á skynfærum.⁷⁷ Þegar mikilvægustu skynfæri líkamans virka ekki eins og eðlilegt þykir, skerðast lífsgæði sem og hæfni til aðlögunar á ýmsan hátt.⁷⁸ Helstu áhrif sjón- og heyrnarskerðingar er minni félagsvirkni sem lýsir sér þannig að einstaklingar með þessa fötlun eru líklegri til þess að einangra sig, verða oft óöruggir og þunglyndir.⁷⁹ Einnig eiga þessir einstaklingar oft í samskiptaerfiðleikum,⁸⁰ enda samskipti við aðra miklum takmörkunum háð.

Eitt af hverjum þúsund börnum sem fæðast hér á landi eru með galla í augum, sjóntaugum eða sjónstöðvum heilans. Það þýðir að um það bil fimm til sex sjónskert börn fæðast á hverju ári hérlendis og þar af eru eitt til tvö blind. Orsök sjónskerðingar geta verið ólík en skaði eða áverki í miðtaugakerfinu er helsta orsök hjá þeim börnum sem greinast sjónskert eða blind hérlendis, það er sjónvinnsla í heila er skert en augun eru heil.⁸¹

Um 10-12% einstaklinga á Íslandi undir fimmtugu eru með heyrnarskerðingu sem veldur þeim einhverjum vandkvæðum. Þetta hlutfall eykst svo verulega með hækkandi aldri.⁸² Helstu orsök

⁷⁵ sama heimild.

⁷⁶ sama heimild.

⁷⁷ Gylfi Baldursson, „Heyrnarskerðing“ (*Persóna*)

<<https://persona.is/index.php?template=print&action=articles&method=display&aid=118&pid=18>>; Sólveig Sigurðardóttir, „Blinda og sjónskerðing“ (*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*, 2011)

<<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/blinda-og-sjonskerding>>.

⁷⁸ Tryggvi Sigurðsson, „Blinda og alvarleg sjónskerðing“ (*Persóna*)

<<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=119&pid=18>>.

⁷⁹ sama heimild; Gylfi Baldursson (n. 77).

⁸⁰ „Einkenni og áhrif heyrnarskerðingar“ (*Heyrnartæki*) <<https://www.heyρνartækni.is/frodleikur/einkenni-og-ahrif-heyρνarskerdingar/>>.

⁸¹ Sólveig Sigurðardóttir (n. 77).

⁸² Gylfi Baldursson (n. 77).

heyrnarskerðingar er hækkandi aldur en einnig erfðir og umhverfi. Sumir einstaklingar fæðast með veikbyggðar heyrnarfrumur sem leiðir til þess að þeir verða mjög heyrnarskertir eða jafnvel heyrnarlausir. Umhverfið getur líka haft talsverð áhrif, svo sem hávaði, ýmsir sjúkdómar, sýkingar, ákveðin lyf og áverkar.⁸³

4.1.4 Geðfötlun

Engin almenn alþjóðleg skilgreining er til á hugtakinu geðfötlun en einstaklingur sem er með geðfötlun glímur við einhvers konar geðröskun eða geðraskanir sem valda því að viðkomandi þarf talsverðan stuðning til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Þá er geðröskun einstaklings þess eðlis að hún telst til fötlunar.⁸⁴ Félagsmálaráðuneytið hefur skilgreint geðfötlun með eftirfarandi hætti:

Með hugtakinu geðfötlun er átt við það ástand sem skapast við langvinna, alvarlega geðröskun og hefur í för með sér skerta færni til sjálfstæðrar búsetu, atvinnu eða virkrar þátttöku í samfélaginu að öðru leyti. Af því leiðir þörf fyrir fjölpætta þjónustu og stuðning sem ætla má að verði í mörgum tilvikum til langframa.⁸⁵

Einstaklingur þarf því að hafa glímt við geðröskun í ákveðið langan tíma svo hann teljist geðfatlaður. Í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem og íslenskum lögum er kveðið á um ákveðin réttindi fyrir einstaklinga með geðfötlun eða geðraskanir. Ljóst er þó að réttarstaða einstaklinga með geðfötlun er töluvert betri en þeirra sem eru aðeins með geðröskun, en þeir fyrrnefndu eiga rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra sem og annarra laga sem ná aðeins til fatlaðs fólks. Einstaklingar sem eru með geðröskun eru þó ekki réttindalausir þegar kemur að hinu opinbera en réttindum þeirra er þó ekki til að dreifa í lögum um fatlaða líkt og þegar kemur að réttindum geðfatlaðra.⁸⁶ Þar sem geðfötlun er langvinn geðröskun verður hér gerð frekari skil á því hvað telst til geðraskanana þar sem skilgreiningin á hugtakinu geðfötlun gefur það ekki til kynna.

⁸³ „Heyrnarskerðing“ (*Heilsuvera*, 2020) <<https://www.heilsuvera.is/markhopar/sjukdomar-fravik-einkenni/heyrnarskerding/>>.

⁸⁴ Réttindagátt, „Skilgreining á geðfötlun“ (*Réttindagátt*) <<https://rettindagatt.is/skilgreining-a-gedfotlun/#heimildir>>.

⁸⁵ Félagsmálaráðuneytið, „Þjónusta við geðfatlað fólk. Stefna og framkvæmdaáætlun vegna átaks félagsmálaráðuneytisins 2006- 2010“ (2006) <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/gefatladir/thjonusta_gefatladir_neww_st.pdf>.

⁸⁶ Réttindagátt, „Skilgreining á geðröskun“ (*Réttindagátt*) <<https://rettindagatt.is/gedraskanir-yfirlit/skilgreining-a-gevroskun/>>.

4.1.4.1 Geðröskun

Geðröskun er þegar um er að ræða einhvers konar röskun á geðheilbrigði einstaklings.⁸⁷ Til eru margar skilgreiningar á því hvað hugtakið geðröskun felur í sér en engin þeirra hefur þó verið fullkomlega tekin í sátt. Flestar hafa þær það þó sameiginlegt að þær kveða á um frávik, vanlíðan, vanvirkni og hættu, og hafa þessi hugtök búið til ákveðið mynstur hvað felst í geðröskunum.⁸⁸ Enga sérstaka skilgreiningu er að finna á hugtakinu geðröskun í íslenskum lögum. Félagsmálaráðuneytið hefur þó notast við eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu: „Einstaklingur búi við andlegan líðan eða ástand sem skerðir möguleika hans til lífsgæða, tilfinningalegra og/eða félagslegra samskipta, þátttöku í námi eða starfi eða virkni í samfélaginu að öðru leyti.“⁸⁹

Geðraskanir eru gífurlega algengar en þetta er einn algengasti heilsufarsvandi sem hrjáir hverja einustu þjóð.⁹⁰ Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru allt að 22-24% íbúa vestrænna landa, með einhvers konar geðheilbrigðisvanda einhvern tímann á lífsleiðinni. Það þýðir að fjórði til fimmti hver einstaklingur á Íslandi þjáist af geðröskun einhvern tíma á ævi sinni.⁹¹ Helstu einkenni geðraskana er mikill kvíði, ótti og þjáning, líkamleg einkenni eins og lítil sem engin matarlyst og einkenni frá taugakerfi líkamans, svo sem svefntruflanir, margvíslegar truflanir á hegðun, samskiptum og tengslum við aðra, breytingar á geðslagi, til að mynda ofskynjanir og ranghugmyndir, einangrun, ofsaköst, sjálfvígshugleiðingar og vonleysi.⁹² Einkennin geta þó verið eins misjöfn og geðraskanirnar eru margar, en allar eiga þær það sameiginlegt að hrjá einstakling og hans daglega líf. Ýmsir félagslegir, geðrænir og líffræðilegir þættir geta haft áhrif á geðheilsu fólks. Orsakir geðraskana eru því ekki einungis innra með fólki, heldur getur umhverfið einnig verið orsakavaldur.⁹³

5. Rannsókn sakamála þegar kemur að fötluðum brotaþolum

Það eru sterkar vísbendingar um það að fatlaðir einstaklingar sem verða fyrir ofbeldi njóti ekki verndar réttarkerfisins til jafns við ófatlaða. Ástæða þess er talin vera sú að ekki sé tekið tillit

⁸⁷ Geðhjálp, „Almennt um geðraskanir“ (*Geðhjálp*) <<https://gedhjalp.is/fraedsla/>>.

⁸⁸ Ronald J. Comer og Jonathan S. Comer, *Fundamentals of abnormal psychology* (núnda útgáfa, Worth Publishers 2019) 2.

⁸⁹ Félagsmálaráðuneytið (n. 85) 26.

⁹⁰ sama heimild 28.

⁹¹ Geðhjálp (n. 87).

⁹² sama heimild.

⁹³ Réttindagátt (n. 86).

til þeirra sérstöku aðstæðna er þessi hópur býr við.⁹⁴ Við rannsókn sakamála er því nauðsynlegt að taka tillit til fjölbreytileika samfélagsins og ólíkra þarfa fólks. Því er mikilvægt að þeir sem starfa innan réttarvörslukerfisins, og þá sérstaklega rannsakendur, hafi þá þekkingu sem til þarf til að mæta þeim þörfum og séu meðvitaðir um fordóma, staðalímyndir og forréttindi. Tryggja þarf að einstaklingar sem eru með fötlun, á borð við þær sem fjallað er um í kafla 4.1 hér að framan, fái viðeigandi aðlögun og stuðning þannig þeirra þörfum sé mætt. Réttarkerfið þarf því að aðlaga sig að ólíkum þörfum mismunandi einstaklinga og hópa þannig að jafnræði sé tryggt við meðferð sakamála.⁹⁵

5.1. Gildandi réttur

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þann 13. desember 2006. Markmið samningsins er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess. Samningur þessi kveður á um bann við hvers konar mismunun á grundvelli fötlunar, og á að stuðla að því að fötluðu fólki sé tryggð jöfn og árangursrík réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum. Ísland er aðili að samningi þessum og undirritaði hann þann 30. mars 2007 og fullgilti síðan 23. september 2016.⁹⁶ Þann 3. júní 2019 var samþykkt með þingsályktun að samningurinn ætti að vera lögfestur fyrir 13. desember 2020 en sú lögfesting hefur enn ekki átt sér stað.⁹⁷ Ísland hefur þó með fullgildingu samningsins skuldbundið sig að þjóðarétti til þess að uppfylla skuldbindingar samningsins.⁹⁸ Dómsmálaráðherra lagði fram þingsályktunartillögu um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks⁹⁹ sem samþykkt var þann 11. maí 2021.¹⁰⁰

Í 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks¹⁰¹ er kveðið á um skyldu aðildarríkis til að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar. Síðan er upptalið í níu stafliðum hvaða

⁹⁴ Þroskahjálp, „Vernd fatlaðs fólks í réttarkerfinu“ (*Þroskahjálp*, nóvember 2015) <<https://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/verndfatladsfolksirettarkerfinu>>.

⁹⁵ Ríkissaksóknari (n. 69) 18.

⁹⁶ Stjórnarráð Íslands, „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“ (*Stjórnarráðið*) <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/rettindi-fatlads-folks/>>.

⁹⁷ Alþt. 2018-2019, A- deild, þskj. 1690- 21. mál.

⁹⁸ Ríkissaksóknari (n. 69) 15.

⁹⁹ Alþt. 2020-2021, A- deild, þskj. 960- 568. mál.

¹⁰⁰ Alþt. 2020-2021, A- deild, þskj. 1402- 568. mál.

¹⁰¹ Skammstafað hér eftir sem srff.

skuldbindingar þetta eru. Þar er meðal annars í a-lið kveðið á um skyldu aðildarríkis til að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja að þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum, nái fram að ganga. Í b-lið er lögð sú skylda á aðildarríki að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, svo að gildandi lög, reglur, venjur og starfshættir, sem fela í sér einhvers konar mismunun gagnvart fötluðum, verði breytt eða afnumin. Þegar kom að fullgildingu samningsins hér á landi var farin sú leið að aðlaga íslenska löggjöf að skuldbindingum hans.¹⁰² Við þann undirbúning fór fram ítarleg greining á ákvæðum samningsins af hálfu innanríkisráðuneytisins og í kjölfarið var íslensk löggjöf löguð að einhverju leyti að ákvæðum samningsins.¹⁰³ Í greinargerð innanríkisráðuneytisins um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem gefin var út 23. apríl 2013, er tekið sérstaklega fram að huga þurfi að breytingum á ákvæðum laga um meðferð sakamála með hliðsjón af ákvæðum samningsins þegar kemur að aðkomu fatlaðra að réttarkerfinu.¹⁰⁴ Þær breytingar hafa enn ekki átt sér stað. Íslands á því nokkuð í land með að tryggja fötluðum einstaklingum þau réttindi sem samningurinn kveður á um.¹⁰⁵

Íslenskur réttur byggist á kenningunni um tvíeðli, en þá er litið á þjóðarétt og landsrétt sem tvö aðskilin réttarkerfi.¹⁰⁶ Það er þó viðurkennd regla í íslenskum rétti að tryggja að innlend lög fari ekki í bága við fullgildan þjóðréttarsamning og því beri landsrétti að skýra innlend lög í samræmi við þjóðarétt, svo sem kostur er á. Þá skulu dómstólar taka mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum við túlkun laga.¹⁰⁷ Þess ber þó að geta að einstaklingar geta ekki beitt ákvæðum alþjóðasamnings fyrir íslenskum dómstólum ef samningurinn hefur ekki verið lögfestur hérlandis. Að sama skapi geta íslenskir dómstólar ekki dæmt á grundvelli ólögfesta alþjóðasamninga, þó þeim beri skylda til að túlka innlend lög í samræmi við þá.¹⁰⁸

¹⁰² Alþt. 2015-2016, A- deild, þskj. 1637- 865. mál.

¹⁰³ Ríkissaksóknari (n. 69) 16.

¹⁰⁴ Innanríkisráðuneytið, „Greinargerð um fullgildingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“ (23. apríl 2013) 4 <<https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2015/lokaeintak-af-greinargerd-fylgiskjal-2.pdf>>.

¹⁰⁵ Brynhildur G. Flóvenz, „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“ [2019] Úlfjótur 7.

¹⁰⁶ Björg Thorarensen, „Tengsl þjóðaréttar við íslenska stjórnslu og áhrif alþjóðasamninga á íslenskan rétt.“ [2012] Úlfjótur 276.

¹⁰⁷ sama heimild 280.

¹⁰⁸ Mannréttindaskrifstofa Íslands, „Einedli og tvíeðli“ (*Human rights*) <<https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindahugtakid/einedli-og-tviedli>>.

Samningurinn kveður á um skyldur aðildarríkja til að gera viðeigandi aðlaganir að þörfum fatlaðra. Til að mynda er í 5. gr. srff. kveðið á um jafnrétti og bann við mismunun, en í 2. mgr. ákvæðisins er lögð sú skylda á aðildarríki að tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum. Þá er einnig í 1. og 2. mgr. 13. gr. srff. aðgangur fatlaðra að réttarvörslukerfinu sérstaklega tryggður en þar segir:

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum til jafns við aðra, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir árangursríkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þ.m.t. á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.

Í því skyni að tryggja fötluðu fólki árangursríkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.

Ákvæði þetta er í samræmi við 12. gr. srff. sem kveður á um jafna viðurkenningu fyrir lögum. Sérstök nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur ytra eftirlit með samningnum (e. United Nations Committee on the Rights of Persons with Disabilities) og er hlutverk hennar að fylgjast með framkvæmd samningsins og gefa almennar athugasemdir (e. General Comments) sem oftast lúta að einstökum samningsákvæðum og túlkun þeirra.¹⁰⁹ Í almennum athugasemdum eftirlitsnefndarinnar um 12. gr. er að finna frekari túlkun á 13. gr. srff. og er því um ákveðin tengsl á milli þessara ákvæða að ræða.¹¹⁰ Þar kemur meðal annars fram að svo fatlaðir geti notið jafnræðis fyrir dómstólum verða þessir einstaklingar að njóta viðurkenningar sem persónur að lögum og hafa aðgang til jafns við aðra að fyrirsvári lögmans. Þá bendir eftirlitsnefndin sérstaklega á að tryggja þurfi að þeir sem hafa fyrstu samskipti við fatlaða einstaklinga, svo sem lögreglumenn, starfsfólk í félagsþjónustu og aðrir, viðurkenni réttindi þeirra til jafns við aðra og taki jafnt mark á kvörtunum og yfirlýsingum frá fötluðum sem og ófötluðum. Ákvæði 12. gr. srff. tryggir fötluðum aðstoð til þess að njóta lagalegra réttinda. Aðstoð þessi getur verið af ýmsu tagi, svo sem viðurkenning á breytilegum tjáningaraðferðum, aðlögun málsmeðferðarreglna eða notkun táknmáls túlkunar. Nauðsynlegt er því að starfsfólk dómstóla sé þjálfað og að þeir viðurkenni gerhæfi fatlaðra einstaklinga, svo sem þegar kemur að hæfi og aðild.¹¹¹ Almennar athugasemdir nefndarinnar eru þó ekki bindandi fyrir aðildarríki en þó er viðurkennt að þær hafi ákveðið vægi varðandi túlkun á mannréttindum og þeim

¹⁰⁹ Brynhildur G. Flóvenz (n. 105) 7.

¹¹⁰ United Nations Committee on the Rights of Persons with Disabilities, „General comment No. 1 (2014): Article 12: Equal recognition before the law“ UN CRPD 11th session (19. maí 2014) UN doc CRPD/C/GC/1.

¹¹¹ Ríkissaksóknari (n. 69) 17.

skuldbindingum sem kveðið er á um í samningnum, en þær veita aðildarríkjunum leiðbeiningar og ákveðin viðmið þegar kemur að framkvæmd réttinda og innleiðingu þeirra á réttan hátt.¹¹²

Varðandi túlkun eftirlitsnefndarinnar á 13. gr. srff. má líta til tveggja kærumála er fóru fyrir nefndina. Í ákvörðun eftirlitsnefndarinnar í máli nr. 11/2013 frá 25. maí 2016 var meðal annars fallist á að skortur á táknmálstúlkaþjónustu væri brot gegn 1. mgr. 13. gr. srff., bæði sem sjálfstætt brot og einnig í tengslum við önnur ákvæði, svo sem 3., 5. og 29. gr. samningsins.¹¹³ Í ákvörðun eftirlitsnefndarinnar í máli nr. 7/2012 frá 10. október 2016 var síðan fallist á að brotið hafi verið gegn 13. gr. srff. og einnig gegn 2. og 3. mgr. 12. gr., en í málinu hafði einstaklingur með þroskaskerðingu ekki notið réttar til að lýsa yfir sakleysi sínu og fá skorið úr um sekt sína eða sakleysi fyrir dómstólum. Var því talið að hann hafi ekki fengið að njóta aðgangs að dómstólum og að brotið hafi verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar.¹¹⁴

Ákvæði 1. mgr. 16. gr. srff. lútir að ákveðinni réttarvernd fyrir fatlaða en þar er sérstaklega fjallað um að aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á meðal annars sviði löggjafar og stjórnsýslu í því skyni að vernda fatlað fólk fyrir hvers kyns misnóttun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum. Þá er einnig í 5. mgr. sama ákvæðis kveðið á um að aðildarríki skulu taka upp árangursríka löggjöf og stefnu til þess að tryggja að misnotkun í gróðarskyni, ofbeldi og misþyrmingar, sem beinast gegn fötluðu fólki, verði greindar, rannsakaðar og eftir atvikum ákært vegna þeirra.

Vert er þó að nefna að valkvæður viðauki við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var einnig undirritaður af Íslands hálfu þegar samningurinn sjálfur var undirritaður, þann 30. mars 2007. Samkvæmt þeim viðauka geta einstaklingar sem telja að á sér hafi verið brotið, leitað til eftirlitsnefndarinnar að uppfylltum tilteknum skilyrðum og fengið álit nefndarinnar þar um.¹¹⁵ Viðauki þessi hefur þó ekki verið fullgiltur hér á landi þrátt fyrir að í þingsályktun um fullgildingu samningsins, sem samþykkt var 20. september 2016, sé kveðið á um að hann

¹¹² Stig Langvad og Marite Decker, „The Purpose and Use of UN Treaty Body General Comments“ (*European Network on Independent living*) <<https://enil.eu/news/the-purpose-and-use-of-un-treaty-body-general-comments/>>.

¹¹³ UN Committee on the Rights of Persons with Disabilities, „Views adopted by the Committee under article 5 of the Optional Protocol, concerning communication No. 11/2013“ (25. maí 2016) CRPD/C/15/D/11/2013.

¹¹⁴ UN Committee on the Rights of Persons with Disabilities, „Views adopted by the Committee under article 5 of the Optional Protocol, concerning communication No. 7/2012“ (10. október 2016) CRPD/C/16/D/7/2012.

¹¹⁵ Brynhildur G. Flóvenz (n. 105) 3.

skuli vera fullgiltur fyrir árslok 2017.¹¹⁶ Viðaukinn gildir því ekki gagnvart Íslandi.¹¹⁷ Af þeim sökum verða málum sem upp koma hérlendis ekki skotið til eftirlitsnefndarinnar.

Þegar kemur að rannsókn sakamála þar sem viðkvæm vitni eiga í hlut, svo sem fatlaðir, er engum sérákvæðum að tefla í lögum um meðferð sakamála. Nokkur ákvæði í fyrrnefndum lögum koma þó til skoðunar í því sambandi, en það eru ákvæði 59. gr., 63. gr., 111. gr. og 123. gr. sml. og fjalla þau öll um skýrslutökur.¹¹⁸ Þann 19. mars 2021 lagði dómismálaráðherra þó fram drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem snúa allar að réttarstöðu brotaþola, fatlaðra og aðstandenda.¹¹⁹ Af því gefnu verður fjallað um ákvæðin eins og þau eru lögfest í dag og þau borin saman við þær tillögur er koma fram í umræddu frumvarpi.

Fjallað var með almennum hætti um 59. gr. sml., hér að ofan, í kafla 2.1 um skýrslutökur við rannsókn sakamála. Hér er c-liður 1. mgr. ákvæðisins þó aðeins til umfjöllunar. Í ákvæðinu kemur meðal annars fram að skýrslutaka yfir brotaþola og vitnum fari fram fyrir dómi, á meðan rannsókn stendur, ef það er talið æskilegt með tilliti til hagsmuna þeirra. Hagsmunir brotaþola eða vitna geta því réttlætt það að skýrslur séu teknar fyrir dómi á rannsóknarstigi til þess að hlífa þeim við því að þurfa að gefa skýrslu oftar en einu sinni í málinu.¹²⁰ Auk þess sem það er ekki síður mikilvægt að taka skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi af fötluðum brotaþola þar sem langur tími getur liðið frá því meint brot átti sér stað þar til brotaþoli gefur skýrslu við aðalmeðferð málsins. Framburður brotaþola getur þannig litast af því hversu langt er um liðið, til að mynda geta ákveðin atriði í tengslum við brotið verið fallinn í gleysku. Með því tapast mikilvæg atriði og er framburður brotaþola því ekki eins áreiðanlegur sökum þess. Þá getur einnig fötlun brotaþola aukið þessi áhrif sem tíminn hefur á áreiðanleika framburðarins. Ákvæði 1. mgr. 59. gr. sml. hefur áður verið beitt í tengslum við skýrslutöku af fötluðum brotaþolum á rannsóknarstigi, og það með vísan til c-liðar ákvæðisins.¹²¹ Í þessu sambandi má nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 15. júní 2017 í máli nr. 433/2016 sem varðaði meint kynferðisbrot bílstjóra hjá Ferðaþjónustu fatlaðra gegn andlega fatlaðri konu en ákærði var sýknaður af þessum sakargiftum. Hæstiréttur gerði athugasemd við að ekki hafi verið nýtt

¹¹⁶ Alþt. 2015-2016, A- deild, þskj. 1693- 865. mál.

¹¹⁷ Brynhildur G. Flóvenz (n. 105) 7.

¹¹⁸ Ríkissaksóknari (n. 69) 9.

¹¹⁹ Alþt. 2020-2021, A- deild, þskj. x - x. mál. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotaþola, fatlaðra og aðstandenda).

¹²⁰ Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál, athugasemdir við 59. gr.

¹²¹ Ríkissaksóknari (n. 69) 10.

heimild c-liðar 1. mgr. 59. gr. sml. til þess að taka skýrslu fyrir dómi af brotþola við rannsókn málsins, sem var að mati dómsins brýnt vegna þroskaskerðingar hennar. Í dóminum kom fram að slík skýrsla hefði verið betur til þess fallin að upplýsa um atvik máls heldur en sú sem tekin var við aðalmeðferð málsins sem fór fram þremur árum síðar. Síðan má einnig nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 8. september 2016 í máli nr. 615/2016 sem varðaði kynferðisbrot gegn fatlaðri konu. Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af brotþola fyrir dómi með heimild í c-lið 1. mgr. 59. gr. sml. Hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur setti út á það fyrirkomulag. Það er því ljóst samkvæmt þessum dómum að miðað við núgildandi réttarástand sé það alla jafna heimilt að taka skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi með vísan til c-liðar 1. mgr. 59. gr. sml. ef um er að ræða skýrslugjafa sem er fatlaður.¹²² Þá er gerð sú tillaga í 8. gr. frumvarpsdraganna að gerð verði sú breyting á c-lið 59. gr. sml. þannig að sérstaklega sé tekið fram að heimildin nái til fatlaðs fólks.

Í 2. mgr. 111. gr. sml. er hins vegar kveðið á um að skýrslugjafar er gáfu skýrslu fyrir dómi á rannsóknarstigi skulu koma aftur fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, ef þess er kostur og annar hvor málsaðili krefst þess eða ef dómari telur ástæðu til. Í ákvæðinu er þó sérstaklega tekið fram að ef um ræðir brot gegn XXII. kafla hgl. og brotþoli hefur ekki náð 15 ára aldri, þarf hann ekki að koma aftur fyrir dóm nema dómari telji sérstaka ástæðu til. Samkvæmt orðanna hljóðan skýrir ákvæðið sérstaklega frá því hverjir þurfa ekki að koma aftur fyrir dóm við aðalmeðferð. Viðkvæmir hópar, líkt og fatlaðir, falla ekki undir undantekninguna. Fatlaður einstaklingur þarf þar af leiðandi að gefa skýrslu á ný fyrir dómi við aðalmeðferð ef einhver málsaðila krefst þess, þó það hafi verið tekin skýrsla fyrir dómi á rannsóknarstigi á grundvelli heimildar c-liðar 59. gr. sml.¹²³ Í 10. gr. frumvarpsdraganna er gerð tillaga um breytingu á 3. máls. 2. mgr. 111. gr. sml. sem er á þann veg að bæta við núverandi orðalag að þeir sem hafa geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun þurfi ekki að koma fyrir dóm að nýju og falli þar af leiðandi undir undantekninguna. Á þetta reyndi meðal annars í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 615/2016, sem fjallað var um hér að ofan, en þar var við rannsókn málsins tekin skýrsla af brotþola fyrir dómi með heimild í c-lið 1. mgr. 59. gr. sml. Verjandi ákærða gerði hins vegar kröfu um að brotþoli gæfi skýrslu á ný við aðalmeðferð málsins. Fallist var á kröfuna bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þrátt fyrir mótmæli ákærvaldsins og réttargæslumanns brotþola. Í úrskurði héraðsdóms var vísað til þess að ekki væri hægt að meta

¹²² sama heimild 12.

¹²³ sama heimild 11–12.

ástand brotaþola þannig að hún hefði ekki kost á að koma aftur fyrir dóminn, í skilningi 111. gr. sml., þrátt fyrir að það væri ljóst að hún væri með töluverða þroskahömlun og persónuleikaröskun. Héraðsdómur taldi því undantekningu 3. málsl. 2. mgr. 111. gr. sml. ekki eiga við um brotaþolann. Hér sést mikilvægi þess að lögin séu skýr og að ljóst sé hvert markmið þeirra séu. Til að mynda hefði niðurstaðan í þessum dómi verið á annan veg, brotaþola til mikilla hagsbóta, ef skýrt hefði verið að ákvæði 111. gr. sml. ætti að ná til fatlaðra brotaþola. Þetta sýnir hversu mikilvæg þessi frumvarpsdrög um breytingu á lögum um meðferð sakamála um réttarstöðu brotaþola, fatlaðra og aðstandenda er fyrir þennan viðkvæma hóp.

Í 2. málsl. 5. mgr. 63. gr. sml. er síðan kveðið á um að lögregla skuli kalla til táknmálstúlk ef skýrslugjafi reiðir sig á íslenskt táknmál til tjáningar og samskipta. Á sama hátt skal lögregla kalla til kunnáttumann sér til aðstoðar ef skýrslugjafi er hvorki fyllilega fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli eða íslensku táknmáli. Um er að ræða sérákvæði sem á við ef skýrslugjafi á í erfiðleikum með að skilja það sem fer fram við skýrslutökur.¹²⁴ Ákvæðið kemur því til skoðunar í tengslum við skýrslutökur af fötluðum. Tilgangurinn með ákvæðinu er því, í samræmi við aðrar meginreglur sakamálaréttarfars, að tryggja að hið sanna og rétta komi fram við skýrslutökur, það er að skýrslugjafinn hafi skilning á þeim spurningum er hann er spurður um og geti þar af leiðandi svarað í samræmi við það.¹²⁵ Í þessu sambandi er vert að benda á dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. maí 2015 í máli nr. 65/2015. Í málinu var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart konu með þroskahömlun. Verjandi ákærða gerði athugasemdir við það að undir rannsókn málsins hafði lögregla kallað til aðstoðar forstöðumann Barnahúss sem var viðstaddur þegar skýrsla var tekin af brotaþola. Dómurinn sagðist engar athugasemdir hafa við það að sérfróð kunnáttumanneskja hafi verið kölluð til við lögreglurannsóknina í ljósi atvika sem og þroska brotaþola og vísaði þar til 5. mgr. 63. gr. sml. Af dóminum er ljóst að þessi framkvæmd er heimil að mati réttarins, enda í samræmi við hlutlægnis- og sannleiksregluna, sbr. 2. mgr. 53. gr. sml. Engar tillögur eru í drögum að frumvarpinu um breytingar á 63. gr. sml., en þó er í 9. gr. frumvarpsdraganna, gerð tillaga á breytingu á 2. mgr. 61. gr. sml., sem fjallar um boðun vitna og brotaþola til skýrslutöku. Tillagan um breytingu á ákvæðinu lútir í raun að einhverju leyti að sama markmiði og ef ákvæði 63. gr. sml. næði til fatlaðra. Sú tillaga sem gerð er í frumvarpsdrögum á 61. gr. sml. er að bæta við 2. mgr. ákvæðisins að bjóða þurfi fötluðu vitni að hafa með sér hæfan stuðningsaðila við skýrslutöku. Þessi hæfi

¹²⁴ Eiríkur Tómasson, *Sakamálaréttarfar: rannsókn - þvingunarráðstafanir* (n. 10) 102.

¹²⁵ Ríkissaksóknari (n. 69) 10–11.

stuðningsaðili getur þá einnig verið sá aðili sem getur gætt þess að hinn fatlaði skilji hvað sé að fara fram í skýrslutökunni.

Í tengslum við skýrslutökur af fötluðum þá kemur ákvæði 2. mgr. 123. gr. sml. einnig til skoðunar en ákvæðið veitir dómara heimild til að kveðja til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutökur ef tekin er skýrsla af vitni yngra en 15 ára. Álitafni er því hvort beita megi löggjöfnun þegar kemur að tilhögun skýrslutöku af fötluðum brotapolum eða vitnum við aðalmeðferð máls fyrir dómi. Í þessu sambandi verður litið til tveggja dóma Hæstaréttar Íslands. Annars vegar dóm frá 13. nóvember 2014 í máli nr. 355/2014 þar sem aðili var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn fatlaðri konu. Á rannsóknarstigi málsins fór skýrslutaka yfir brotþola fram með venjubundnum hætti þrátt fyrir að hún væri með mikla þroskaskerðingu. Þegar málið fór fyrir héraðsdóm Vesturlands var skýrsla af brotþola tekin í sérútbúnu herbergi í dómhúsinu í Reykjavík og vanur rannsóknarlögreglumaður úr kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fenginn til að aðstoða dómara málsins við skýrslutökuna. Hæstiréttur gerði enga athugasemd við þetta fyrirkomulag fyrir héraðsdómi. Hins vegar var um aðra niðurstöðu að ræða í dómi Hæstaréttar Íslands frá 16. febrúar 2016 í máli nr. 113/2016, en þar var hafnað kröfu réttargæslumanns brotþola um að skýrslutaka við aðalmeðferð málsins færi fram í Barnahúsi, þó svo um kynferðisbrot gegn þroskaskertri konu var að ræða. Verjandi ákærða krafðist þess að kröfunni yrði hafnað á þeim forsendum að ekki væri í lögum heimild fyrir þessu fyrirkomulagi og taldi að fara þyrfti eftir almennum reglum um skýrslutökur fyrir dómi samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Þó ekki hafi verið fallist á kröfu réttargæslumanns þá var komið til móts við þarfir brotþola að einhverju leyti en ákærða var meðal annars gert að víkja úr dómsal á meðan brotþoli gaf skýrslu. Einnig var réttindagæslumanni fatlaðra sem og systur brotþola, sem jafnframt var kunnáttumaður á sviði fatlaðra, heimilt að vera brotþola til halds og traust í dómsalnum, þótt um lokað þinghald hafi verið að ræða, samkvæmt a-lið 10. gr. sml. Þeim var þó ekki heimilt að hafa milligöngu um spurningar og/eða svör brotþola. Ljóst er að Hæstiréttur vildi í þessu máli ekki víkja frá ákvæðum laga um meðferð sakamála þegar kemur að fyrirkomulagi um skýrslutökur af vitnum. Af þessum tveimur dómum sést að dómstólar hafa heimilað ýmsar aðgerðir til þess að koma til móts við mismunandi stöðu og þarfir brotþola og vitna en þeir sýna einnig að ekki er um algjört samræmi að ræða á milli dóma.¹²⁶ Gerð er sú tillaga í 12. gr. frumvarpsdraganna að breytt verði 2. mgr. 123. gr. sml. á þann veg að ákvæðið nái sérstaklega til fatlaðra vitna. Auk

¹²⁶ sama heimild 13.

Þess er gerð tillaga um að bæta við ákvæðið að þjóða skuli fötluðu vitni að hafa með sér hæfan stuðningsaðila við skýrslutökuna.

Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. sml. er verjanda heimilt að vera viðstaddur skýrslutökur fyrir dómi og hefur sú framkvæmd í för með sér bæði ákveðna kosti og galla. Í ákvæðinu er kveðið á um að verjandi hafi rétt á því að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og jafnframt á meðan rannsókn stendur nema hætta sé á að rannsókn torveldist við það, sbr. 1. mgr. 104. gr. sml. Ákvæði 59. gr. sml. kveður á um, eins og fram hefur komið, ákveðin tilvik þar sem skýrslutaka á rannsóknarstigi skuli fara fram fyrir dómi og á því að fylgja ákveðið réttaröryggi. Helsti gallinn við þessa framkvæmd er að verjandi fær í þessum málum einhvers konar forskot, þar sem hann fær að vera viðstaddur skýrslutökuna og hefur því ákveðna mynd af því um hvað málið snýst og getur þannig undirbúið ákærða fyrir það.¹²⁷ Hins vegar er þessi framkvæmd, eins og hún er í dag, mikilvæg upp á sönnunargildi skýrslutökunnar fyrir dómi á rannsóknarstigi. Þar sem það dregur úr vægi skýrslunnar ef verjandi er ekki viðstaddur. Telja verður að markmiðið með þessu fyrirkomulagi sé meðal annars að reyna koma í veg fyrir að brotaþoli þurfi að gefa skýrslu á ný fyrir dómi, og því sé fyrirkomulag þetta nauðsynlegt svo ekki þurfi að endurtaka skýrslutökuna vegna spurninga sem hafa vaknað hjá verjanda. Það að heimila viðveru verjanda er þá í raun ákveðin fórnarkostnaður en talið er hins vegar að hagsmunir brotaþola af því að gefa skýrslu aðeins einu sinni vegi þyngra.¹²⁸

Eins og ofangreind umfjöllun gefur til kynna þá er mikil þörf á lagabreytingum á lögum um meðferð sakamála. Til að mynda var í dómi Hæstaréttar Íslands nr. 113/2016, sem fjallað er um hér að ofan, hafnað kröfu réttargæslumanns brotaþola um að skýrslutaka við aðalmeðferð málsins færi fram í Barnahúsi á grundvelli þess að ekki var um að ræða heimild í lögum fyrir þeirri framkvæmd. Í dóminum kemur eftirfarandi fram:

Á það má fallast að heppilegra gæti verið að sértæk úrræði væru í sakamálalögum varðandi skýrslugjöf brotaþola fyrir dómi, eins og í tilviki því sem hér um ræðir. Hins vegar er það mat dómsins að allar undantekningar frá meginreglunni um skýrslugjöf vitna fyrir dómi beri að skýra þröngt, sérstaklega þar sem úrslit máls geta ráðist af framburði vitnis. Ekki er að finna heimild í sakamálalögum til þess að haga skýrslutöku af brotaþola með þeim hætti sem réttargæslumaður hefur krafist. Verður því að hafna framkominni kröfu um að skýrslutaka af brotaþola fari fram í Barnahúsi.

¹²⁷ sama heimild 5.

¹²⁸ Alþt. 2007-2008, A- deild, þskj. 252- 233. mál, athugasemdir við 59. gr.

Þessi dómur sýnir hversu brýnt það er að hafa skýrar heimildir í lögum. Óskýrleiki sem þessi veldur því að fatlaðir njóta ekki sömu réttinda innan réttarkerfisins og þar af leiðandi er ekki gætt jafnræðis þar sem mismunandi er hvernig og hvaða úrræði sumir fá en aðrir ekki. Til að mynda var í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 355/2014, sem fjallað var um hér að ofan, engar athugasemdir gerðar við það að skýrsla af brotaþola hafi verið tekin í sérútbúnu herbergi í Héraðsdómi Reykjavíkur. Drögin að frumvarpinu sem dómsmálaráðherra lagði fram um breytingar á lögum um meðferð sakamála um réttarstöðu brotaþola, fatlaðra og aðstandenda eru mikilvægar og í raun nauðsynlegar til að bæta stöðu fatlaðra innan réttarvörslukerfisins. Tilefni og markmið frumvarps þessa er meðal annars að bæta réttarstöðu fatlaðra og bregðast við breyttum samfélagslegum viðhorfum gagnvart þessum einstaklingum, hvort heldur sem er við rannsókn máls hjá lögreglu eða við málsmeðferð fyrir dómi.¹²⁹ Dómafrankvæmdin héraðs hefur verið að einhverju leyti í samræmi við þær breytingar er frumvarpið kveður á um, en þó er ljóst samkvæmt dómunum sem fjallað er um hér að ofan að mikil réttaróvissa ríkir þegar kemur að heimildum og réttarstöðu fatlaðra, og því yrði lögfesting þessara frumvarps mikið til hagsbóta.

5.2 Möguleg áhrif fötlunar á rannsókn sakamála

Hér verður fjallað sérstaklega um þau áhrif sem fatlanir geta haft á rannsókn sakamála til að öðlast betur skilning á því hvers vegna og að hvaða leyti þarf að haga rannsókn öðruvísi þegar fatlaðir eiga í hlut svo að markmiðum rannsóknar verði náð og jafnræði verði sömuleiðis tryggt.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að skerðing í vitsmunafroska og aðlögunarfærni einstaklings getur haft margvísleg áhrif þegar kemur að því að gefa skýrslu hjá lögreglu eða fyrir dómi. Rannsóknir hafa einnig sýnt að einstaklingar með þroskahömlun sýna yfirleitt meiri fylgispekt en fólk almennt, það er svara spurningum játandi ef þær gera frekar ráð fyrir já heldur en nei svarmöguleika, óháð efni spurningarinnar. Einstaklingar með þroskahömlun eru oft og tíðum undanlátssamir sem gerir það að verkum að þeir eiga það til að segja eða gera það sem þeir halda að ætlast sé til af þeim, algjörlega óháð þeirra eigin skoðun. Auk þess eru einstaklingar með þroskahömlun sefnæmari og líklegri til þess að láta undan þrýstingi, það er láta leiðandi spurningar afvegaleiða sig eða jafnvel breyta svörum sínum við yfirheyrslu vegna pressu.¹³⁰ Af framangreindu blasir því við að nauðsynlegt er að koma til móts við fólk með þroskahömlun

¹²⁹ Alpt. 2020-2021, A- deild, þskj. x - x. mál. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotaþola, fatlaðra og aðstandenda) 4.

¹³⁰ Ríkissaksóknari (n. 69) 19.

í skýrslutökum, bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Fyrir liggur að það er sérstaklega erfitt og óaðgengilegt fyrir fólk með þroskahömlun að hafa skilning á réttarkerfinu, ferli sakamáls og því sem fylgir. Því verður að teljast nauðsynlegt að mæta þörfum þessara einstaklinga í tilfellum sem snerta réttarkerfið.

Rannsóknir sýna að þegar vönduðum yfirheyrsluaðferðum er beitt eru meiri líkur á að fá sem mestar upplýsingar frá einstaklingum með þroskahömlun.¹³¹ Með vönduðum yfirheyrsluaðferðum er átt við að gætt sé vel að því hvernig spurningar eru settar fram, þær hafðar einfaldar og lokaðar, en þó ekki leiðandi og viðkomandi einstaklingum gefin tækifæri á að rifja upp atburði sem þeir kunna að eiga í erfiðleikum með að orða. Þessum einstaklingum þarf að vera það sérstaklega ljóst að þeim er heimilt að svara spurningum á þann hátt að þau viti ekki svarið.¹³²

Í ljósi umfjöllunar í kafla 4.1.2 hér að framan er fjallar um einhverfu og einhverfuróf og kafla 4.1.4 um geðfatlanir verður að telja nauðsynlegt að koma til móts við einstaklinga sem eru með þessar fatlanir, á grundvelli sömu sjónarmiða og rakin hafa verið þegar um þroskahamlaða einstaklinga er að ræða. Það er því mikilvægt að veita þessum einstaklingum jafnframt sérstaka aðstoð þegar kemur að réttarkerfinu og vanda vel til verka í skýrslutökum, enda ljóst að þær skerðingar sem geta fylgt þessum fötlunum og fjallað er um í tilvitnuðum köflum geta haft margvísleg áhrif á stöðu og skilning viðkomandi einstaklings.

Líkt og rakið var í kafla 4.1.3 hér að framan er ljóst að fötlun á borð við sjón- og heyrnarskerðingu, takmarkar athafnir einstaklings í daglegu lífi og hefur áhrif á þátttöku hans í samfélaginu samanborið við sjáandi og heyrandi. Til að tryggja aðgengi þessa hóps að réttarvörslukerfinu er nauðsynlegt að hafa aðgengi að sérsniðinni þjónustu fyrir þessa einstaklinga. Það er að segja að hafa til reiðu aðila sem aðstoðar viðkomandi í gegnum allt ferlið í réttarvörslukerfinu og vera þeim innan handar þegar kemur meðal annars að táknmálstúlkun, tjáningu, aðgengi og skilning á upplýsingum auk þess að háttá skýrslutökum þannig að nýtt sé tækni sem og önnur hjálpartæki sem gætu auðveldað ferlið.¹³³

¹³¹ Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd, Gísli Guðjónsson, og David Wolchover (n. 60) 50–51.

¹³² Ríkissaksóknari (n. 69) 19.

¹³³ Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, „Samþætt sjón- og heyrnarskerðing“ (*Miðstöð*, 2016) <<https://www.midstod.is/frodleikur/samthaett-sjon-og-heyrnarskerding/>>.

Ljóst er samkvæmt ofangreindri umfjöllun að fötlun einstaklings getur haft afskaplega mikil áhrif á rannsókn sakamála og getur það verið algerlega ofviða fyrir fatlaðan brotþola að skilja hvernig réttarkerfið virkar. Því er nauðsynlegt að koma til móts við fatlaða við rannsókn máls til að auka líkur á því að hið sanna og rétta komi í ljós og réttlætið nái fram að ganga.

5.3 Verklag lögreglunnar við rannsókn sakamála þegar fatlaðir eiga í hlut

Lengi vel var engum samræmdum reglum til að dreifa í lögregluumdæmum landsins um meðferð mála er fatlaðir áttu í hlut. Flest lögregluumdæmin höfðu þó haft einhver úrræði til að mæta þörfum fatlaðra, en þó misjafnt eftir hverju umdæmi fyrir sig.¹³⁴ Þann 2. október 2018 tóku hins vegar í gildi fyrirmæli ríkissaksóknara, nr. RS: 3/2018, um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaðan sakborning og/eða brotþola er að ræða. Fyrirmælin voru sett í kjölfar skýrslu starfshóps sem skipaður var af ríkissaksóknara um málefnið. Fyrirmælin voru gefin út sem leiðbeiningar til lögreglu og ákæranda með það að markmiði að tryggja jafnræði þegar kemur að aðgengi og málsmeðferð þegar fatlaðir eiga í hlut. Þó svo að fyrirmælin séu sérstaklega sett fram með tilliti til kynferðisbrota þá er skýrt tekið fram að leiðbeiningarnar geta einnig átt við um meðferð annarra mála þar sem um er að ræða fatlaða sakborninga eða brotþola.¹³⁵

Í fyrirmælunum kemur skýrt fram að mikilvægt sé að aðlaga rannsókn að hverju máli fyrir sig enda sé fatlað fólk margbreytilegur hópur með mismunandi þarfir. Mikilvægt sé að taka ekki völdin af fólki, forðast forræðis- og verndarhyggju og virða þær óskir er viðkomandi hefur. Einnig er kveðið á um það í fyrirmælunum að góður og vandaður undirbúningur fyrir skýrslutökur í málum sem þessum sé gríðarlega mikilvægur og að framkvæmdin sé með þeim hætti að sem skýrastur framburður fái frá hinum fatlaða einstaklingi. Í fyrirmælunum er að finna skilgreiningu á fötlun og fötluðu fólki samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Vísast nánar til umfjöllunar í kafla 4.1, hér að framan, um skilgreiningu á hugtakinu fötlun. Samkvæmt fyrirmælunum skal við rannsókn máls þar sem fatlaðir eiga í hlut, afla eins ítarlegra upplýsinga og mögulegt er um þá fötlun er viðkomandi er með. Þessar upplýsingar getur lögreglan meðal annars nálgast hjá hinum fatlaða eða fjölskyldu hans, réttindagæslumanni fatlaðra, lækni, félagsþjónustu eða viðeigandi meðferðaraðila. Á grundvelli þeirra upplýsinga er síðan lagt mat á það hvort fötlunin sé þess

¹³⁴ Ríkissaksóknari (n. 69) 13 og 14.

¹³⁵ Fyrirmæli ríkissaksóknara um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaðan sakborning og/eða brotþola er að ræða, nr. RS: 3/2018.

eðlis að nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra ráðstafana af hálfu lögreglunnar, svo sem að óska eftir því að skýrslutaka verði tekin fyrir dómi á grundvelli c-liðar 1. mgr. 59. gr. sml., eða að framkvæma skýrslutökuna annars staðar en á lögreglustöð. Eftir atvikum getur svo verið nauðsynlegt að kalla til fagaðila til að vera viðstaddan skýrslutökuna, en rannsakandi sjálfur stýrir þó alltaf skýrslutökunni og sér um að spyrja spurninga. Í fyrirmælunum er síðan kveðið á um að ávallt skuli tryggja aðkomu verjanda og/eða réttargæslumanns á fyrstu stigum máls. Við skýrslutöku skuli jafnframt eftir atvikum bjóða hinum fatlaða að hafa með sér hæfan stuðningsaðila, en hlutverk hans er eingöngu að vera til staðar og veita andlegan og tilfinningalegan stuðning. Stuðningsaðili getur verið einhver sem hinn fatlaði treystir, svo sem félagsráðgjafi eða réttindagæslumaður, en gæta þarf þó alltaf að stuðningsaðilinn sé ekki vitni í málinu. Þá segir í fyrirmælunum að óska þurfi eftir nýju mati ef ekki liggja fyrir nýjar upplýsingar um fötlun viðkomandi. Eftir atvikum getur verið mikið til hagsbóta við rannsókn að taka ítarlegar skýrslur af þeim sem standa hinum fatlaða næst, svo sem fjölskyldumeðlimum, starfsfólki í búsetuúrræði eða ráðgjöfum, en það getur gefið betri innsýn í atvik máls sem og aðstæður. Þegar um ræðir mikla fötlun, þá sérstaklega ef viðkomandi er með mikla þroskahömlun eða skyldar skerðingar, svo sem einhverfu, getur verið þörf á að fá réttarsálfræðilegt mat á viðkomandi, þar sem þroski og framburður er metinn.¹³⁶

Það er ljóst að hlutverk réttindagæslumanna og persónulegra talsmanna er talsvert þegar kemur að því að fylgjast með högum fatlaðra og aðstoða þau við að gæta réttar síns þegar kemur að réttarvörslukerfinu. Enda kveða fyrirmæli ríkissaksóknara um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaðan sakborning og/eða brotþola er að ræða oft um ástæður þar sem kalla þarf til réttindagæslumanns við rannsókn máls. Um réttindagæslu fyrir fatlað fólk gilda lög nr. 88/2011¹³⁷ og er markmið þeirra samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laganna að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning við gæslu réttinda sinna og tryggja að sjálfsákvörðunarréttur fatlaðs fólks sé virtur og fyllsta réttaröryggis sé gætt þegar brýna nauðsyn ber til að grípa inn í líf þess. Í 5. gr. réttgl. er kveðið á um að hlutverk réttindagæslumanns sé að fylgjast með högum fatlaðs fólks á sínu svæði og vera því innan handar við hvers konar réttargæslu. Þó eru ákvæði laganna um réttindagæslu fyrir fatlað fólk ekki skýr varðandi aðkomu þeirra að málum sem eru undir hönd lögreglu en ákvæði þess efnis myndi auka réttaröryggi fatlaðra innan refsivörslukerfisins til muna.¹³⁸

¹³⁶ sama heimild.

¹³⁷ Skammstafað hér eftir sem réttgl.

¹³⁸ Ríkissaksóknari (n. 69) 22.

5.4 Framkvæmdin á Norðurlöndunum

5.4.1 Noregur

Noregur undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 30. mars 2007 og fullgilti hann 3. júní 2013.¹³⁹ Í norsku réttarfarslögnum nr. 5/1981 (n. Lov om rettergangsmåten i straffesaker - Straffeprosessloven) er að finna sérstakar reglur um skýrslutökur af börnum og fullorðnum þolendum eða vitnum sem eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Í 239. gr. laganna er meðal annars kveðið á um að aðlaga eigi skýrslutökur af börnum og vitnum með þroskahömlun eða aðra fötlun sem hafa sömu þörf fyrir aðlagðri skýrslutöku. Þá er í ákvæðinu sérstaklega tekið fram að þessum aðferðum er skylt að beita þegar um ræðir brot gegn 26. kafla norsku hegningarlaganna sem fjallar um kynferðisbrot, auk þess ef brotið er gegn 273., 275., 282. eða 284. gr. norsku hegningarlaganna, en ákvæði þessi snúa að ofbeldisbrotum. Í ákvæðinu er þó að finna heimild til að nota aðlagðar skýrslutökur af þessum viðkvæma hópi í tilfellum þar sem um ræðir önnur refsiverð brot, ef upplýsingar í málinu eða hagir vitnisins gefa tilefni til. Í 239. gr. a – f. er fjallað nánar um hvernig tilhögun aðlagðra skýrslutöku eigi að fara fram. Þar er meðal annars kveðið á um hæfni þeirra sem koma að og stýra skýrslutökum, að taka skuli skýrslutökur upp í hljóði og mynd, aðgang verjanda og réttargæslumanns að skýrslutöku og að skýrslutökur skuli fara fram í Barnahúsi nema það sé augljóslega í þágu vitnisins að skýrslutaka fari fram annars staðar. Þá er einnig sú meginregla að þessi vitni þurfi ekki að gefa aftur skýrslu við dómsmeðferð máls, heldur sé aðeins upptaka af skýrslutökunni spiluð fyrir dómi. Lögreglan í Noregi hefur síðustu 10 ár unnið að því að auka gæði þegar kemur að yfirheyrslum á viðkvæmum hópum. Þá hafa einnig breytingar á réttarfarslögnum og nýjar reglugerðir um yfirheyrslur á börnum og sérstaklega viðkvæmum einstaklingum verið sérstaklega mikilvægar.¹⁴⁰

Ekki hefur mikið reynt á ákvæði 239. gr. norsku réttarfarslaganna í framkvæmd. Aðeins er um að ræða níu dóma, þar af aðeins einn fyrir Hæstarétti Noregs, þar sem reynir á ákvæði þetta og enginn þeirra tekur sérstaklega á þeim hluta ákvæðisins er snertir fatlaða einstaklinga.

¹³⁹ Barne-, ungdoms- og familiedirektoratet, „Disabilities in Norway“ (*Buudir*, desember 2018) <https://buudir.no/en/English_start_page/Disabilities_in_Norway/>.

¹⁴⁰ Nasjonalt kompetansemiljø om o.fl., „Doktorgradsprosjekt om avhør av fornærmede med nedsatt funksjonsevne i volds- og overgrepssaker“ (*Naku*, 9. apríl 2019) <<https://naku.no/aktivitet/doktorgradsprosjekt-om-avh%C3%B8r-av-forn%C3%A6rmede-med-nedsatt-funksjonsevne-i-volds-og>>.

5.4.2 Danmörk

Danmörk undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra árið 2009 og fullgilti hann síðan 2013.¹⁴¹ Í dönsku réttarfarslögnum nr. 1445/2020 (d. Retsplejeloven) er að finna ákvæði er kveður á um að heimilt sé að taka skýrslu af vitnum á rannsóknarstigi upp í hljóði og mynd og spila upptökuna við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Í 4. tl. 1. mgr. 745. gr. e laganna er skýrt tekið fram að taka megi slíka skýrslu af vitnum sem eru með alvarlega þroskaskerðingu eða með verulega skerta virkni, þar sem tilefni er til. Nánari reglur um tilhögun slíkrar skýrslutöku er að finna í fyrirmælum danska ríkissaksóknara um skýrslutökur í hljóði og mynd (d. Videoafhøring), sem gefin voru út 7. apríl 2021.¹⁴² Fyrirmælin kveða að mestu leyti á um hvernig tilhögun á skýrslutökum af börnum skuli fara fram en samkvæmt embætti ríkissaksóknara Danmerkur geta þessar reglur eins gilt þegar skýrslutaka fer fram af brotþola sem er með þroskaskerðingu.¹⁴³ Sem dæmi er kveðið á um að óska megi eftir aðstoð frá sérfræðingi við skýrslutökur, sbr. kafli 2.4.1.4 fyrirmælanna og rétt einstaklings til þess að hafa stuðningsaðila viðstaddan, sbr. kafli 2.4.1.5 fyrirmælanna. Þá er einnig kveðið á um það að skýrslutökur á grundvelli 745. gr. e laganna skuli fara fram í sérútbúnum Barnahúsum.¹⁴⁴

Reynt hefur töluvert meira á ákvæði 4. tl. 1. mgr. 745. gr. e dönsku réttarfarslaganna, til samanburðar við framkvæmdina í Noregi. Til að mynda hefur Ugeskrift for Retsvæsen birt 14 dóma þar sem reynir á ákvæðið og Tidsskrift for Kriminalret hefur birt 26 dóma. Af þeim dómum eru þó aðeins tveir sem snúa sérstaklega að fötluðum einstaklingum. Í þessu sambandi má nefna dóm Vestre Landsret UfR 2012.437 frá 27. október 2011 en þar var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart stúlku sem var með geðsjúkdóm. Óljóst var í málinu hvenær hægt væri að taka skýrslu af brotþola fyrir dómi vegna fötlunar hennar, en hún hafði verið vistuð á barna- og unglingsgeðdeild. Af þeim sökum fór ákærvaldið fram á að skýrslutaka af brotþola færi fram með þeim hætti er kveðið er á um í 745. gr. e dönsku réttarfarslaganna. Í dóminum er fjallað um að sú heimild sé í raun frávik frá almennri meginreglu og því ætti ekki að nota þá heimild nema í þeim tilvikum þar sem afgerandi sjónarmið benda til þess að vitnið sé ekki hæft til að koma fyrir dóminn. Ákvæðið heimilar að taka skýrslu upp á myndband og spila fyrir dómi ef um sérstakar kringumstæður eru að ræða. Á þeim grundvelli samþykkti dómurinn

¹⁴¹ Bekendtgørelse nr. 20 af 15.11.2017 om rettigheder for personer med handicap.

¹⁴² Rigsadvokatmeddelelsen om videoafhøring, CIR1H nr. 9208 frá 7. apríl 2021.

¹⁴³ Ríkissaksóknari (n. 69) 26.

¹⁴⁴ Rigsadvokatmeddelelsen om videoafhøring, CIR1H nr. 9208 frá 7. apríl 2021.

kröfu ákærvaldsins um að skýrslutakan af brotaþola færi eftir 745. gr. e dönsku réttarfarslaganna.¹⁴⁵

Gefin var út skýrsla árið 2020 af hálfu VIVE, sem er sjálfstæð rannsóknar- og greiningarmiðstöð sem starfar undir innanríkisráðuneyti Danmerkur og sinnir rannsóknar- og greiningarverkefnum á sviði velferðar. Skýrslan fjallar um brotaþola með andlega og vitræna fötlun þar sem gerð var rannsókn á hindrunum í sakamálum (d. Voldsofre med psykiske og kognitive funktionsnedsættelser: En undersøgelse af barrierer i straffesager). Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu við mannréttindastofnun Danmerkur. Skýrslan gefur mynd af því hvernig danska réttarkerfið virkar þegar kemur að brotaþolum sem eru með vitræna og andlega fötlun. Helstu niðurstöður þessarar skýrslu voru að þættir tengdir samskiptum við brotaþolanna væru ákveðin hindrun, þar á meðal samskipti við lögreglu. Þá er helst átt við að brotaþolar eiga erfitt með að skilja hvað fer fram við yfirheyrslur og að sama skapi geti vitnisburður brotaþola verið þess eðlis að hann sé óskiljanlegur fagfólki réttarvörslukerfisins. Auk þess var komist að þeirri niðurstöðu að þær kröfur sem dómskerfið gerir til vitnisburðar væri hindrun fyrir fatlaða einstaklinga þar sem erfitt getur verið fyrir þá að gefa áreiðanlegan vitnisburð. Dæmi um slíkar kröfur eru að vitnisburður einstaklings verður að vera stöðugur og þarf að innihalda tiltölulega nákvæmar staðsetningar og tímasetningar. Erfitt er fyrir fatlaða einstaklinga að uppfylla þessar kröfur dómskerfisins. Þá kom einnig fram að brotaþolar upplifa óöryggi þegar kemur að réttarkerfinu, einna helst vegna skorts á þekkingu á því hvernig ferlið í réttarvörslukerfinu virkar.¹⁴⁶ Í skýrslunni kemur það sérstaklega fram að ef vitnisburður brotaþola hefur verið tekinn upp á myndband þarf hann ekki að koma aftur fyrir dóm heldur sé myndbandið spilað og notað fyrir dómi. Þá er lögð áhersla á það að sönnunargögn verði að hafa þann styrk að það sé hafið yfir allan vafa að ákærði sé sekur. Því verða sönnunargögn að búa yfir ákveðnum gæðum, þar á meðal vitnisburður brotaþola, enda er hann afgerandi sönnunargagn fyrir dómi og er metinn á grundvelli þess að allan sönnunarvafa skuli túlka ákærða í hag.¹⁴⁷

¹⁴⁵ Þá má einnig sjá UfR 2005.779/2 L frá 11. nóvember 2004 en þar féllst dómurinn á það að beita reglum um skýrslutöku samkvæmt 745. gr. e dönsku réttarfarslaganna, það er að taka skýrslutökuna upp á myndband og spila fyrir dómi, á hliðstæðan hátt við skýrslutökur af þroskahömluðu fólki.

¹⁴⁶ Socialpædagogerne vidensbank, „Ofre for personfarlig kriminalitet med kognitive og psykiske funktionsnedsættelser“ (Viden, 2020) <<https://viden.sl.dk/artikler/voksne/handicap-retsstilling/ofre-for-personfarlig-kriminalitet-med-kognitive-og-psykiske-funktionsnedsaettelser/>>.

¹⁴⁷ Maria Lomborg Røgeskov, „Ofre for personfarlig kriminalitet med kognitive og psykiske funktionsnedsættelser: En undersøgelse af mødet med retssystemet“ (2020) 14 <<https://viden.sl.dk/media/9757/kriminalitet.pdf>>.

5.4.3 Svíþjóð

Svíþjóð undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í desember 2008 og fullgilti hann í byrjun árs 2009.¹⁴⁸ Í sænsku réttarfarslögnum nr. 1942:740 (s. Rättegångsbalken) er að finna heimild til að taka skýrslutöku upp í hljóði og mynd, sbr. 14. gr. 35. kafla laganna. Heimild þessi er alla jafna notuð þegar um er að ræða brotþola með þroskahömlun og ef þroskahömlun viðkomandi er þess eðlis að brotþoli getur ekki gefið skýrslu við aðalmeðferð máls fyrir dómi, og er þess í stað upptakan spiluð fyrir dómi. Ríkissaksóknari Svíþjóðar hefur gefið út handbók fyrir ákærendur um meðferð brotþola (s. Bemötande av brottsoffer) en hún var gefin út í febrúar 2012 og síðan uppfærð í júní 2016. Í þessari handbók er meðal annars að finna ýmsar leiðbeiningar um hvernig standa skuli að málum þegar um ræðir fatlaða brotþola. Til að mynda fjallar kafla 7.5 í handbókinni sérstaklega um brotþola með fötlun og hvernig rannsókn slíkra mála skuli fara fram. Þar kemur meðal annars fram mikilvægi þess að vita hvers konar fötlun brotþolinn er með og hvernig skuli aðlaga skýrslutökur að aðstæðum brotþola.¹⁴⁹

Ekki er mikilli dómaframkvæmd til að tefla varðandi ákvæði 14. gr. 35. kafla sænsku réttarfarslaganna. Aðeins er um að ræða einn dóm þar sem reynir á ákvæðið og í því tilfelli var ekki um fatlaðan einstakling að ræða.

Árið 2007 gaf glæpavarnarráð Brá út skýrslu sem fjallar um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki (s. Våld mot personer med funktionshinder). Skýrslan varpar ljósi á það að hvaða leyti dómskerfið er ábótavant er kemur að fötluðum brotþolum auk þess sem þar er að finna ýmsar tillögur hvernig hægt sé að bæta stöðu fatlaðra innan kerfisins. Til að mynda er fjallað um það að lögreglan og dómsvaldið eigi að notast við aðferðir sem auka tækifæri fatlaðs fólks til að láta rödd sína heyrast, til dæmis með því að leyfa þeim að tjá sig á þann hátt er hentar þeim best. Í skýrslunni er mjög áberandi hversu mikið lagt er upp úr því að auka þurfi fræðslu og þekkingu þeirra er koma að fötluðum brotþolum. Glæpavarnarráðið telur skort á þekkingu geta haft í för með sér að skýrslutökur fari ekki fram með fullnægjandi hætti eða jafnvel komið niður á

¹⁴⁸ Myndigheten för delaktighet, „FN:s konvention om rättigheter för personer med funktionsnedsättning“ (*Mfd*, 7. september 2020) <<https://www.mfd.se/kunskap/manskliga-rattigheter/fn-konventionen/>>.

¹⁴⁹ Utvecklingscentrum Göteborg, „Bemötande av brottsoffer – Handbok“ (júní 2016) 21 <[https://www.aklagare.se/globalassets/dokument/handbocker/bemotande-av-brottsoffer.pdf#_utma=1.1348498648.1617666071.1617666071.1617666071.1&__utmb=1.1.10.1617666071&__utmc=1&__utmz=1.1617666071.1.1.utmcsr=google|utmccn=\(organic\)|utmcmd=organic|utmctr=\(not%20provided\)&__utmv=-&__utm=250695814](https://www.aklagare.se/globalassets/dokument/handbocker/bemotande-av-brottsoffer.pdf#_utma=1.1348498648.1617666071.1617666071.1617666071.1&__utmb=1.1.10.1617666071&__utmc=1&__utmz=1.1617666071.1.1.utmcsr=google|utmccn=(organic)|utmcmd=organic|utmctr=(not%20provided)&__utmv=-&__utm=250695814)>.

sönnunarmati á trúverðugleika fatlaðs einstaklings og sé þar af leiðandi ranglega metinn.¹⁵⁰ Í skýrslunni er það gagnrýnt að dómsvaldið noti sömu viðmið til að meta trúverðugleika framburðar brotapolu, óháð því hvort brotapolu sé fatlaður eða ekki.¹⁵¹

Í Advokaten, sem er eitt helsta lögfræðitímarit Svíþjóðar, er að finna umfjöllun um það hversu óljós réttindi viðkvæmra hópa er í réttarkerfinu. Þar kemur fram að löggjöf varðandi réttindi fólks sem er með geðsjúkdóma og þroskahömlun er mjög óljós, auk þess sem mikil vanþekking sé á því hvernig meðhöndla skuli mál þeirra í dómskerfinu. Þetta grundvallast af því að sænsk löggjöf er of almenn og þar af leiðandi er ekki ljóst hvaða rétt hver einstaklingur hefur, þar með talið fatlaðir einstaklingar. Þá er einnig fjallað um það að rannsóknir sýni að málshöfðanir í sakamálum sem varða misnotkun og kynferðislegt ofbeldi gagnvart einstaklingum með taugasjúkdóma væru marktækt færri heldur en í öðrum tilvikum, og er það talið sem merki um kerfisbundna annmarka.¹⁵²

6. Sönnunarkröfur í sakamálum

6.1 Hugtakið sönnunarkröfur og tilgangur þess

Líkt og fram kemur í kafla 3.5 þá reynir hvað helst á sönnunarkröfur þegar kemur að mati dómara á sönnun, og þá hvaða sönnunarkröfur skuli gera hverju sinni. Það reynir þó líka á sönnunarkröfur við mat ákæranda á því hvort fyrir liggja nægileg sönnunargögn svo mál sé líklegt til sakfellis. Fer það mat ákæranda eftir því hvaða kröfur eru gerðar til sönnunar í viðkomandi brotaflokki, og ræður það mat því hvort gefin verði út ákæra eður ei. Hugtakið sönnunarkröfur felur í sér hvaða styrkleika sönnunargögn, sem lögð hafa verið fram og benda til sektar ákærða, verða að hafa svo þau leiði til sakfellingar, að teknu tilliti til þeirra sönnunargagna sem mæla gegn sekt ákærða. Sönnunarkröfur í sakamálum geta leitt til þess að atvik sem raunverulega áttu sér stað teljast ekki sönnuð, til dæmis þar sem skortur getur verið á sönnunargögnum sem renna stoðum undir framburð brotapolu.¹⁵³ Kveðið er á um það í 1. mgr. 109. gr. sml. að sönnunargögn skuli ekki vera vefngd með skynsamlegum rökum um að

¹⁵⁰ Brå – centrum för kunskap om brott och åtgärder mot brott, „Våld mot personer med funktionshinder nr. 2007:26“ (2007) 13

<https://www.bra.se/download/18.cba82f7130f475a2f1800010148/1371914725775/2007_26_vald_mot_personer_med_funktionshinder.pdf>.

¹⁵¹ sama heimild 58–59.

¹⁵² Kamilla Kvarntorp, „Oklart vilka rättigheter sårbara personer har i rättsprocessen“ (*Advokatdagarna*, 2017)

<<https://www.advokaten.se/Tidningsnummer/2017/nr-9-2017-argang-83/oklart-vilka-rattigheter-sarbara-personer-har-i-rattsprocessen/>>.

¹⁵³ Hans Gammeltoft-Hansen (n. 61) 90.

hinn ákærði hafi í raun framið þann verknað er hann er borinn að sökum um. Síðan leiðir af 2. mgr. 70. gr. stjkskr., sbr. 2. mgr. 6. gr. MSE að allan vafa varðandi sönnun skuli túlka ákærða í hag. Af þessu leiðir að ríkar sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum, enda mikið í húfi fyrir þann sem ákærður er fyrir refsiverðan verknað. Það kemur þó í hlut dómara í hverju máli fyrir sig að meta hvort ákærvaldið hafi náð að fullnægja þeirri sönnunarbyrði er hvílir á þeim.¹⁵⁴ Í þessu sambandi má nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. febrúar 2010 í máli nr. 479/2009 en hann varpar ljósi á það hversu ríkar sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum. Í málinu var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gegn dreng. Framburður drengsins var metinn trúverðugur í héraðsdómi en hann var einn til frásagnar um ætluð atvik og aðdraganda þeirra. Hæstiréttur taldi hins vegar ekkert liggja fyrir í málinu, hvorki í vitnisburðum annarra né öðrum gögnum málsins, sem veitti viðhlítandi stuðning fyrir þeim sökum sem ákærði var borinn að í málinu. Var það því mat Hæstaréttar að framburður drengsins einn og sér nægði ekki, gegn eindreginni neitun ákærða, til þess að ákærvaldið yrði talið hafa fullnægt þeirri sönnunarbyrði sem það ber. Á þeim grundvelli sýknaði Hæstiréttur ákærða af kröfum ákærvaldsins.

Rökin að baki reglunni um sönnunarkröfur eru tvíþætt, annars vegar að koma í veg fyrir að saklausir verði dæmdir og hins vegar til þess að veita þjóðfélaginu ákveðna vernd gegn glæpum. Mikilvægt er að finna ásættanlegan milliveg á milli þessara tveggja sjónarmiða. Að dæma aldrei saklausan mann til refsinga er eitt æðsta boðorð réttarríkja og vegur þessi röksemd því þungt. Ljóst er því að því minni sönnunarkröfur sem gerðar eru því meiri líkur eru á að saklaus maður verður fundinn sekur fyrir brot er hann framdi ekki. Sömu rök eru til grundvallar þegar lög gera ráð fyrir hlutlægum refsingum eða þegar lög kveða á um líkur fyrir tiltekinni atburðarás. Ekki er þó ljóst að hvaða marki þessi framkvæmd er leyfileg, þar sem 2. mgr. 6. gr. MSE sker ekki úr um það.¹⁵⁵ Hægt er þó að líta til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Salabiaku gegn Frakklandi nr. 10519/83 frá 7. október 1988 en þar kom fram að framkvæmd sem þessi geti talist heimil samkvæmt lögum en sé þó alltaf takmörkunum háð. Einnig kom fram að MSE leggi ekki bann við að gert sé ráð fyrir löglíkum, en þegar um refsingar sé að ræða skuli halda slíku innan hæfilegra marka.¹⁵⁶ Í íslenskri löggjöf er að finna nokkur ákvæði um hlutlega refsíabyrgð en þau snúa þó flest öll að refsíabyrgð lögaðila. Vísast sem dæmi í þessu sambandi til II. kafla A almennra hegningarlaga þar sem finna má almenn ákvæði um refsíabyrgð lögaðila. Það er sjaldgæft að íslensk lög kveði á um hlutlega refsíabyrgð

¹⁵⁴ Jóhannes Sigurðsson og Þórir Júlíusson, „Hriktir í stoðum réttarríkis?“ [2014] Tímarit lögfræðinga 118.

¹⁵⁵ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 32.

¹⁵⁶ Salabiaku gegn Frakklandi (1988) Series A no 141.

einstaklinga, en það hefur þó reynt á það bæði á grundvelli ákvæða laga um stjórn fiskveiða og tollalaga.¹⁵⁷

Ekki þarf að ríkja algjör vissa um sekt sakbornings um að hann hafi framið þann verknað er hann er borinn að sökum um, heldur er aðeins er gerð krafa um að skynsamleg rök vefengi ekki sekt hans. Í þessu sambandi má líta til dóms Hæstaréttar Íslands frá 19. október 2006 í máli nr. 420/2006 þar sem ákærði var sakfelldur fyrir að hafa flutt til landsins verulegt magn af vökva sem innihélt amfetamínbasu og brennisteinssýru. Ákærði hélt því fram í málinu að hann hefði verið í góðri trú um að flöskurnar innihéldu vín og vatn. Það var hins vegar mat dómsins að skýring ákærða á tilvist flasknanna í farangri hans væri með ólíkindum. Auk þess áleit dómurinn það ótrúlega tilviljun að flöskurnar innihéldu efni sem notuð væru saman til framleiðslu á amfetamíni í neysluformi. Í málinu var ekki hægt að sýna fram á með fullri vissu að framburður ákærða væri ósannur, en þar sem skýringar hans voru taldar mjög ólíklegar og í ljósi málsatvika og annarra gagna er lágu fyrir þá komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að sakfella ákærða þar sem sekt hans var ekki talin vefngd með skynsamlegum rökum.

Meginreglan um ríkar sönnunarkröfur í sakamálum hefur marga ótvíræða kosti en einnig ákveðna galla. Ríkar sönnunarkröfur í sakamálum geta til dæmis leitt til ósamræmis á milli dómaframkvæmdar annars vegar og hins vegar þess raunveruleika sem þeim er ætlað að taka á sem veldur því að refsingar hafa ekki þau almennu varnaðaráhrif sem þeim er ætlað að hafa. Einnig kann sakborningur að vera í góðri stöðu til að halda sönnunargögnum leyndum eða til að afla sönnunargagna sem benda til þess að hann hafi ekki framið brot er hann framdi í raun og veru. Þetta á þó betur við suma brotaflokka en aðra, svo sem fíkniefnabrot. Einnig ber að geta að með ríkum sönnunarkröfum er ekki tekið það tillit til brotþola sem myndi teljast æskilegt. Þrátt fyrir þessa galla er meginreglan langt frá því að vera á undanhaldi, enda góð og gild rök sem liggja á baki henni sem hafa haldist í tímans rás.¹⁵⁸

¹⁵⁷ Eiríkur Tómasson, „Saklaus uns sekt er sönnuð: hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“ [2002] Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum, 20. febrúar 2001 136.

¹⁵⁸ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 33.

6.2 Mismunandi sönnunarkröfur eftir brotaflokkum

Sönnunarkröfur í sakamálum geta verið misstrangar eftir brotaflokkum. Ríkari sönnunarkröfur eru til dæmis gerðar í alvarlegum brotum líkt og morðmálum heldur en í einföldu umferðarlagabroti.¹⁵⁹ Minni sönnunarkröfur eru því almennt gerðar til minni háttar brota.¹⁶⁰ Rökin að baki meginreglunum um sönnunarbyrði og sönnunarkröfur hafa ekki sömu þýðingu í minni háttar brotum líkt og þegar um er að ræða alvarleg brot.¹⁶¹

Sum sakamál hafa þá sérstöðu að öflun sönnunargagna er sérstaklega erfið. Í því sambandi má sem dæmi nefna skipulagða glæpastarfsemi í tengslum við fíkniefni og fjármál, bæði innlenda sem erlenda. Í þeim málum reynist öflun sönnunargagna oft erfið þar sem vitni þora oft og tíðum ekki að tjá sig af hættu við tiltekna afleiðingar. Sama gildir um ýmis kynferðisbrotamál, en í þeim málum getur þetta vandamál einnig verið uppi þar sem oft er ekki um nein önnur bein sönnunargögn til að styðjast við í málinu heldur en framburðarskýrslur aðila. Algengt er því í kynferðisbrotamálum að óbein sönnunargögn, svo sem framburður skyldmenna, kennara, nágranna sem og annarra eru lögð fram til stuðnings við þau fátæklegu sönnunargögn sem fyrir liggja þó svo skýrslur þeirra lúti ekki að verknaðinum sjálfum.¹⁶² Vísast hér til dóms Hæstaréttar Íslands frá 20. október 2005 í máli nr. 148/2005 þar sem aðili var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn barni. Jón Steinar Gunnlaugsson þáverandi hæstaréttardómari skilaði áhugaverðu sératkvæði í dóminum þar sem kemur orðrétt fram:

Líklega eru vandfundin dæmi um að dómstólar hafi sakfellt ákærða menn fyrir refsiverð brot á slíkum grundvelli í öðrum flokkum afbrota. Þessu virðist ráða sú aðstaða að sönnunarfærsla um brot er jafnan erfið í málum af þessu tagi og svo hitt að brot, ef sönnuð eru, teljast án nokkurs vafa svívirðileg að almenningsáliti, [...]. Þessi aðstaða getur ekki að réttum lögum valdið því að sakborningar séu sviptir þeirri mannréttindavernd sem fyrrgreindum lagareglum um sönnunarfærslu í sakamálum er ætlað að tryggja þeim. Er með öllu óheimilt að láta þessar aðstæður valda því að farið sé svo með sönnunarbyrði sem héraðsdómur gerir hér, að snúa henni við og leggja á ákærða að hnekkja framburði þess sem á hann ber sakir.

Í sératkvæðinu hélt Jón Steinar því fram að sakfelling ákærða í héraðsdómi hafi eingöngu verið byggð á vitnisburði brotaþola. Hann taldi niðurstöðu héraðsdóms um sönnunargildi munnlegs

¹⁵⁹ Bogi Nilsson (n. 27) 342.

¹⁶⁰ Í þessu sambandi má sjá ákvæði 161. gr., 2. mgr. 163. gr. og 1. mgr. 164. gr. sml. en þau gefa sterka vísbendingu um að vægari kröfur séu gerðar til sönnunar og þar af leiðandi sé minni sönnunarbyrði í minni háttar brotum.

¹⁶¹ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 45.

¹⁶² sama heimild.

framburðar brotaþola hafa að einhverju leyti verið ranga og ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi er honum var gefin að sök. Af lestri dómsins verður hins vegar ráðið að til grundvallar niðurstöðunni voru töluvert af óbeinum sönnunargögnum, svo sem framburður vitna og skýrsla sálfræðings sem studdu frásögn brotaþola. Meirihluti Hæstaréttar horfði því til þessara óbeinu sönnunargagna sem talin voru byggja undir trúverðugleika framburðar brotaþola.

Eins og fram kom í kafla 3.1 hófst ritdeila á milli þeirra Jón Steinars Gunnlaugssonar og Eiríks Tómassonar í kjölfar þessa dóms. Þeir deildu meðal annars um hvort slakað hafi verið á sönnunarkröfum í kynferðisbrotamálum. Því hélt Jón Steinar meðal annars fram, það er að segja að dómstólar hafi slakað á sönnunarkröfum svo um munaði í þessum brotaflokkum. Hann vísaði til nokkurra dóma Hæstaréttar Íslands máli sínu til stuðnings,¹⁶³ sem dæmi um áfellsdóma í kynferðisbrotamálum þar sem hann taldi sönnunarfærslur hafa verið afar veikar.¹⁶⁴ Eiríkur Tómasson var hins vegar ósammála þessari staðhæfingu Jón Steinars, og hélt því fram að sönnunarstaðan í þessum málum væri oft aðeins frábrugðin því sem sést í öðrum sakamálum. Af þeim sökum taldi Eiríkur vandmeðfarið að bera saman sönnunarkröfur í þessum málum saman við þær sönnunarkröfur sem gerðar væru í öðrum brotategundum. Auk þess taldi hann að ekki væri hægt að sjá af dómum Hæstaréttar að slakað hafi verið á sönnunarkröfum í þessum brotaflokkum, svo um munaði, síðustu 10-15 árin.¹⁶⁵

Of strangar sönnunarkröfur í ákveðnum brotaflokkum geta haft þær afleiðingar að réttarkerfið virki hreinlega ekki eins og æskilegt væri og veiti ekki þá refsivernd sem refsilögum er ætlað að gera. Þó standa veigamikil rök gegn því að slaka á sönnunarkröfum. Það sem skiptir höfuðmáli, þegar kemur að sönnunarkröfum, er að ákærvaldið ber sönnunarbyrði fyrir þeim brotum er sakborningi er gefin að sök og að saklausir menn skulu ekki vera dæmdir.¹⁶⁶ Því er nauðsynlegt að fara ákveðinn milliveg sem tekur til beggja þessara sjónarmiða til að tryggja skilvirkni réttarvörslukerfisins.

¹⁶³ Jón Steinar vitnar í grein sinni „Mál af þessu tagi“ í eftirfarandi dóma Hæstaréttar Íslands þessu til stuðnings: mál nr. 454/2001, 138/2003, 148/2005, 44/2006 og 243/2006.

¹⁶⁴ Jón Steinar Gunnlaugsson, „Mál af þessu tagi“ [2008] Tímarit lögréttu 103–104.

¹⁶⁵ Eiríkur Tómasson, „Eiga sérhagsmunir að vera rétthærri almannahagsmunum?“ [2008] Úlfjótur 385.

¹⁶⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 2) 45–46.

7. Hvaða sönnunarkröfur eru gerðar þegar fatlaðir eiga í hlut?

Eins og fram hefur komið er markmiðið með höfðun sakamáls að leiða hið sanna og rétta í ljós, svo hægt sé að taka efnislega rétta ákvörðun um sekt eða sýknu ákærða, og refsingu ef sekt hans telst sönnuð. Sönnun hefur því gríðarlegt vægi í sakamálum, þar sem niðurstaða um sekt eða sýknu ræðst ætíð af sönnun. Sönnunarbyrðin hvílir á ákærvaldinu og kemur það því í þeirra hlutverk að færa fyrir dóminn sönnur á því hvað hið sanna og rétta sé í hverju máli fyrir sig. Almennt eru gerðar ríkar sönnunarkröfur í sakamálum, en þó þarf ekki að liggja fyrir algjör vissa um sekt ákærða, en gerð er sú krafa til sönnunar að sönnunargögn er lúta að sekt ákærða séu þess eðlis að ekki sé unnt að vefengja þau með skynsamlegum rökum. Tegund, efni og vægi sönnunargagna sem kunna að vera lögð til grundvallar sönnunar í sakamálum geta verið mjög mismunandi. Fer það til dæmis eftir því um hvaða brotaflokk ræðir auk annarra atviksbundinna aðstæðna sem kunna að vera fyrir hendi. Við dómarrannsóknina varð það ljóst að kynferðisbrot gegn fötluðum eru með algengustu ofbeldisbrotunum gegn þessum viðkvæma hópi, enda eru fatlaðir einstaklingar í mun meiri hættu á að verða fyrir kynferðisbrotum en ófatlaðir.¹⁶⁷ Sá brotaflokkur býr yfir þeirri sérstöðu að öflun sönnunargagna getur reynst sérstaklega erfið þar sem oft og tíðum er lítið sem ekkert um bein sönnunargögn til að styðjast við. Sönnunargögn í málum af þessum toga einkennast því að miklu leyti af óbeinum sönnunargögnum og framburði brotaþola og vitna, og þar af leiðandi ræðst niðurstaða dómstóla iðulega af mati á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Það sem einkennir svo þá dóma sem til skoðunar eru í ritgerð þessari er að brotaþolarnir eru með einhvers konar fötlun, en það hefur lengi gætt þess sjónarmiðs að fatlaðir séu óáreiðanleg vitni og því þurfi að gæta varúðar við að leggja framburð þeirra til grundvallar sakfellingu. Eins og fjallað er um hér að ofan, í kafla 5.2, eru fatlaðir einstaklingar oft leiðitamir, undanlátssamir og vilja oft þóknast spyrjandanum. Sú staðreynd að brotaþoli sé fatlaður gerir því sönnunarstöðuna oft og tíðum enn meira krefjandi þar sem leggja þarf meira upp úr því að ná fram góðum framburði hjá brotaþola og dómurinn þarf að geta lagt mat á framburð hans með tilliti til þeirrar fötlunar sem um ræðir.

Í þessum kafla verður reynt að varpa ljósi á það hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum þegar um er að ræða fatlaða brotaþola, það er hvort gerðar séu sömu kröfur og almennt þegar ófatlaðir eiga í hlut. Þá verður skoðað sérstaklega hvort þróun hafi átt sér stað í þá átt að slakað hafi verið á sönnunarkröfum í þessum málum eða hvort rök standi

¹⁶⁷ Ríkissaksóknari (n. 69) 5.

til þess. Verður það gert með dómarrannsókn og bornir saman dómur þar sem málsatvik eru lík og rekin þau atriði sem virðast hafa hvað mest áhrif á sönnunarmatið. Svo ályktanir sem dregnar verða af dómunum séu marktækar var afráðið að takmarka athugunina við dóma Landsréttar og Hæstaréttar Íslands sem varða ofbeldisbrot gegn fötluðum frá 10. mars 1999, en þá var lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 breytt¹⁶⁸ og fram til apríl 2021. Breytingarnar sem gerðar voru á lögnum þann 10. mars 1999 voru þess eðlis að lögfest voru flest þau ákvæði sem hafa verið hvað mest til skoðunar í ritgerð þessari, en þau ákvæði eru 59. gr., 111. gr. og 123. gr. sml. og fjalla um skýrslutökur. Ákvæði þessi fóru svo að mestu leyti óbreytt inn í lög um meðferð sakamála þegar þau voru lögfest þann 12. júní 2008, en þó voru um smávægilegar breytingar að ræða. Ekki er hægt að leita upp dóma þar sem ákært var fyrir ofbeldisbrot gegn fötluðum út frá réttarákvæði þar sem engu slíku er til að dreifa. Við dómarrannsóknina var því unnið eftir ákveðnum leitarorðum, en þau orð voru „fötlun“, „þroskahömlun“, „einhverfa“ og „geðsjúkdómar“. Þá voru helstu ofbeldisbrotin skoðuð en þau eru kynferðisbrot, nauðgun, ofbeldi og líkamsárás og að lokum nauðung. Allir þeir dómur sem komu upp út frá framangreindum leitaraskilyrðum voru skoðaðir en svo umfangsmikilli athugun er ekki unnt að gera tæmandi skil hér. Málín voru því flokkuð eftir þeim atriðum sem höfðu áhrif á sönnunarkröfurnar og valdir dómur reifaðir, en vísað til annarra um þau atriði sem eru til skoðunar hverju sinni. Því er ekki um tæmandi rannsókn að ræða en hún varpar þó ljósi á hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í málum af þessum toga.

Þá vill höfundur koma því á framfæri að í kafla þessum er notast á við þá hugtakanotkun um fatlanir sem notuð er í þeim ákærum og dómum sem eru hér til skoðunar. Sú hugtakanotkun kann þó ekki að samræmast þeim hugtökum sem hagsmunasamtök og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nota.

7.1 Atriði sem hafa áhrif á sönnunarkröfurnar

7.1.1 Ákærði játar háttarnislýsingu en neitar sök í málinu

Dómarrannsóknin leiddi enga játningardóma í ljós, þar sem ákærði játar sök skýlaust. Hins vegar voru fáeinir dómur þar sem ákærði játaði háttarnislýsingu, að heild eða að hluta, en neitaði þó sök í málinu, og verður fjallað sérstaklega um þá dóma hér. Þeir dómur eiga það sammerkt að um kynferðisbrot eru að ræða þar sem ákærði játar að hafa haft einhver

¹⁶⁸ Lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum, nr. 36/1999.

kynferðisleg samskipti við hinn fatlaða brotþola, en neitar að hafa nýtt sér annmarka brotþola til að ná þeim kynferðislegum samskiptum fram. Sönnunarstaðan í þessum dómum snýr því að miklu leyti að því hvort fötlun brotþola hafi verið þess eðlis að brotþolarnir gátu ekki veitt samþykki til einhvers konar kynferðislegra samskipta sem og athafna. Dómarnir verða skoðaðir með sérstöku tilliti til þess hvaða sönnunarkröfur séu gerðar í hverju máli fyrir sig þar sem játning á hátternislýsingu liggur fyrir og hvaða áhrif það hefur fyrir úrslit málsins. Þetta verður skoðað með hliðsjón af því að brotþolarnir séu fatlaðir og athugað verður hvort það hafi einhver áhrif við úrslit málsins.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 28. maí 2003 í máli nr. 47/2003 var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart brotþola með því að hafa notfært sér þroskahömlun hennar til að hafa við hana samræði sem hún gat ekki spornað við sökum andlegra annmarka. Ákærði viðurkenndi að hafa haft samræði við brotþola en lýsti sig saklausan þar sem hann hélt því fram að hann hefði ekki notfært sér þroskahömlun og andlega annmarka brotþola til að ná fram vilja sínum, líkt og greindi í ákæru. Þá hélt hann því fram að kynferðismökin hefðu verið með fullum vilja brotþola. Í álitsgerð sálfræðings kom fram að brotþoli væri með þroskahömlun. Þá lá einnig fyrir vottorð kvensjúkdómalæknis er framkvæmdi læknisskoðun á brotþola eftir meint brot en samkvæmt því voru engin áverkamerki á brotþola. Fyrir héraðsdómi var framburður brotþola talinn vera áreiðanlegur og trúverðugur í alla staði þó hann hafi ekki verið alveg hnökralaus en það var talið skýrast af þroskahömlun brotþola. Þar af leiðandi þótti ekki varhugavert að leggja framburð brotþola til grundvallar í málinu, enda framburður ákærða talinn að sama skapi vera ótrúverðugur, en hann meðal annars breytti framburði sínum milli skýrslna. Þá var það mat dómsins að engum meðalgreindum manni, gæti blandast hugur um að brotþoli væri greindarskert, þar sem útlit hennar, framkoma og orðfæri bæri það ótvírætt með sér. Var það því niðurstaða dómsins að það væri hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi notfært sér andlega annmarka brotþola til að hafa við hana samræði, og var hann því sakfelldur.

Áhugavert er í dómi þessum hversu mikið dómurinn leggur upp úr eigin mati á fötlun brotþola. Niðurstaða dómsins byggði að miklu leyti á skoðun á myndbandsupptöku og skýrslu brotþola fyrir dómi, þó svo einhver gögn lágu til grundvallar um fötlun brotþola. Er því ekki að sjá af lestri dómsins að gerðar hafi verið strangar kröfur til sönnunargagna um

fötlun brotþola, þar sem hún var talin það augljós að hvaða meðalgreindur maður hefði átt að gera sér grein fyrir annmörkum brotþola.

Annað sambærilegt mál er dómur Hæstaréttar Íslands frá 31. maí 2007 í máli nr. 666/2006 en þar var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart þroskahömluðum starfsmanni á hæfingarstöð fyrir fatlaða einstaklinga, með því að hafa tvisvar sinnum haft við hana samræði og notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka. Ákærði viðurkenndi háttternislýsinguna, líkt og í ákæru greindi, en kvað samfarirnar hafa verið með fullu samþykki brotþola og hélt því þar af leiðandi fram að hann hefði ekki notfært sér þroskahömlun hennar. Brotþoli greindi í meginatriðum eins frá brotunum hjá félagsráðgjafa, lögreglu, lækni og fyrir dómi. Var það álit dómsins að framburður hennar hafi verið trúverðugur og borinn fram af mikilli einlægni um það hvernig atburðarásin var og að hún hafi reynt að koma í veg fyrir brot ákærða með því að neita honum. Þá lá til grundvallar í málinu vitnisburður sálfræðings sem og læknisvottorð um þroska og heilbrigðisástand brotþola en þar kom meðal annars fram að auðvelt væri að notfæra sér andlega annmarka brotþolans. Auk þess lá til grundvallar vottorð læknis þar sem fram kom að engir áverkar hafi verið á brotþola eftir meint brot. Við mat á sönnunargildi framburðar ákærða var litið til þess að hann breytti fyrsta framburði sínum hjá lögreglu við síðari yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi, og var það talið rýra nokkuð trúverðugleika framburðar hans. Ákærði hélt því fram, við síðari yfirheyrslur, að samfarirnar hefðu verið að hennar frumkvæði, en brotþoli þverneitaði fyrir að hafa sýnt ákærða kynferðislegan áhuga. Dómurinn taldi því ekkert fram komið sem renndi stoðum undir þá staðhæfingu ákærða. Niðurstaða dómsins var að ákærða hefði ekki geta dulist að brotþoli væri þroskahömluð og því hafi honum hlotið að vera ljóst að hún hefði ekki yfir að ráða andlegum styrk til að standast þrýsting um kynmök af hálfu manns er hún treysti, enda kváðu gögn málsins á um að fötlun brotþola væri alvarleg og augljós. Var ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi er honum var gefin að sök í ákæru.

Af þessum dómi verður ekki annað ráðið en að rétturinn hafi talið framburð brotþola sem og þau óbeinu sönnunargögn sem lágu til grundvallar uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til sönnunar, þar sem það var talið nægilegt til sakfellingar. Enda leggur dómurinn áherslu á það að ekkert í málinu hafi rennt stoðum undir staðhæfingu ákærða um þann hluta málsins er orð hans stóð gegn orðum brotþola. Varð því sú staða uppi í málinu að ákærði hefði þurft að færa

líkur fyrir því að staðreynd hans væri sú sanna og rétta til að forða sér frá sakaráfalli þar sem ákærvaldið hafði þegar fullnægt sönnunarbyrði sinni að mati dómsins.

Ýmis líkindi má sjá með framangreindum dómum, það er dómum Hæstaréttar í málum nr. 47/2003 og nr. 666/2006. Í báðum málunum játaði ákærði hátternislýsingu ákærunnar í heild, auk þess sem til grundvallar lágu læknisfræðileg gögn sem sýndu enginn áverkamerki, sem og utanréttarvottorð, en það eru vottorð sem gefin eru út af lækni eða öðrum sérfræðingi sem framkvæma skoðanir án þess að vera til þess sérstaklega dómkvaddir. Þá voru ákærðu sakfelldir í báðum málunum fyrir þá háttsemi er þeim var gefin að sök og því ekki annað séð en að þau gögn sem lágu til grundvallar hafi verið nægileg til sakfellingar. Ekki er að sjá af lestri dómanna að sérstaklega strangar kröfur séu gerðar til sönnunar, ef ljóst er að fötlun brotaþola sé þess eðlis að hún sé alvarleg og augljós. Helsti greinarmunurinn á dómum þessum er að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 47/2003 lagði dómurinn í raun sjálfur það mat á fötlun brotaþola, að hún ætti að vera meðalgreindum manni ljós. Á meðan að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 666/2006 var sérstaklega vísað til þeirra sérfræðigagna er lágu til grundvallar og vörpuðu ljósi á fötlun brotaþola við úrlausn málsins. Auk þess verður ekki séð að það komi að sök í málunum að læknisfræðilegu gögnin sýni ekki fram á áverkamerki þar sem fyrir liggur þegar játning ákærða á háttseminni sjálfri.

Þá er áhugavert að skoða dóma þar sem ákærði játar aðeins hluta af hátternislýsingu til samanburðar við framangreinda dóma. Í því sambandi má nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. nóvember 2014 í máli nr. 355/2014 þar sem ákærði var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn brotaþola og fyrir að hafa notfært sér andlega fötlun hennar þar sem hún gat ekki spornað við samræðinu eða skilið þýðingu þess. Ákærði viðurkenndi við rannsókn málsins hjá lögreglu háttsemi sína eins og henni var lýst í ákæru, en neitaði þó að hafa haft samræði við brotaþola eftir ákveðið tímabil, það er viðurkenndi ekki eins langt tímabil og ákært var fyrir. Var játning hans í samræmi við ákæru sem og framburð brotaþola. Ákærði hélt því þó fram að kynmökkin hefðu ávallt farið fram með samþykki brotaþola og oft jafnvel að hennar frumkvæði. Í dómi héraðsdóms kom fram að það væri hafið yfir allan vafa að brotaþoli væri andlega fötluð. Einnig var vísað til viðurkenningar ákærða á því að hann hafi gert sér fulla grein fyrir fötlun hennar. Í málinu lá fyrir greinargóð matsgerð dómkvadds matsmanns þar sem gert var sálfræðilegt mat á brotaþola. Í niðurstöðu dóms Hæstaréttar var vísað til þess að ekki væri hægt að leggja til grundvallar að brotaþoli hafi verið fær um að gefa samþykki sitt fyrir kynmökunum, en þetta

fékk stoð í matsgerð sálfræðingsins. Var það mat dómsins að sú vörn ákærða væri því haldlaus. Hér verður ekki annað séð en að rétturinn hafi veitt matsgerð sálfræðingsins töluvert vægi við úrslit málsins og hún verið nægileg stoð til sakfellingar. Þó var ekki fallist á sekt ákærða fyrir eins langt tímabil og ákært var fyrir, þar sem það var ekki talið sannað gegn eindreginni neitun ákærða.

Þá má sjá svipaða niðurstöðu í dómi Landsréttar frá 31. maí 2019 í máli nr. 141/2018. Í málinu var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn brotþola með því að hafa nýtt sér andlega fötlun hennar, yfirburðastöðu sína gagnvart henni og traust hennar til hans, til þess að ná fram kynferðislegum samskiptum. Í málinu voru ákærði og brotþoli ein til frásagnar um það sem þeim fór á milli. Ákærði neitaði sök og að hafa nýtt sér fötlun brotþola, en játaði þó að mestu háttarnislýsingu ákærunnar. Varðandi framburð brotþola þá mat héraðsdómur hann trúverðugan þó svo hann hafi ekki verið hnökralaus og taldi þá annmarka er voru á framburðinum skýrast af fötlun hennar. Þá þótti dóminum ekki varhugavert að leggja til grundvallar skýlausa játningu ákærða varðandi fjölda tilvika, þó hann hafi borið um fleiri tilvik en brotþoli, þar sem dómurinn taldi brotþola eiga erfitt með að bera um fjölda tilvika og tímasetningar. Í málinu stóð orð gegn orði varðandi það hvort ákærði hafi farið með fingur inn í leggöng hennar, og taldi dómurinn það ósannað gegn staðfastri neitun ákærða þótt framburður brotþola hafi verið metinn afar trúverðugur, en þá fékk hann ekki stuðning í öðrum gögnum málsins. Þá þótti dóminum ekki varhugavert að leggja til grundvallar að ákærða hefði mátt vera ljóst að brotþoli væri andlega skert. Framburður ákærða var að mestu leyti stöðugur og í samræmi við framburð brotþola, en varðandi það hvort brotþoli hafi verið hæf til að gefa upplýst samþykki til kynferðislegra athafna, líkt og ákærði hélt fram, var ekki að sama skapi trúverðugt að öllu leyti. Framburður hans um að brotþoli hafi sýnt frumkvæði að kynferðislegum samskiptum var afar óljós og ótrúverðugur. Auk þess sem gögn málsins og framburður vitna gáfu til kynna að hæfi brotþola til að gefa slíkt samþykki hafi verið verulega skert. Meðal málsgagna var álitsgerð sálfræðings sem unnin var að beiðni lögreglunnar og ákærvaldsins, sem og matsgerð dómkvadds matsmann og yfirmatsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna. Gögn þessi snerust öll um andlegar aðstæður brotþola. Niðurstaða þessara gagna hnigu öll í sömu átt, en samkvæmt þeim var brotþoli með fötlun sem hafi átt að vera öllum ljós sem höfðu umgengist hana og við hana haft samskipti. Var það því mat dómsins að fram væri komin lögfyll sönnun um að ákærði hafi misnotað andlega fötlun brotþola og beitt hana ólögumatri nauðung.

Ef framangreindir dómur eru skoðaðir saman, það er dómur Hæstaréttar í máli nr. 355/2014 og dómur Landsréttar í máli nr. 141/2018, má sjá hvaða áhrif staðföst neitun ákærða á hluta háttternislýsingunnar hefur við úrlausn málsins og þær sönnunarkröfur sem gerðar eru í slíkum tilfellum. Eins og gefur til kynna þá neituðu ákærðu í báðum málunum hluta af háttternislýsingu ákærunnar auk þess að hafa nýtt sér fötlun brotþola. Í þessum málum er sönnunarstaðan því þess eðlis að ákærvaldið þarf að sanna bæði hluta af háttseminni eins og greint er frá henni í ákæru og einnig sýna fram á að fötlun brotþola sé þess eðlis að þær hafi hvorki getu né skilning til að veita samþykki til kynferðislegra samskipta. Dómarnir hafa það sammerkt að aflað var matsgerðar dómkvaddra matsmanna um andlegt ástand brotþola auk þess sem í hvorugum málunum voru lögð fram einhver læknisfræðileg gögn sem sýndu fram á skoðun á brotþola.

Í hvorugum málunum var fallist á sekt ákærða um þá hluta er ákærðu neituðu háttternislýsingu, sem sýnir hversu mikil áhrif staðföst neitun ákærða á háttsemi hefur í sakamálu af þessum toga. Ljóst er því að strangari sönnunarkröfur eru gerðar þegar neitun ákærða liggur fyrir. Ákveðinn greinarmun má sjá á þeim kröfum sem gerðar eru til sönnunar þegar ákærvaldið þarf aðeins að sanna að ákærði hafi notfært sér fötlun brotþola og svo þegar ákærvaldið þarf einnig að sanna einhvern hluta háttternislýsingunnar. Sönnunarstaðan verður töluvert erfiðari fyrir ákærvaldið í þeim málu þar sem ákærði neitar einhverjum hluta háttternislýsingunnar. Því verður ekki annað ráðið en að strangari sönnunarkröfur eru gerðar þegar sanna þarf háttternislýsinguna sjálfa heldur en ef aðeins þarf að sanna hvort ákærði hafi gert sekur um refsiverðan verknað með því að notfæra sér fötlun brotþola.

Þá er áhugavert að líta til þess að í dómum Hæstaréttar í máli nr. 47/2003 og nr. 666/2006 voru aðeins lögð til grundvallar utanréttarvottorð um heilbrigðisástand brotþola á meðan að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 355/2014 og dómi Landsréttar í máli nr. 141/2018 var sérstaklega aflað matsgerðar dómkvaddra matsmanna til að meta ástand brotþola. Almennt er talið að matsgerðir hafi ríkara sönnunargildi en önnur sérfræðiálit, svokölluð utanréttarvottorð, sem aðrir en dómkvaddir matsmenn framkvæma, en það kann að skýrast af því að slíkum sönnunargögnum er einhliða aflað.¹⁶⁹ Í XIX. kafla laga um meðferð sakamála er að finna kafla um matsgerðir og þar kemur meðal annars fram hvernig þeim skuli háttað. Þrátt fyrir að utanréttarvottorð kunni að hafa vægari sönnunargildi almennt

¹⁶⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir, *Einkamálaréttarfar* (Úlfjótur 2013) 231.

þykir ekki að sjá af lestri dómanna að það hafi komið að sök í Hæstaréttardómum nr. 47/2003 og 666/2006 þar sem ákærðu voru sakfelldir fyrir þá háttsemi er þeim var gefin að sök. Þau gögn sem lágu til grundvallar í báðum þessum málum ásamt trúverðugum framburði brotaþolanna voru talinn nægileg til sönnunar um að fötlun brotaþola væri þess eðlis að þær höfðu ekki getu eða skilning til að veita samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum. Kann það mögulega að skýrast af því að fötlun brotaþolanna var augljós og þar af leiðandi gögn þessi talin nægileg til sakfellingar. Dregin er því sú ályktun að ekki séu gerðar sérstaklega strangar kröfur til þeirra gagna er varpa ljósi á fötlun brotaþola, ef fötlunin er þess eðlis að hún sé alvarleg og augljós.

Af lestri dómanna verður einnig ráðið að ekki sé nauðsynlegt að leggja fram lækisfræðileg gögn til að uppfylla þær sönnunarkröfur sem gerðar eru í málum þar sem fyrir liggur játning ákærða á háttseminni sjálfri. Þar sem það kom hvorki að sök í dómum Hæstaréttar í málum nr. 47/2003 og 666/2006 að engin áverkamerki fundust og engin slík gögn voru lögð fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 355/2014 og dómi Landsréttar í máli nr. 141/2018.

Eins og sést á framangreindum dómum, þar sem ákærði jatar háttternislýsinguna, þá var sakfellt í öllum málunum. Af dómunum verður því ráðið að ekki séu gerðar eins strangar kröfur um aðra þætti málsins í þeim tilvikum þar sem játning ákærða á háttseminni sjálfri liggur fyrir. Þá má sjá af lestri dómanna að alla jafna nægir það til sakfellingar að til grundvallar séu gögn sem varpa ljósi á að fötlun brotaþola sé þess eðlis að hún sé augljós og að ákærði hefði mátt vita að brotaþoli gæti ekki sökum fötlunar sinnar veitt samþykki til kynferðislegra samskipta. Eins og ofangreindir dómar bera með sér þá er sú háttsemi sönnuð með sérfræðigögnum, svo sem vottorðum, skýrslum eða matsgerðum. Dregin er því sú ályktun að slík gögn uppfylli þær sönnunarkröfur sem gerðar eru í málum af þessum toga.¹⁷⁰ Þá verður einnig ekki annað séð en að strangari kröfur séu gerðar þegar sanna þarf háttternislýsingu gegn neitun ákærða heldur en ef sönnunarstaðan er þess eðlis að aðeins þurfi að sanna hvort ákærði hafi nýtt sér fötlun brotaþola.¹⁷¹

¹⁷⁰ Sjá einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. desember 2008 í máli nr. 284/2008 og dóm Hæstaréttar Íslands frá 31. október 2013 í máli nr. 526/2013

¹⁷¹ Sjá einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 17. desember 2009 í máli nr. 54/2009, dóm Hæstaréttar Íslands frá 3. desember 2009 í máli nr. 312/2009, dóm Hæstaréttar Íslands frá 26. maí 2005 í máli nr. 56/2005 og dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. desember 2008 í máli nr. 284/2008 um þann hluta málsins er ákærði neitar að hafa sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri stúlkunnar.

7.1.2 Ákærði neitar alfarið sök í málinu

Í meirihluta þeirra dóma sem skoðaðir voru við dómarannsókn þessa neituðu ákærðu alfarið sök í málunum. Sönnunarstaðan í slíkum málum er því á þann veg að ákærvaldið ber að sanna að sú hátternislýsing er ákæran greinir á um sé hið sanna og rétta gegn eindreginni neitun ákærða. Hér verður fjallað um þá dóma og skoðað sérstaklega hvaða sönnunarkröfur eru gerðar þegar eindregin neitun ákærða liggur fyrir. Það er hvenær telst ákærvaldið hafa fullnægt sönnunarbýrði sinni þannig að þær sönnunarkröfur sem gerðar eru, séu taldar nægilegar til sakfellingar, og hvað var ábótavant í þeim málum þar sem sönnunarkröfum var ekki uppfyllt. Þar sem dómarannsókn þessi snýr að sönnunarkröfum í sakamálum þegar fatlaðir brotapolar eiga í hlut verða sönnunarkröfurnar skoðaðar með hliðsjón af fötlun brotþola og hvort þeir annmarkar sem fylgja fötlun brotþola hafi einhver áhrif á sönnunarkröfurnar og þar af leiðandi á dómsniðurstöðu.

7.1.2.1 Framburður brotþola hefur stuðning í öðrum gögnum máls

Fjallað verður hér sérstaklega um þá dóma þar sem framburður brotþola fær stuðning í gögnum máls. Athugað verður hvaða áhrif það hefur á sönnunarmatið ef óbein sönnunargögn eru fyrir hendi sem styrkja frásögn brotþola og hversu miklar kröfur eru gerðar til þess að framburður brotþola fái stoð í gögnum máls.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 20. maí 2010 í máli nr. 448/2009 var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gegn brotþola og fyrir að hafa notfært sér meðal annars þroskaskerðingu hans, reynsluleysi af kynlífi og tölvufíkn. Ákærði neitaði alfarið sök í málinu. Við mat á trúverðugleika framburðar ákærða og brotþola leit dómurinn meðal annars til tölvusamskipta sem lágu fyrir í málinu en þau renndu stoðum undir þá háttsemi er ákærða var gefin að sök í ákæru. Þá var litið til þess að í framburði ákærða var nokkuð um ótrúverðugar skýringar, meðal annars á því hver tilgangur ákærða var með að hitta brotþola. Þá var sérstaklega litið til vottorðs og vættis læknis á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala- háskólasjúkrahúss sem hélt því fram að börn með ódæmigerða einhverfu, líkt og brotþoli var greindur með, segðu yfirleitt satt og rétt frá þegar þau væru spurð og væru ekki mikið gefin fyrir ýkjur. Þá mat héraðsdómur frásögn brotþola í alla staði trúverðuga og lagði hana því til grundvallar niðurstöðu í málinu. Var það mat dómsins að það hafi verið yfir skynsamlega vafa hafið að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi er ákæran kvað á um og þar af leiðandi var hann sakfelldur. Af dóminum verður ráðið að vottorð læknis sem og tölvusamskiptin sem lágu til

grundvallar hafa vegið hvað þyngst við mat á sönnun, enda sérstaklega til þessara gagna vísað í forsendum héraðsdóms við mat á trúverðugleika brotaþola, sem staðfest var síðan af Hæstarétti.

Annar dómur þar sem framburður brotaþola fékk stuðning í gögnum máls var dómur Hæstaréttar Íslands frá 23. október 2014 í máli nr. 388/2014. Í málinu var ákærði sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn tveimur systurum en hann neitaði öllum sakargiftum í málinu. Önnur systirin var með greiningu á einhverfurófi og með athyglisbrest. Í málinu lá fyrir vottorð um heilbrigðisástand brotaþola frá sálfræðingi í Barnahúsi en þar kom sérstaklega fram að þeir sem væru greindir á einhverfurófi ættu það til að vera bókstaflegir og væru ekki að fegra eigin hlut. Framburður brotaþola var metinn trúverðugur, auk þess sem hann fékk stoð í framburði annarra vitna og skýrslum sálfræðinga sem höfðu haft brotaþola til meðferðar. Þá lá einnig fyrir vottorð kvensjúkdómalæknis um skoðun á brotaþola sem rengdi að hluta til framburð brotaþola en aftur á móti studdu skýringar kvensjúkdómalæknisins frásögn brotaþola að einhverju leyti þegar kom að útskýringum brotaþola á meintu kynferðisbroti. Einnig lá fyrir mat sálfræðings á sálrænu heilbrigðisástandi, hugarástandi og siðferðisvitund ákærða, þar sem fram kom að ákærði væri haldinn barnagirnd. Niðurstaða dómsins var að það hafi verið yfir skynsamlega vafa hafið að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem honum var gefin að sök í ákæru. Mat dómsins byggðist á heildstæðu mati á öllum gögnum málsins sem og trúverðugs framburðar brotaþola annars vegar og hins vegar ótrúverðugs framburðar ákærða, en innbyrðis ósamræmi var í frásögn ákærða.

Til skýringar á því hvernig ólík gögn geta haft áhrif á úrslit máls og hvaða atriði hafa áhrif á sönnunarkröfurnar í hverju máli fyrir sig verða tveir síðastnefndu dómur Hæstaréttar, það er mál nr. 448/2009 og mál nr. 388/2014 bornir saman. Dómarnir eiga það sammerkt að framburður ákærða var metinn ótrúverðugur en framburður brotaþola trúverðugur. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 448/2009 hafði hvað mest áhrif á sönnunarmatið þau tölvusamskipti sem lágu til grundvallar sem og vottorð læknis er skýrði frá fötlun brotaþola, en þau atriði höfðu gríðarlegan sönnunarpunga við úrslit málsins. Hins vegar var í dómi Hæstaréttar í máli nr. 388/2014 ýmis sönnunargögn sem lágu til grundvallar sem langflest styrktu frásögn brotaþola til muna. Ekki er að sjá af lestri dómsins að einhver einstök sönnunargögn hafi vegið þyngra við sönnunarmatið heldur en önnur. Þá er eins og fyrr segir ólík gögn sem liggja til grundvallar í málunum sem leiða þó í báðum tilvikum til sakfellingar. Í báðum málunum fékk trúverðugur

framburður brotaþola töluverðan stuðning í gögnum málanna auk þess sem framburður ákærða var metinn ótrúverðugur og voru atriði þessi talin næga til sakfellingar gegn neitun ákærða. Hér er ekki að sjá að slakað hafi verið á sönnunarkröfum svo nokkru muni, heldur hafi ákærvaldið í málum þessum náð að fullnægja þeirri sönnunarbyrði sem á þeim hvílir með óbeinum sönnunargögnum, með tilliti til þeirra aðstæðna sem voru uppi. Þó kann það að hafa haft áhrif á sönnunarkröfurnar að framburður ákærða var metinn ótrúverðugur.

Þá er áhugavert að líta til dóms Hæstaréttar Íslands frá 1. október 2009 í máli nr. 141/2009 en þar var aðili ákærður fyrir nauðgun með því að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við brotaþola, gegn vilja hennar, og þannig notfært sér það að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka. Í málinu lá fyrir skýrsla fæðingar- og kvensjúkdómalæknis, um skoðun brotaþola á neyðarmóttöku en þar kom fram að áverkar hafi fundist á brotaþola. Fyrirnefndur læknir taldi áverka á brotaþola passa við lýsingar hennar á meintu kynferðisbroti. Auk þess lá fyrir í málinu skýrsla sálfræðings sem unnin var að beiðni lögreglunnar vegna rannsóknar málsins auk matsgerð dómkvaddis matsmanns sem einnig var unnin af sálfræðingi. Gögn þessi vörpuðu ljósi á fötlun brotaþola, en hún var með töluverða þroskahömlun. Ákærði neitaði sök í málinu en dómurinn taldi framburð ákærða vera nokkuð á reiki. Þá var það mat dómsins að skýringar ákærða á breyttum framburði fyrir dómi hafi verið ótrúverðugar. Framburður brotaþola var, að mati dómsins, hins vegar staðfastur, skýr og greinargóður. Á grundvelli þess sem og skýrslu fæðingar- og kvensjúkdómalæknis taldi dómurinn sannað að ákærði hefði nuddað kynfæri brotaþola, en sýknaði hann af ákæruatriðum er lutu að notkun kynlífstækis og að hafa stungið fingri inn í kynfæri brotaþola. Þá var það einnig mat dómsins að ákærða hefði ekki geta dulist að brotaþoli ætti við andlega annmarka að stríða og vísar í því sambandi til vottorðs sálfræðings sem og matsgerð dómkvaddis matsmanns. Af þeim sökum var ákærði sakfelldur fyrir að hafa notfært sér það að brotaþoli gat ekki spornað við verknaðinum.

Af þessum dómi verður það ráðið að framburður brotaþola verður að fá ákveðin stoð í gögnum máls svo til sakfellingar komi, til að mynda féllst Hæstiréttur í máli þessu ekki á að sakfella ákærða fyrir notkun kynlífstækis þó til grundvallar lægi trúverðugur framburður brotaþola gegn óskýrum og reikulum framburði ákærða. Aðeins var fallist á trúverðugan framburð brotaþola að því leyti sem hann fékk stoð í læknisfræðilegum gögnum málsins. Trúverðugur framburður brotaþola nægði því ekki einn og sér til sakfellingar þrátt fyrir ótrúverðugan framburð ákærða þar sem framburður brotaþola fékk ekki beina augljósa stoð í læknisfræðilegum gögnum eða

öðrum gögnum um þann hluta málsins. Hér verður ekki annað séð en að þau læknisfræðilegu gögn sem til grundvallar lágu höfðu ákveðin sönnunarpunga og hafi í raun gert útslagið þegar kom að úrslitum málsins.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 19. maí 2011 í máli nr. 571/2010 var maður ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart dóttur sinni og fyrir að hafa notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka. Ákærði neitaði staðfastlega sök í málinu og að mati dómsins var ekkert fram komið í málinu sem var til þess fallið að hnekkja framburði ákærða eða rýra gildi hans svo nokkru muni. Í héraðsdómi var sérstaklega tekið fram að líta bæri til fötlunar brotþola við mat á framburði hennar um ætlað athæfi ákærða og taka þyrfti tillit til þess að framburður hennar um atvik hafi ekki verið fyllilega glöggur og eindreginn vegna atgervis hennar og þroska. Dómurinn taldi þó ósamræmi vera milli framburðar brotþola og bræðra hennar um ætlað athæfi ákærða, en vísaði til þess að framburður brotþola fengi aftur á móti nokkurn stuðning af skýrslum og vætti sérfræðinga. Í málinu lágu fyrir ýmis sérfræðigögn um hagi og heilsufar brotþola. Þar á meðal var mat Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, vottorð heimilislæknis þar sem rakin var félags- og sjúkrasaga brotþola, vottorð kvensjúkdómalæknis, læknabréf kvennadeildar og vottorð sálfræðings sem hafði haft brotþola til meðferðar hjá sér eftir meint brot. Þá lá einnig til grundvallar matsskýrsla sálfræðings sem einnig var sérfræðingur á sviði fatlana sem kvað á um að brotþoli væri greind ofarlega á stigi vægrar þroskahömlunar. Í vottorði kvensjúkdómalæknis um kvenskoðanir sem brotþoli hafði undirgengist, kom fram að meyjarhaft brotþola væri órofið, og taldi því umræddur læknir ólíklegt að samfarir hefðu verið hafðar við brotþola, þó ekki væri unnt að útiloka það með öllu. Fyrir héraðsdómi var sérstaklega litið til þessara læknisfræðilegra gagna, auk þess sem ekki var talið að framburður brotþola sem og önnur sakargögn fengu framburði ákærða hnekkt. Þá var það niðurstaða dómsins að gegn eindreginni neitun ákærða hafi ákæruvaldinu ekki tekist að færa fram nægilegar sönnur um sekt ákærða sem ekki yrðu vefngdar með skynsamlegum rökum. Undir áfrýjun málsins til Hæstaréttar fékk ríkissaksóknari dómkvadda tvo kvensjúkdómalækna til að meta hvort brotþoli gæti hafa haft samræði um leggöng á ákveðnu tímabili þrátt fyrir að fyrri læknisgögn bentu meðal annars til þess að hún væri með órofið meyjarhaft. Niðurstaða matsmannanna var gagnstæð því sem kvensjúkdómalæknirinn, sem framkvæmdi fyrri skoðanir á brotþola, hélt fram. Að mati Hæstaréttar fékk matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna ekki hnekkt álit kvensjúkdómalæknisins. Á þeim grundvelli var dómur héraðsdóms staðfestur og ákærði sýknaður.

Það sem vekur eftirtekt við framangreindan dóm Hæstaréttar er það vægi sem utanréttarvottorð kvensjúkdómalæknisins fær, en því er gefið meira vægi en matsgerð dómkvaddra matsmanna sem og allra annarra gagna er lágu til grundvallar er studdu frásögn brotaþola. Dómurinn taldi því matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, ásamt öðrum óbeinum sönnunargögnum málsins, ekki næga til sakfellingar gegn eindreginni neitun ákærða og utanréttarvottorði kvensjúkdómalæknis er styrkti frásögn ákærða.¹⁷²

Ákveðin greinarmun má sjá á framburði brotaþolanna í fyrrnefndum dómum Hæstaréttar, það er í málum nr. 141/2009 og 571/2010 og því tilefni til að skoða þá saman með hliðsjón af því hvaða kröfur eru gerðar til sönnunar þegar fyrir liggja mismunandi góðir framburðir brotaþola. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2009 var framburður brotaþola staðfastur, skýr og greinargóður en aðeins var þó sakfellt fyrir þann hluta málsins er læknisfræðileg gögn studdu framburð brotaþola þó svo framburður ákærða hafi verið ótrúverðugur um alla þætti málsins. Framburður brotaþola var því ekki talinn næga einn og sér gagnvart ótrúverðugum framburði ákærða. Hins vegar var í dómi Hæstaréttar í máli nr. 571/2010 framburður brotaþola ekki metinn fyllilega glöggur og eindreginn auk þess sem ósamræmi var á milli framburðar brotaþola og bræðra hennar, sem var talið draga nokkuð úr trúverðugleika framburðarins. Í málinu vóg utanréttarvottorð kvensjúkdómalæknis afar þungt við sönnunarmatið en það vóg í raun hærra en öll önnur sönnunargögn er studdu frásögn brotaþola, sem voru ýmis sérfræðigögn um hagi og heilsufar brotaþolans, auk matsgerðar tveggja dómkvaddra matsmanna. Ekki er að sjá af lestri dómsins að annmarkar á framburði brotaþola hafi haft mikil áhrif við sönnunarmatið. Þó verður ekki annað séð en að strangari kröfur hafi verið gerðar til sönnunar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 571/2010, þar sem töluvert af gögnum studdu frásögn brotaþola, sem þótti samt sem áður ekki næga til sakfellingar. Telja má að hluti af þeirri skýringu gæti ráðist af því að framburður ákærða var metinn trúverðugur og af þeim sökum hafi verið gerðar strangari kröfur til sönnunar og sönnunargagna.

Af framangreindum dómum er ljóst að framburður brotaþola verður að fá nokkra stoð í sönnunargögnum máls svo að til sakfellingar komi. Þó er misjafnt hversu miklar kröfur eru gerðar til þess hverju sinni. Af skoðun dómanna er ekki unnt að ráða í hvaða tilfellum gerðar eru strangari sönnunarkröfur eða vægari í öðrum. Mál þessi byggjast að miklu leyti á framburði

¹⁷² Sjá einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 7. apríl 2011 í máli nr. 570/2010, en málsatvik þar voru með svipuðum hætti, það er þegar kemur að framburði brotaþola og vitna, sem og þeirra sönnunargagna er lágu til grundvallar í málinu, enda um sama brotaþola að ræða og í þessu máli, en í þessu tilviki var ákærði bróðir föður hennar.

brotþola og ákærða sem og óbeinum sönnunargögnum og því um atviksbundið mat sem fer fram í hverju máli fyrir sig. Þó þykir þetta skýrast að einhverju leyti á því hvort framburður ákærða sé trúverðugur eður ei, það er ef framburður ákærða er trúverðugur þá þurfi meira að koma til svo hægt sé að sakfella fyrir þá háttsemi er ákærða er gefin að sök.¹⁷³

7.1.2.2 Framburður brotþola er aðal sönnunargagn máls

Eins og fram hefur komið eru kynferðisbrot með algengustu ofbeldisbrotunum gegn fötluðum, en í kynferðisbrotamálum er sjaldan hlutrænum sönnunargögnum til að dreifa og þar af leiðandi ræðst niðurstaða þeirra mála oft og tíðum á framburði brotþola og ákærða. Hér verður því sérstaklega skoðað þær sönnunarkröfur sem gerðar eru þegar framburður brotþola er metinn sem aðal sönnunargagn málsins og hvað þurfi að koma til svo mál endi með sakfellingu.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 13. maí 2015 í máli nr. 65/2015 má sjá hvernig dómurinn leggur mikið upp úr framburði brotþola sem sönnunargagn í málinu, en þar var ákærði sakfelldur fyrir nauðgun og kynferðislega áreitni gagnvart brotþola sem var andlega fötluð og gat því ekki skilið þýðingu kynferðismakanna. Var það mat dómsins að framburður ákærða, sem neitaði alfarið sök í málinu, hafi verið ótrúverðugur auk þess sem hann naut ekki beins stuðnings í gögnum málsins. Framburður brotþola var hins vegar metinn trúverðugur en hún var einlæg, staðföst og sjálfri sér samkvæm. Í málinu lá fyrir vottorð yfirlæknis geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri sem var fenginn af lögreglu til að greina þroska og heilbrigði brotþola, sem og vætti tveggja þroskaþjálfara um andlegt ástand brotþola, en í gögnum þessum kom meðal annars fram að brotþoli væri greind með þroskaskerðingu. Það var niðurstaða dómsins að ekki væri varhugavert að leggja framburð brotþola um atvik máls til grundvallar og var ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi er honum var gefin að sök í ákæru. Niðurstöðu dómsins til stuðnings var litið til skýrslu sálfræðings sem lá til grundvallar um kynhegðan ákærða.

Hér verður ekki annað séð en að trúverðugur framburður brotþola hafi fengið töluvert vægi við sönnunarmatið, þar sem framburður hennar var lagður til grundvallar í ljósi þess að framburður ákærða var metinn ótrúverðugur og fékk engan stuðning í gögnum málsins. Auk þess sem sönnunargögn málsins voru frekar almenn og vörpuðu engu frekari ljósi á hvernig málsatvik voru þar sem engum sýnilegum rannsóknargögnum var til að dreifa.

¹⁷³ Sjá einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 26. október 2006 í máli nr. 220/2006

Annar dómur þar sem framburður brotþola er aðal sönnunargagn máls er dómur Hæstaréttar Íslands frá 7. apríl 2011 í máli nr. 504/2010 en í málinu var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gegn sonardóttur sinni og fyrir að hafa notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegra annmarka. Í málinu var fenginn sálfræðingur til að kanna trúverðugleika framburðar brotþola með hliðsjón af þroska hennar, en brotþoli var með væga þroskahömlun. Niðurstaða sálfræðingsins var að framburður brotþola hafi verið trúverðugur í hvívetna. Þá lá fyrir í málinu vottorð kvensjúkdómalæknis sem hafði skoðað brotþola nokkrum sinnum, en þar kom meðal annars fram að meyjjarhaft brotþola væri órofið en ekki væri unnt að fullyrða um það hvort brotþoli hefði haft samfarir eða ekki. Ákærði var sýknaður í héraði af tveimur ákæruliðum af þremur á grundvelli þess að ósamræmi var á milli framburðar brotþola og bræðra hennar og fékk framburður hennar því ekki nægan stuðning í framburði vitna. Af þeim sökum taldi dómurinn það ekki yfir skynsamlegan vafa hafið að sönnuð væri sekt ákærða um þá háttsemi sem honum var gefin að sök í þeim ákæruliðum. Hins vegar var ákærði sakfelldur fyrir einn ákærulið á grundvelli trúverðugs framburðar brotþola, en hún var staðföst um þann hluta málsins auk þess sem samræmi var á milli skýrslna hennar fyrir dómi við aðalmeðferð og rannsókn málsins, sem og í könnunarviðtali í Barnhúsi. Þá fékk framburður hennar einnig stoð í framburði annarra vitna og öðrum gögnum málsins.

Hæstiréttur taldi frásögn brotþola hins vegar vera á reiki um þann þátt sem ákærði var sakfelldur fyrir í héraðsdómi, og taldi framburð hennar hafa tekið talsverðum breytingum frá einni skýrslu til annarrar. Þá sagði Hæstiréttur framburð hennar ekki hafa verið stöðugan innbyrðis í skýrslutökunum, einkum við aðalmeðferð málsins. Af þeim sökum sýknar Hæstiréttur ákærða af þessum ákærulið. Í málinu var þó um að ræða sératkvæði sem bar á þann veg að staðfesta hefði átt niðurstöðu héraðsdóm, en þar segir meðal annars:

Fjölskipaður héraðsdómur hefur metið framburð brotþola trúverðugan. Í hinum áfrýjaða dómi eru ítarlega reifaðar skýrslur sem gefnar voru í málinu, svo og önnur málgögn sem varða a. lið ákærunnar. Með vísan til þess sem sagt hefur verið um tregðu brotþola til að tala um þær sakargiftir sem bornar hafa verið á ákærða, svo og þess sem hér hefur verið rakið, er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að fullt samræmi hafi verið í framburði brotþola í þeim þremur skýrslum sem hún gaf.

Verður hér ekki annað séð en að framburður brotþola hafi verið aðal sönnunargagn málsins, þar sem úrslit málsins fyrir Hæstarétti réðst í raun eingöngu af mati á þeim framburði. Þeir annmarkar er voru á framburði brotþola leiddu þar af leiðandi til þess að ákærði var sýknaður af þessum ákærulið, þrátt fyrir gagnstætt mat fjölskipaðs héraðsdóms, þar sem dómurinn mat

það sem svo að ekki væri unnt að leggja frásögn brotþola til grundvallar. Ekki er að sjá af lestri dómsins að önnur atriði hafi haft áhrif á sönnunarmat Hæstaréttar. Hér sést með greinilegum hætti hversu matskennt sönnunarmatið er og hvenær sönnunarkröfur eru taldar vera uppfylltar.

Sambærilega niðurstöðu má svo sjá í nýlegum dómi Landsréttar frá 11. desember 2020 í máli nr. 759/2019, en dómurinn snýr við dómi héraðsdóms á grundvelli þess að sönnunarkröfum var ekki uppfyllt. Í málinu var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gegn syni sínum, með því að hafa í fjölda skipta beitt hann ofbeldi og ólögumætri nauðung. Í dóminum kom fram að niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða hafi aðallega verið reist á framburði brotþola sem var metinn trúverðugur en einnig þess að framburður ákærða var metinn ótrúverðugur. Í héraðsdóminum var vísað til nokkurra atriða er talin voru styðja frásögn brotþola og að sama skapi drógu úr trúverðugleika framburðar ákærða, en þess á meðal var vottorð heimilislæknis um komu brotþola til heilsugæslunnar, vottorð og vætti sálfræðings og einnig greinargerð og vætti félagsráðgjafa. Landsréttur gagnrýnir í dómi sínum að við skýrslugjöf af brotþola fyrir héraðsdómi hafi þess ekki verið gætt að brotþoli gæfi sjálfstæða lýsingu á atvikum máls. Landsréttur taldi það kunna skýrast af stöðu brotþola, sem var greindur með ódæmigerða einhverfu, en taldi það samt sem áður torvela mjög möguleikanum á að meta trúverðugleika framburðar hans. Þrátt fyrir það mat Landsréttur það sem svo að ekki hafi verið fullt samræmi í framburði brotþola hjá lögreglu, í héraði og fyrir Landsrétti. Auk þess sem rétturinn taldi ekkert fram komið í málinu sem væri sérstaklega til þess fallið að draga úr trúverðugleika framburðar ákærða og taldi hann hafa verið stöðugan og samkvæman sjálfum sér í frásögn sinni. Var það því niðurstaða Landsréttar að snúa við dómi héraðsdóms og sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins. Sú niðurstaða vekur mikla athygli, í ljósi þess að héraðsdómur hafði þegar metið framburð brotþola trúverðugan og framburð ákærða ótrúverðugan. Þessi dómur hefur verið umdeildur og fylgdi honum nokkur fjölmiðlaumfjöllun.¹⁷⁴ Enda vekur það töluverða athygli hversu miklar sönnunarkröfur Landsréttur gerir í máli þessu auk þess sem dómurinn bendir á annmarka er voru á málsmeðferð í héraði en lætur ekki bæta úr þeim annmarka heldur kveður upp dóm í málinu.

¹⁷⁴ Aðalheiður Ámundadóttir, „Þriðjungi sakfellinga í nauðgunarmálum snúið við í Landsrétti“ *Fréttablaðið* (2. janúar 2021) <<https://www.frettabladid.is/frettir/thridjungi-sakfellinga-i-naudgunarmalum-snuid-vid-i-landsretti/>>; Heimir Hannesson, „Landsréttur snýr við sjö ára dómi - Var sagður hafa nauðgað syni sínum ítrekað um pabbahelgar“ *DV* (desember 2020) <<https://www.dv.is/frettir/2020/12/11/landsrettur-snyr-vid-sjo-ara-domi-var-sagdur-hafa-naudgad-syni-sinum-itrekad-um-pabbahelgar/>>.

Ef framangreindur dómur Hæstaréttar í máli nr. 504/2010 er borinn saman við dóm Landsréttar í máli nr. 759/2019 þá má sjá hvernig Hæstiréttur og Landsréttur gera í raun töluvert strangari kröfur til sönnunar, þá sérstaklega til framburðar hins fatlaða brotaþola, heldur en héraðsdómur gerði í báðum málunum. Dómarnir hafa það sammerkt að snúa við niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða og meta framburð brotaþola ótrúverðugan gagnstætt mati héraðsdóms. Af lestri dómanna er ekki að sjá að önnur atriði en framburðir brotaþola hafi haft áhrif við sönnunarmatið. Ljóst er þó að í hvorugum tilvikum fannst æðra dómstigi nægileg sönnunargögn liggja til grundvallar svo til sakfellingar gæti komið þrátt fyrir að töluvert hafi verið af óbeinum sönnunargögnum sem studdu framburð brotaþola. Verður ekki annað séð en að framburðir brotaþolanna hafi í raun verið taldir aðal sönnunargögnin í málum þessum en þeir ekki dugað til sakfellingar.

Þá verður ekki séð að æðri dómstigin hafi tekið jafnt tillit til þess að fatlanir brotaþola gætu skýrt þá annmarka er voru á framburði þeirra, líkt og telja verður að héraðsdómur hafi gert, þar sem æðri dómstigin þóttu ekki unnt að leggja frásagnir brotaþola til grundvallar í málunum sökum þessara annmarka. Þykir því nokkuð ljóst að æðri dómstigin hafi í þessum málum gert töluvert strangari sönnunarkröfur til framburðar hins fatlaða brotaþola og þá þeirra gagna sem lágu til grundvallar.

Af framangreindum dómum má sjá hvernig dómarnir leggja oft og tíðum mikið upp úr framburði brotaþola, sem og ákærða. Skýrist það af eðli þessara mála, en oftast nær er engum beinum sönnunargögnum að tefla. Þó er ljóst að framburður brotaþola leiðir einn og sér ekki til sakfellingar, það þarf ávallt eitthvað meira að koma til, hvort sem það eru óbein sönnunargögn sem styðja frásögn brotaþola eða eitthvað í frásögn ákærða sem bendir til sektar hans.¹⁷⁵

7.1.2.3 Framburður brotaþola hefur ekki næga stoð í sönnunargögnum og dugir ekki einn og sér til sakfellingar

Sönnunarstaðan er iðulega erfið í málum þar sem aðeins óbeinum sönnunargögnum er til að dreifa. Það ræðst eftir atvikum hverju sinni hvort þau gögn sem til grundvallar liggja veiti framburði brotaþola nægilegan stuðning svo til sakfellingar komi. Fjallað verður hér um dóma þar sem framburður brotaþola fékk ekki nægileg stoð í óbeinum sönnunargögnum og

¹⁷⁵ Sjá einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 18. febrúar 2021 í máli nr. 30/2020 og dóm Hæstaréttar Íslands frá 12. maí 2016 í máli nr. 463/2015, þó aðeins þriðji ákæruliður.

framburður brotaþola gat einn og sér ekki leitt til sakfellingar. Dómarnir verða skoðaðir með tilliti til þess hvað vanhagaði svo sönnunarkröfunum hefði verið fullnægt.

Í dómi Landsréttar frá 10. júní 2020 í máli nr. 654/2018 var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart nokkrum börnum, en ákærða var meðal annars gefin að sök nauðgun gagnvart brotaþola og með því notfært sér það að brotaþoli gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegrar fötlunar. Í málinu neitaði ákærði staðfastlega sök varðandi þessa háttsemi, en framburður hans var ekki metinn fyllilega trúverðugur, þar sem upp komust ósannindi af hans hálfu í skýrslutöku hjá lögreglu og var það talið draga nokkuð úr trúverðugleika framburðar hans. Framburður brotaþola fyrir dómi var í meginatriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Þó var nokkuð um ónákvæmni varðandi fjölda atvika, inntak þeirra og tímasetningar, en var það talið skýrast af andlegum högum brotaþola auk þess sem langt var um liðið frá því ætluð kynferðisbrot höfðu átt að eiga sér stað. Dómurinn taldi framburð brotaþola þó ekki hafa skýra stoð í framburði annarra vitna né annarra sönnunargagna í málinu. Til grundvallar lágu samt ýmis sönnunargögn sem studdu frásögn brotaþola, þar á meðal vottorð frá lækni er kvað á um læknisskoðun er brotaþoli fór í á barnsaldri, sem og vottorð frá sérfræðingi í geðlækningum og ráðgjafa á heilsugæslustöð. Í vottorðum þessum kom fram að brotaþoli kvaðst hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Var niðurstaða héraðsdóms, sem staðfest var af Landsrétti, sú að sýkna ákærða af þessum kröfum ákærvaldsins þar sem talið var að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi er umræddur ákæruliður greindi á um. Þau gögn sem studdu framburð brotaþola voru því ekki talin nægileg til sakfellingar, enda ljóst að dómurinn gerir kröfu um að framburður brotaþola fái skýra stoð í gögnum málsins. Að mati dómsins hefði því meira þurft að koma til svo sönnunarkröfum sem gerðar eru í málum af þessu toga væru fullnægt.

Annar dómur sem þykir virkilega áhugaverður er dómur Hæstaréttar Íslands frá 22. maí 2008 í máli nr. 545/2007 en þar var maður ákærður fyrir að hafa reynt í tvígang að hafa við brotaþola kynferðismök. Brotaþoli glímdi við erfiðan geðsjúkdóm, en í málinu lágu fyrir vottorð sálfræðings og geðlæknis því til stuðnings. Ákærði neitaði alfarið sök í málinu fyrir dómi, en í vottorði sérfræðings á geðdeild Landspítala- háskólasjúkrahúss kom fram að ákærði hafði viðurkennt að hafa haft mök við brotaþola. Einnig lá fyrir vitnisburður læknis sem framkvæmdi réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða eftir handtöku og fannst við þá skoðun nýleg rispa á bringu ákærða. Framburður bæði brotaþola og ákærða voru óskýrir um málsatvik sem gerði það að verkum að rétturinn átti erfitt með að átta sig á því hvað hafði í raun gerst umrætt sinn.

Héraðsdómur taldi þó geðsjúkdóm brotþola geta verið skýringu á reikandi og á köflum mótsagnakenndum framburði brotþola, en það var í samræmi við það sem kom fram í vætti geðlæknis um geðsjúkdóm brotþola. Varðandi fyrri ákærulið þá taldi héraðsdómur varhugavert að leggja fram óskýran framburð brotþola til grundvallar, gegn eindreginni neitun ákærða, þar sem engin gögn voru talin renna stoðum undir þær sakargiftir er ákærða var borinn um. Af þeim sökum var ákærði því sýknaður af þessum ákærulið. Varðandi seinni ákæruliðinn þá var einnig litið til þess að framburður beggja var óskýr um atvik máls og þótti dómnum því varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök í ákæru. Sú staðreynd að brotþoli hafi verið með ferska afrifu við leggangaop fékk þessu ekki haggð, en þetta kom fram í vottorði læknis sem framkvæmdi réttarfræðilega skoðun á brotþola. Þó dómurinn hafi ekki fallist á það að ákærði hafi í greint sinn gerst sekur um tilraun til nauðgunar líkt og ákæran hljóðaði upp á var hins vegar talið sannað að ákærði hafi gerst sekur um að hafa reynt að nýta sér svefndrunga og ölvunarástand brotþola í þeim tilgangi að hafa við hana kynferðismök. Því til stuðnings lá vitnisburður einstaklings sem var staddur í íbúðinni umrætt sinn sem og vættis læknis, geðhjúkrunarfræðings og sálfræðings sem kváðu ástand brotþola hafa versnað eftir meint atvik.

Athyglisvert er að skoða þær kröfur sem gerðar voru til sönnunar í máli þessu á þeim hluta er dómurinn sýknar ákærða samanborið við þann hluta er ákærði var sakfelldur. Varðandi þann hluta er ákærði var sýknaður fyrir, sem var tilraun til nauðgunar, lágu til grundvallar vottorð læknis um ferska afrifu við leggangaop, skýrsla þar sem fram kom að nýleg rispa var á bringu ákærða við réttarlæknisskoðun og vottorð sérfræðings á geðdeild þar sem fram kom að ákærði hafði viðurkennt að hafa haft mök við brotþola. Auk þess sem framburður ákærða var óskýr um málsatvik. Þessi óbeinu sönnunargögn sem studdu frásögn brotþola voru ekki talin nægileg til sakfellingar að mati dómsins. Hins vegar var talið nægilegt til sakfellingar, um að ákærði hafi reynt að nýta sér svefndrunga og ölvunarástand brotþola til að hafa við hana kynferðismök, vitnisburður einstaklings sem var staddur í íbúðinni umrætt sinn. Vitnið gat þó einungis borið á um þau atriði er brotþoli kvað honum í kjölfar meints brots og hvert andlegt ástand brotþola hafi verið á þeirri stundu þar sem hann varð ekki vitni af háttseminni sjálfri. Verður hér ekki annað séð en að vitnisburður þessi hafi haft gríðarleg áhrif við úrslit málsins þar sem hann var talinn nægilegur til sakfellingar með framburði brotþola. Vekur það athygli í ljósi þess að öll þau sönnunargögn sem lágu til grundvallar í málinu um ákæruatriði er vörðuðu tilraun til nauðgunar voru ekki talin nægileg til sakfellingar, þó svo töluvert af sönnunargögnum hafi stutt frásögn brotþola.

Framangreindir dómur, það er dómur Landsréttar í máli nr. 654/2018 og dómur Hæstaréttar í máli nr. 545/2007, verða bornir saman með tilliti til þeirra sönnunarkrafna sem gerðar eru þegar um ræðir trúverðugan framburð brotaþola annars vegar og ótrúverðugan framburð brotaþola hins vegar. Í Landsréttardóminum nr. 654/2018 verður ekki annað séð af lestri dómsins en að rétturinn hafi metið framburð brotaþola trúverðugan þó svo hann hafi ekki verið alveg nákvæmur varðandi ákveðin atriði. Þó taldi dómurinn framburð hans ekki fá skýra stoð í framburði annarra vitna né öðrum sönnunargögnum og því var ákærði sýknaður. Þess ber þó að geta að framburður ákærða var metinn ótrúverðugur um atvik máls. Hins vegar var í Hæstaréttardóminum nr. 545/2007 framburður brotaþola talinn mjög óskýr og ábótavant en fékk þó einhverja stoð í málgögnum, og var sakfelld fyrir þann hluta málsins. Framburður ákærða var einnig ótrúverðugur um atvik máls. Í báðum málunum voru annmarkar á framburði brotaþola taldir skýrast af fötlun þeirra. Sönnunarkröfurnar samkvæmt þessum dómum eru þess eðlis að trúverðugur framburður brotaþola, sem fær enga stoð í gögnum máls, hefur í raun minna vægi en ef um ræðir óskýran framburð brotaþola sem fær einhver stoð í gögnum. Af þessu er ljóst að krafa er gerð um það að framburður brotaþola hafi stoð í gögnum svo framburðurinn hafi sönnunargildi í málinu. Dregin er því sú ályktun að sönnunarkröfur í sakamáli af þessum toga teljast ekki uppfylltar ef framburður brotaþola fær engin stoð í gögnum máls.

Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 15. júní 2017 í máli nr. 433/2016 var starfsmaður sem ók bifreið á vegum Ferðaþjónustu fatlaðra ákærður fyrir kynferðisbrot með því að hafa í fjögur skipti haft samræði og önnur kynferðismök við brotaþola og káfað innanklæða á brjóstum hennar og kynfærum og með þessu notfært sér það að brotaþoli gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegrar fötlunar. Fyrir héraðsdómi var framburður brotaþola metinn ótrúverðugur varðandi meint samræði, en brotaþoli hafði að mati dómsins verið margsaga um þann hluta. Í málinu lá fyrir skýrsla kvensjúkdómalæknis, sem kvað á um að ólíklegt, og í raun útilokað, væri að samfarir hefðu verið hafðar við brotaþola. Niðurstaða héraðsdóms var sú að það hafi ekki verið hafið yfir skynsamlega vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi að hafa haft samræði eða önnur kynferðismök við brotaþola. Ákærði var þar af leiðandi sýknaður af þeirri háttsemi. Af lestri dómsins þykir skýrsla kvensjúkdómalæknis auk þess sem framburður brotaþola hafi ekki verið skýr um þennan hluta málsins hafa haft úrslit um þessa niðurstöðu dómsins. Á hinn bóginn var brotaþoli staðföst og trúverðug um þann þátt málsins að ákærði hafi káfað á brjóstum hennar og kynfærum. Framburði brotaþola til stuðnings lá fyrir vottorð geðlæknis sem og taugasálfræðings sem framkvæmdu

taugasálfræðilegt mat á brotaþola, en óskað var sérstaklega eftir því við rannsókn málsins. Í vottorðum þessara sérfræðinga kom fram að ólíklegt væri að brotaþoli gæti sagt frá atburðum sem þessum, nema að hafa upplifað atburðinn sjálf og var það því mat þeirra að brotaþoli myndi eiga í erfiðleikum með að búa til þá sögu og ná að endurtaka hana alltaf eins. Héraðsdómur taldi því sannað svo hafið var yfir skynsamlegan vafa með staðföstum framburði brotaþola um þennan þátt málsins, sem átti sér stoð í vitnisburði fjölda vitna, gegn ótrúverðugum framburði ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi er honum var gefin að sök í ákæru. Hins vegar var í dómi Hæstaréttar fjallað um skort á sönnun varðandi akstur bílstjórans sem og aðstæður í umræddri bifreið. Auk þess sem Hæstiréttur taldi framburð brotaþola og vitna fyrir dómi vera rýran um atvik máls þar sem langt var um liðið frá því ætluð brot höfðu átt að eiga sér stað og þar til aðalmeðferð málsins fór fram í héraði. Á grundvelli þessara þátta taldi Hæstiréttur ekki vera komna fram lögfulla sönnun um að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi er hann var sakfelldur fyrir í héraði. Í dómi Hæstaréttar er þó ekkert fjallað um framburð ákærða sem var fyrir héraðsdómi metinn ótrúverðugur.

Hliðstæða niðurstöðu má sjá í dómi Hæstaréttar Íslands frá 24. október 2013 í máli nr. 316/2013, þar sem dómurinn tók það skýrt fram að sönnunargögnin sem lágu til grundvallar í málinu væru ekki nægileg með tilliti til þeirra sönnunarkrafna sem gera eigi í sakamáli. Í málinu var aðili ákærður fyrir kynferðisbrot gegn brotaþola sem greindur var með geðklofa og var sakfelldur fyrir þá háttsemi í héraði. Ákærði hafði staðfastlega neitað sakargiftum í málinu. Sakfellingin var reist á trúverðugum framburði brotaþola sem var talinn fá stoð í framburði vitna. Í málinu lá fyrir vitnisburður yfirlæknis á göngudeild og bráðamóttöku geðdeildar á Landspítala- háskólasjúkrahúss, auk vitnisburðir geðlækna og sálfræðings um andlegt ástand brotaþola. Í héraði var framburður brotaþola talinn skýr, greinargóður og staðfastur auk þess sem framburður hans fyrir dóminum var í öllum meginatriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Við mat á trúverðugleika framburðar brotaþola leit dómurinn sérstaklega til vættis sálfræðings. Hæstiréttur hins vegar sneri niðurstöðu héraðsdóms við og rökstuddi niðurstöðu sína með eftirfarandi hætti:

Þótt framburður A hjá lögreglu og fyrir dómi hafi verið efnislega samhljóða og metinn trúverðugur hefur framburðurinn ekki þá stoð, sem gera verður kröfu um í sakamáli, í skýrslum annarra vitna eða hlutrænum sönnunargögnum. [...]. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Einn dómari skilaði sératkvæði og taldi engin efni til að draga mat héraðsdóms í efa. Taldi hann að staðfesta hefði átt niðurstöðu héraðsdóms með vísan til forsendna hans um sakfellingu ákærða.

Áhugavert þykir að bera saman síðastnefndu tvo dóma Hæstaréttar, það er mál nr. 433/2016 og 316/2013. Málsatvik þessara dóma eru lík að því leyti að Hæstiréttur snýr niðurstöðu héraðsdóms við í báðum tilvikum á þeim grundvelli að sönnunarkröfum var ekki fullnægt. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 433/2016 fjallar Hæstiréttur sérstaklega um skort á hlutrænum sönnunargögnum en ljóst er að rétturinn taldi þau gögn geta skýrt málsatvik betur. Það var því mat dómsins að ákveðin óvissa væri uppi í málinu, sem skýrð var ákærða í hag. Þá mat Hæstiréttur einnig framburð brotaþola ótrúverðugan gagnstætt mati héraðsdóm. Þessi tvö atriði gerðu í raun útslagið við sönnunarmatið fyrir Hæstarétti sem leiddi til þess að dómurinn sneri við niðurstöðu héraðsdóms. Þessi skortur á sönnunargögnum sem og mat Hæstaréttar á framburði brotaþola vóg því í raun meira heldur en öll þau gögn sem lágu til grundvallar í málinu. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 316/2013 sneri rétturinn niðurstöðu héraðsdóm við á grundvelli þess að framburður brotaþola, sem var metinn trúverðugur í héraði, fengi ekki þá stoð í skýrslum annarra vitna eða hlutrænum sönnunargögnum sem gera þyrfti kröfu um í sakamáli. Afstaða Hæstaréttar í málum þessum er því mjög skýr, en dómarnir gera töluverðar kröfur um að framburður brotaþola þurfi að fá skýr og góð stoð í óbeinum sönnunargögnum. Af síðarnefnda dóminum nr. 316/2013 verður jafnframt ráðið að rétturinn gerir ekki aðeins kröfu um að þessi óbeinu sönnunargögn styðji frásögn brotaþola heldur einnig að þau bendi til sektar ákærða. Í málinu lágu fyrir ýmis sönnunargögn sem studdu frásögn brotaþola, en voru að mati dómsins ekki þess eðlis að þau studdu sakargiftir á hendur ákærða.

Líkt og þær ályktanir sem dregnar voru hér að ofan þá þykir það ljóst samkvæmt framangreindum dómum að annmarkar á framburði brotaþola hafi alla jafna ekki endilega mikil áhrif á sönnunarmatið, þar sem fötlun brotaþola hefur verið talin skýring á framburði þeirra. Heldur séu það þau óbeinu sönnunargögn sem liggja til grundvallar sem hafa hvað mest áhrif við sönnunarmatið, og því verður dregin sú ályktun hér að meiri kröfur eru gerðar til þess að framburður fái stoð í gögnum máls heldur en að framburður brotaþola sé hnökralaus. Þá verður einnig séð af þessum dómum að neitun ákærða fyrir dómi hefur gríðarleg áhrif, þó svo framburður hans sé ótrúverðugur, en það eitt er ekki talið nægilegt til sakfellingar, jafnvel þó

einhver gögn málsins kunni að benda til sektar ákærða.¹⁷⁶ Af dómum þessum verður ekki annað ráðið, þá allra helst af síðustu tveimur dómum Hæstaréttar, það eru mál nr. 433/2016 og 316/2013, að gerðar séu kröfur um að það verði að liggja fyrir gögn sem styðja frásögn brotþola, með skýrum hætti, auk þess sem gögnin verða að benda til sektar ákærða. Aftur er því dregin sú ályktun, líkt og gert var með dómi Hæstaréttar í máli nr. 504/2010 og dómi Landsréttar í máli nr. 759/2019, að æðri dómstigin geri strangari sönnunarkröfur en héraðsdómur um þessi atriði.¹⁷⁷

7.1.3 Samantekt

Í dómarrannsókn þessari var farið yfir dómaframkvæmd hjá Landsrétti og Hæstarétti Íslands í yfir um 20 ára skeið, eða aftur til byrjun árs 1999. Valdir voru nokkrir dómur sem höfðu að geyma röksemdarfærslu sem unnt var að taka afstöðu til og þóttu varpa ljósi á hvernig framkvæmdin er héraðs, það er hvaða sönnunarkröfur eru gerðar í sakamálum þegar fatlaðir eiga í hlut og þá hvaða atriði það eru sem hafa áhrif á sönnunarkröfurnar.

Líkt og sést á þeim dómum sem fjallað var sérstaklega um hér að ofan þá eru dómarnir margir hverjir ólíkir, með hliðsjón af atvikum og aðstæðum í hverju máli, högum brotþola, og þeim sönnunargögnum sem teflt var fram í málunum. Því þótti erfitt að draga stórar ályktanir um hvað það væri helst sem leiddi til þess að framburður fatlaðs brotþola yrði lagður til grundvallar í máli og metinn trúverðugur enda um gríðarlega marga matskennda þætti að ræða sem koma til skoðunar. Það þykir þó ráðast að einhverju leyti á því hversu mikil stoð framburður brotþola fær í þeim gögnum sem liggja til grundvallar í málunum. Ljóst er að dómstólar gera ákveðnar kröfur til þeirra óbeinu sönnunargagna sem liggja til grundvallar sönnunar og einnig að þau styrki frásögn brotþola nokkuð svo sakfelld verði í málinu. Þá má einnig sjá út frá rannsókninni að ótrúverðugur framburður ákærða hefur töluverð áhrif á þær sönnunarkröfur sem gerðar eru, og einnig ef fyrir liggja einhver gögn sem benda sérstaklega til sektar ákærða. Þó dugar ótrúverðugur framburður ákærða ekki einn og sér til sakfellingar heldur verður eins og áður sagði framburður brotþola einnig að fá skýra stoð í gögnum málsins. Þá er ljóst að mun strangari sönnunarkröfur eru gerðar í þeim tilvikum þar sem framburður ákærða er metinn trúverðugur. Einnig hafði það áhrif á sönnunarkröfurnar hvort

¹⁷⁶ Sjá einnig dóm Hæstaréttar Íslands frá 1. október 2009 í máli nr. 141/2009, þó aðeins um þann hluta málsins þar sem dómurinn taldi ekki sönnun komna fram um að ákærði hafi notað kynlífstæki eða stungið fingri inn í kynfæri hennar.

¹⁷⁷ Þá má einnig nefna dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. febrúar 2010 í máli nr. 479/2009 og dóm Landsréttar frá 5. febrúar 2021 í máli nr. 862/2018.

fyrir lá staðföst neitun ákærða á sakargiftum eða skýlaus játning ákærða eða játning að hluta. Dregin verður sú ályktun af rannsókn þessari að ekki hafi verið slakað neitt sérstaklega á sönnunarkröfum þegar fatlaðir eigi í hlut þannig að nokkru muni. Til að mynda er eftirtektarvert hversu mörgum dómum Landsréttur og Hæstiréttur Íslands hafa snúið við, annað hvort í heild sinni eða að hluta, annars vegar vegna þess að það var mat æðra dómstigs að ekki hafi verið komnar fram nægilegar sönnur eða hins vegar einfaldlega metið framburð brotaþola ótrúverðugan, gagnstætt mati héraðsdóms, og sýknað á grundvelli þess. Því er ekki annað að sjá en að æðri dómstigin geri strangari sönnunarkröfur í málum af þessum toga. Það hefur borið nokkuð á þeirri umfjöllun að undanfögnu að Landsréttur sé að gera gífurlega strangar sönnunarkröfur, jafnvel strangari en Hæstiréttur Íslands hefur gert, í kynferðisbrotamálum. Til að mynda hefur Landsréttur sýknað eða mildað dóma í 42% tilvika síðan dómurinn tók til starfa 1. janúar 2018.¹⁷⁸

7.2 Standa rök til þess að gera vægari sönnunarkröfur þegar fatlaðir eiga í hlut?

Það þykir ljóst að íslenska réttarkerfið nær ekki að tryggja að fatlað fólk sem verður fyrir alvarlegum brotum njóti sömu stöðu og verndar til jafns við aðra.¹⁷⁹ Það kann að skýrast af því að réttur fatlaðra til viðeigandi aðlögunar er ekki tryggður, hvorki á rannsóknarstigi eða hvað varðar meðhöndlun dómsmála. Af umfjöllun í kafla 5.2 sem fjallar um þau áhrif sem fatlanir geta haft á rannsókn sakamála sem og þeirri dómarrannsókn sem rakin er hér að framan er ljóst að ekki er sanngjarnt eða á nokkurn hátt réttlát að gera sömu kröfur til fatlaðra og ófatlaðra, þá einna helst þegar kemur að áreiðanleika framburðar þeirra. Nauðsynlegt er því að koma til móts við fatlaða að þessu leyti með hliðsjón af fötlun viðkomandi einstaklings. Það að koma til móts við fatlaðan brotaþola að þessu leyti leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa til þess að vægari sönnunarkröfur séu almennt gerðar í öllum sakamálum þar sem fatlaðir eiga í hlut, heldur séu þær aðeins á annan veg vegna eðli þessara mála og lúta aðeins að mati á framburði þeirra. Í málum af þessu tagi er oft um erfiða og flókna sönnunarstöðu að ræða og þá sérstaklega í tilvikum þar sem orð stendur á móti orði og lítið um önnur bein sönnunargögn. Ýmis atriði gera sönnunarstöðuna enn erfiðari í sakamálum þar sem fatlaðir eiga í hlut, til að mynda þegar kemur að framburði þeirra þar sem skýrleika og stöðugleika getur verið ábótavant.

¹⁷⁸ Kristín Sigurðardóttir, „Landsréttur strangari í kynferðisbrotum en Hæstiréttur“ (*Rúv*, 9. maí 2021) <<https://www.ruv.is/frett/2021/05/09/landsrettur-strangari-i-kynferdisbrotum-en-haestirettur>>.

¹⁷⁹ Þroskahjálp (n. 94).

Það er mat höfundar að sönnunarstaðan í málum af þessu tagi sé þess eðlis að líta þurfi til annarra þátta við dómsúrlausn og jafnvel veita gögnum sem unnin eru af sérfræðingum á sviði fötlunar, svo sem sálfræðingum, geðlæknum og læknum, meira vægi en almennt er gert.¹⁸⁰ Verði það túlkað sem svo að þá sé verið að gera vægari sönnunarkröfur í þessum málum er vert að hafa í huga að eðli hvers og eins brotaflokks býður upp á mismunandi sönnunargögn og þar af leiðandi er misjafnt hvaða vægi einstök sönnunargögn hafa við sönnunarmatið. Því verður ekki að öðru komist en að sönnunargögn sem geta gefið skýringu á fötlun brotaþola og þeim annmörkum sem kunna að vera á framburði þeirra séu mikilvæg sönnunargögn í málum þar sem fatlaðir eiga í hlut. Því verður ekki annað séð en að það yrði ósanngjarnt ef ekki yrði litið til slíkra gagna við úrlausn mála þar sem um ræðir fatlaða brotaþola. Með þeim hætti að líta til slíkra sönnunargagna og veita þeim vægi við úrlausn þessara mála væru dómstólar að aðlaga dómstólakerfið sem og málmeðferðarreglum að þörfum fatlaðra, í samræmi við ákvæði sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra til að stuðla að því að uppræta alla mismunun á grundvelli fötlunnar.

Í ljósi þessarar umfjöllunar þykir áhugavert að benda á svokölluð Nýjabæjar mál frá árinu 2014, en þau snerust um mál tveggja þroskaskertra kvenna sem kært höfðu mann, er rak sumardvalarheimili ásamt konu sinni, fyrir kynferðisbrot. Ríkissaksóknari ákvað að fella mál þeirra niður, og mat það sem svo að framburður brotaþolanna og þriggja annarra kvenna, er voru fyrrum starfsmenn, af kynferðislegri áreitni, auk frásagna af tilraunum eiginkonu mannsins til að hafa áhrif á framburð þroskaskertrar konu sem og mat sérfræðinga á framburði þeirra, hafa lítið vægi gegn eindreginni neitun kærða. Framburður kvennanna var metinn trúverðugur en þau sönnunargögn er lágu til grundvallar voru ekki talin veita nægilegan stuðning fyrir þeim sökum er bornar voru fram í málinu svo til sakfellingar kæmi. Þessi niðurstaða ríkissaksóknara vekur athygli í ljósi þess sem þá þegar lá til grundvallar sem sönnunargögn í málinu, en töluvert var af óbeinum sönnunargögnum er renndu stoðum undir framburð brotaþolanna tveggja. Verður hér ekki annað séð en að ríkissaksóknari hafi metið það sem svo að málið væri ólíklegt til sakfellingar vegna þeirra sönnunarkrafna sem gerðar eru í málum af þessum toga. Þó þykja þau sönnunargögn sem til grundvallar lágu alveg jafna til þeirra sönnunargagna sem hafa í öðrum málum leitt til

¹⁸⁰ Þessi skoðun höfundar ber á sama veg og hjá Eiríki Tómassyni, sem kemur fram á bls 386 í grein hans „Eiga sérhagsmunir að vera réttþærri almannahagsmunum“ en þar segir orðrétt: Að mínu áliti verða dómara sem fyrir segir að líta til umræddra skýrsla og framburðar sérfræðinga um viðtöl þeirra við brotaþola, eins og allra annarra fyrirliggjandi sönnunargagna, beinna sem óbeinna, við mat á því hvort nægileg sönnun hafi verið færð fyrir sekt ákærða í málum sem þessum.

sakfellingar fyrir Landsrétti og Hæstarétti.¹⁸¹ Farvegur þessara mála er gott dæmi þess efnis að ekki sé tekið tillit til fatlaðra og að þeir njóti ekki verndar réttarvörslukerfisins.

Líkt og að framan greinir, þá standa ekki endilega rök til þess að gera vægari sönnunarkröfur í sakamálum þar sem um ræðir fatlaða brotþola heldur sé eðli málanna og þeirra sönnunargagna er máli skipta aðeins á annan veg. Enda verður að telja að það að gera vægari sönnunarkröfur almennt í sakamálum sem þessum leiði ekki endilega til neins góðs. Heldur er, í ljósi þess að fatlaðir einstaklingar njóta ekki verndar réttarkerfisins til jafns við aðra og eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu er kemur að ofbeldisbrotum, grundvallaratriði að aðlaga kerfið í heild að þörfum fatlaðra, það er alveg frá því rannsókn hefst og þar til dómsuppkvaðning fer fram. Það þarf því á öllum stigum réttarvörslukerfisins að koma til móts við þarfir fatlaða, en telja verður að það myndi hafa hvað mestan árangur til þess að gæta að réttindum fatlaðra. Samkvæmt 2. gr. srff. merkir viðeigandi aðlögun að gerðar séu viðeigandi breytingar og lagfæringar sem teljast nauðsynlegar þar sem þeirra er þörf, sem eru þó ekki um fram það sem eðlilegt þykir, til þess að unnt sé að tryggja að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra. Samkvæmt samningnum er það mismunun á grundvelli fötlunar ef fatlaður einstaklingur nýtur ekki viðeigandi aðlögunar þegar það á við. Það kemur fram með skýrum hætti í 4., 5., 13. og 16. gr. samningsins hvaða skyldur hvíla á aðildarríkjum, en þeim ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir sem þarf til þess að tryggja mannréttindi fatlaðra. Vísast hér í kafla 5 um nánari umfjöllun um ákvæði þessi. Eins og staðan er í dag þá þykir Ísland ekki vera búíð að uppfylla allar þær skyldur sem á þeim hvílir samkvæmt samningnum þó svo einhverjar breytingar er snúa að réttarkerfinu hafi verið til hagsbóta. Til að mynda þykja drögin að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála þegar kemur að réttarstöðu brotþola, fatlaðra og aðstandenda, væri dæmi þess efnis að Ísland sé að reyna bæta stöðu fatlaðra þegar kemur að réttarkerfinu. Þær breytingar sem frumvarpið kveður á um hafa þó ekki bein áhrif á þær sönnunarkröfur sem gerðar eru í sakamálum þegar um ræðir fatlaða brotþola, en þær gera það þó að verkum að komið er til móts við þarfir fatlaðra sem skilar sér alla jafna í betri sönnunargögnum, sem leiðir til þess að ákærvaldið er í betri sönnunarstöðu sem eykur því líkurnar á að mál leiði til sakfellingar.

¹⁸¹ Kastljós, „„Þroskahamlaðir njóta minni verndar““ *Rúv* (nóvember 2015) <<https://www.ruv.is/frett/throskahamladir-njota-minni-verndar>>.

Þá þykir það einnig skipta feiknalega miklu máli að leggja áherslu á góða þekkingu hjá þeim er koma að málum af þessu tagi, á þeim atriðum er kunna að skipta máli, en það leiðir til þess að réttarvörslukerfið virki með skilvirkari hætti. Viðhorfsbreytingar, fræðsla og þekking verður að teljast mikilvægur þáttur í því að bæta málsmeðferð og vera liður í því að aðlaga réttarvörslukerfið fyrir fatlaða. Ljóst er að þeir sem koma að málum af þessum toga, það er lögreglumenn, ákærvaldið og dómsvaldið, verða að hafa einhvern vegvísi og þekkingu á þessu málefni. Aukin þekking á fötlunum og áhrifum þess getur leitt til þess að ákært yrði í fleiri málum og að gerendur yrðu í auknum mæli sakfelldir fyrir ofbeldisbrot gegn fötluðum. Þá myndi aukin þekking og vitund um fatlanir einnig gera ofbeldi gegn fötluðum sýnilegra innan réttarvörslukerfisins.¹⁸²

8. Lokaorð og niðurstöður

Markmiðið með höfðun sakamáls er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Sönnun spilar þar stóran hlut enda ræðst sekt eða sýkna ákærða ætíð af sönnun. Ákveðnar réttarfarsreglur gilda um rannsókn og meðferð sakamála fyrir dómstólum, og snúa þær margar hverjar að atriðum tengt sönnun. Í sakamálum er gerðar ákveðnar kröfur til sönnunar, svo mál leiði til sakfellingar. Þó þarf ekki að ríkja algjör vissa um sekt ákærða en það má ekki vera unnt að vefengja sekt hans með skynsamlegum rökum. Fatlaðir einstaklingar njóta ekki verndar réttarkerfisins til jafns við aðra og því er nauðsynlegt að mæta þörfum þeirra svo jafnréttis sem og mannréttinda þeirra sé tryggt.

Staðan á Íslandi er í réttum farvegi er kemur að rannsókn sakamála þar sem fatlaðir eiga í hlut. Gildistaka fyrirmæla ríkissaksóknara nr. RS: 3/2018 um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaðan sakborning og/eða brotþola er að ræða var stórt skref í rétta átt. Slíkar reglur stuðla að jafnari rétti handa þessum viðkvæma hóp, þar sem einstaklingar njóta sömu málsmeðferðar á rannsóknarstigi sama undir hvaða lögregluumdæmi rannsóknin fer fram. Auk þess sem samræmdar reglur sem þessar gæta þess að þörfum fatlaðra sé mætt. Þó er ljóst að þörf er á skýrari reglum og heimildum í lög er kemur að rannsókn sakamála þar sem fatlaðir eiga í hlut til að tryggja enn betur rétt fatlaðra. Að sama skapi verður að teljast ábótavant er kemur að lögum um meðferð sakamála að þörfum fatlaðra sé sérstaklega mætt í réttarvörslukerfinu, til samræmis við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks auk annarra alþjóðasamninga er sérstaklega tryggja aðgang fatlaðra einstaklinga að réttarkerfinu, svo sem

¹⁸² Brå – centrum för kunskap om brott och åtgärder mot brott (n. 150) 69.

Mannréttindasáttmála Evrópu. Dómsmálaráðherra hefur þó lagt fram drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála þegar kemur að réttarstöðu brotþola, fatlaðra og aðstandenda. Þær breytingar sem þar er kveðið á um eru nauðsynlegar til að gæta þess að fatlaðir standi jafnt og ófatlaðir þegar kemur að réttarvörslukerfinu. Mikil þörf er á þessum lagabreytingum og er frumvarp þetta til mikilla hagsbóta og því jákvætt skref í rétta átt.

Með ritgerð þessari var reynt að svara því lögfræðilega álitaefni með dómarrannsókn hvaða sönnunarkröfur séu gerðar í sakamálum þegar um er að ræða fatlaða brotþola. Athugunin var takmörkuð við dóma Landsréttar og Hæstaréttar Íslands sem féllu frá 10. mars 1999 til apríl 2021. Af þeirri rannsókn var dregin sú ályktun að ekki hafi verið slakað á sönnunarkröfum þegar fatlaðir eiga í hlut svo nokkru muni, en misjafnt sé þó eftir dómum hvaða sönnunarkröfur séu gerðar og hvaða atriði hafa mest áhrif á þær kröfur. Til að mynda þykir ljóst að framburður brotþola getur ekki einn og sér leitt til sakfellingar, heldur verður framburður brotþola að fá nokkra stoð í sönnunargögnum máls svo til sakfellingar komi, en þó misjafnt eftir málum hversu strangar kröfur eru gerðar til þess. Þá þótti það alla jafna ekki hafa mikil áhrif á sönnunarmatið þótt einhverjir annmarkar væru á framburði brotþola ef þeir skýrðust af fötlun þeirra. Það réðst helst af þeim óbeinu sönnunargögnum sem lágu til grundvallar í hverju máli fyrir sig og hvort þau veittu frásögn brotþola einhvern stuðning hvort sönnunarkröfur voru taldar uppfylltar. Í sumum málum þótti það duga til sakfellingar að framburður brotþola fengi einhver stoð í sönnunargögnum máls á meðan að í öðrum tilvikum voru gerðar kröfur um að framburður brotþola fengi skýra stoð í gögnum máls auk þess sem gögnin þurftu einnig að benda sérstaklega til sektar ákærða. Þá hafði það áhrif á sönnunarkröfurnar hvernig framburður ákærða var metinn, en trúverðugur framburður ákærða leiddi alla jafna til þess að dómstólar gerðu strangari sönnunarkröfur til ákærvaldsins og því þurfti í þeim tilvikum meira að koma til svo sekt ákærða var talin sönnuð. Ótrúverðugur framburður ákærða eða önnur atriði í frásögn hans sem bentu til sektar hans höfðu töluverð áhrif á þær sönnunarkröfur sem gerðar voru, en þó ekki á þann veg að það nægði eitt og sér til sakfellingar, heldur þurfti ávallt meira að koma til. Þetta sýnir hversu mikil áhrif staðföst neitun ákærða hefur á sönnunarkröfur í málum af þessum toga. Þá var um töluverðan greinarmun að sjá í þeim málum þar sem ákærði neitaði sök og þar sem játning ákærða lá fyrir á háttseminni sjálfri, en þar voru ekki gerðar eins strangar sönnunarkröfur um aðra þætti málsins. Áhugavert þótti hversu mörgum dómum Landsréttar og Hæstiréttar Íslands hefur snúið við þegar kemur að sönnunarkröfum og var sú ályktun dregin að æðri dómstigin geri strangari sönnunarkröfur heldur en sjá má að héraðsdómstólar hafa verið að gera.

Þá var leitast við því að svara hvort rök standi til þess að gera vægari sönnunarkröfur þegar fatlaðir eiga í hlut. Höfundur ritgerðarinnar komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé endilega ástæða til að gera vægari sönnunarkröfur þegar um ræðir fatlaða brotaþola heldur sé eðli þessara mála aðeins á þann veg að líta þurfi sérstaklega til annarra sönnunargagna sem varpa ljósi á fötlun brotaþola og þeim áhrifum sem fötlunin kann að hafa meðal annars á framburð brotaþola og gefa slíkum sönnunargögnum ákveðið vægi við úrlausn máls. Sem dæmi geta þessi gögn verið skýrslur og matsgerðir sálfræðinga, geðlækna sem og lækna. Þá vísar höfundur einnig að mikilvægi þekkingar um fatlanir, en allir þeir aðilar er koma að málum sem þessum verða að hafa góða þekkingu og einhvern vegvísi, enda vandmeðfarið að fara með mál af þessum toga. Grundvallarniðurstaða ritgerðarinnar er að það þarf ávallt að koma til móts við fatlaða á öllum stigum réttarvörslukerfisins og gæta þess að þessi viðkvæmi hópur njóti verndar til jafns við aðra.

Heimildaskrá

Aðalheiður Ámundadóttir, „Þriðjungi sakfellinga í nauðgunarmálum snúið við í Landsrétti“ *Fréttablaðið* (2. janúar 2021) <<https://www.frettabladid.is/frettir/thridjungi-sakfellinga-i-naudgunarmalum-snuid-vid-i-landsretti/>>

Anthony Heaton-Armstrong, Eric Shepherd, Gísli Guðjónsson, og David Wolchover, *Witness Testimony: Psychological, Investigative and Evidential Perspectives*. (Oxford University Press 2006)

Arnljótur Björnsson, „Sönnun í skaðabótamálum“ [1991] Tímarit Lögfræðinga

Barne-, ungdoms- og familiedirektoratet, „Disabilities in Norway“ (*Bufoir*, desember 2018) <https://bufoir.no/en/English_start_page/Disabilities_in_Norway/>

Björg Thorarensen, „Tengsl þjóðaréttar við íslenska stjórnskipun og áhrif alþjóðasamninga á íslenskan rétt.“ [2012] Úlfljótur

Björg Thorarensen og fleiri. Ritstjóri Róbert R. Spanó, *Um lög og rétt: helstu greinar íslenskrar lögfræði* (Codex 2006)

Bogi Nilsson, „Um sönnunargögn og sönnunarfærslu í sakamálum.“ [1991] Úlfljótur

Brynhildur G. Flóvenz, „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“ [2019] Úlfljótur

Brå – centrum för kunskap om brott och åtgärder mot brott, „Våld mot personer med funktionshinder nr. 2007:26“ (2007) <https://www.bra.se/download/18.cba82f7130f475a2f1800010148/1371914725775/2007_26_vald_mot_personer_med_funktionshinder.pdf>

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, „Álit nefndarinnar um milliliðalaus sönnunarfærslu í sakamálum“ (október 2008) <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir/Skyrsla_17.10.08.pdf>

Einar Arnórsson, *Meðferð opinberra mála* (Háskóli Íslands 1919)

„Einkenni og áhrif heyrnarskerðingar“ (*Heyrnartæki*) <<https://www.heyrnartaekni.is/frodleikur/einkenni-og-ahrif-heyrnarskerdingar/>>

Eiríkur Tómasson, „Sönnun og sönnunarbyrði. Fyrri hluti“ [1987] Úlfljótur

——, *Meginreglur opinbers réttarfars. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands*. (Úlfljótur 1999)

——, „Endurskoðun á sönnunarmati í sakamálum, m.a. með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu.“ [2002] Úlfljótur

——, „Saklaus uns sekt er sönnuð: hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“ [2002] Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum, 20. febrúar 2001

——, „Sitt er hvað, sönnunarbyrði og sönnunarmat: umfjöllun um dóm Hæstaréttar 20. október 2005 í máli nr. 148/2005“ [2007] Úlfjótur

——, „Eiga sérhagsmunir að vera rétthærri almannahagsmunum?“ [2008] Úlfjótur

——, „Meginreglur sakamálaréttarfars“ [2009] Úlfjótur

——, *Sakamálaréttarfars: rannsókn - þvingunarráðstafanir* (Codex 2012)

Evald Sæmundsen og Þóra Leósdóttir, „Einhverfa og einhverfuróf“ (*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*, 2017) <<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/einverfurofid>>

Félagsmálaráðuneytið, „Þjónusta við geðfatlað fólk. Stefna og framkvæmdaáætlun vegna átaks félagsmálaráðuneytisins 2006- 2010“ (2006) <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/gedfatladir/thjonusta_gedfatladir_neww_st.pdf>

Geðhjálp, „Almennt um geðraskanir“ (*Geðhjálp*) <<https://gedhjalp.is/fraedsla/>>

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, „Þroskahömlun“ (*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*) <<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/throskahamlanir>>

Gylfi Baldursson, „Heyrnarskerðing“ (*Persóna*) <<https://persona.is/index.php?template=print&action=articles&method=display&aid=118&pid=18>>

Hans Gammeltoft-Hansen, *Strafferetspleje I* (2. útgáfa, Jurist- og Økonomforbundets Forlag 1998)

Heimir Hannesson, „Landsréttur snýr við sjö ára dómi - Var sagður hafa nauðgað syni sínum ítrekað um pabbahelgar“ *DV* (desember 2020) <<https://www.dv.is/frettir/2020/12/11/landsrettur-snyr-vid-sjo-ara-domi-var-sagdur-hafa-naudgad-syni-sinum-itrekad-um-pabbahelgar/>>

„Heyrnarskerðing“ (*Heilsuvera*, 2020) <<https://www.heilsuvera.is/markhopar/sjukdomar-fravik-einkenni/heyrnarskerding/>>

Innanríkisráðuneytið, „Greinargerð um fullgildingu sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“ (23. apríl 2013) <<https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2015/lokaeintak-af-greinargerd-fylgiskjal-2.pdf>>

Johs. Andenæs, *Norsk straffeprosess - samlet utgave ved Tor-Geir Myhrer* (4. útg., Universitetsforlaget 2009)

Jóhannes Sigurðsson og Þórir Júlíusson, „Hriktir í stoðum réttarríkis?“ [2014] Tímarit lögfræðinga

Jón Steinar Gunnlaugsson, „Mál af þessu tagi“ [2008] Tímarit lögréttu

Kamilla Kvarntorp, „Oklart vilka rättigheter sårbara personer har i rättsprocessen“ (*Advokatdagarna*, 2017) <<https://www.advokaten.se/Tidningsnummer/2017/nr-9-2017-argang-83/oklart-vilka-rattigheter-sarbara-personer-har-i-rattsprocessen/>>

Karen Hughes, o.fl., „Prevalence and risk of violence against adults with disabilities: a systematic review and meta-analysis of observational studies“ [2012] *The Lancet*

Kastljós, „,Proskahamlaðir njóta minni verndar““ *Rúv* (nóvember 2015)
<<https://www.ruv.is/frett/throskahamladir-njota-minni-verndar>>

Kristín Sigurðardóttir, „Landsréttur strangari í kynferðisbrotum en Hæstiréttur“ (*Rúv*, 9. maí 2021) <<https://www.ruv.is/frett/2021/05/09/landsrettur-strangari-i-kynferdisbrotum-en-haestirettur>>

Mannréttindaskrifstofa Íslands, „Eineðli og tvíeðli“ (*Human rights*)
<<https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindahugtakid/einedli-og-tviedli>>

Maria Lomborg Røgeskov, „Ofre for personfarlig kriminalitet med kognitive og psykiske funktionsnedsættelser: En undersøgelse af mødet med retssystemet“ (2020)
<<https://viden.sl.dk/media/9757/kriminalitet.pdf>>

Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir, *Einkamálaréttarfar* (Úlfjótur 2013)

Myndigheten för delaktighet, „FN:s konvention om rättigheter för personer med funktionsnedsättning“ (*Mfd*, 7. september 2020) <<https://www.mfd.se/kunskap/manskliga-rattigheter/fn-konventionen/>>

Nasjonalt kompetansemiljø om o.fl., „Doktorgradsprosjekt om avhør av fornærmede med nedsatt funksjonsevne i volds- og overgrepssaker“ (*Naku*, 9. april 2019)
<<https://naku.no/aktivitet/doktorgradsprosjekt-om-avh%C3%B8r-av-forn%C3%A6rmede-med-nedsatt-funksjonsevne-i-volds-og>>

Rannveig Traustadóttir, *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. (Háskólaútgáfan 2006)

Rannveig Traustadóttir og Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, „Hvað er vitað um kynferðisofbeldi gegn fötluðu fólki?“ (Málstofa á Grand Hótel, nóvember 2014)
<<https://www.throskahjalp.is/static/files/Malstofa/1rannveigtr.pdf>>

Réttindagátt, „Skilgreining á geðfötlun“ (*Réttindagátt*) <<https://rettindagatt.is/skilgreining-a-gedfotlun/#heimildir>>

——, „Skilgreining á geðröskun“ (*Réttindagátt*) <<https://rettindagatt.is/gedraskanir-yfirlit/skilgreining-a-gedroskun/>>

Ritstj. Páll Sigurðsson, *Lögfræðiorðabók með skýringum*. (Afmælisrit, Codex 2008)

Ríkislögreglustjóri, greiningardeild, „Ofbeldi gegn fötluðum á Íslandi.“ (2020)
<<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/01/Ofbeldi-gegn-fotludum-2020.pdf>>

Ríkissaksóknari, „Skýrsla starfshóps um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotþola er að ræða.“ (2018)
<<https://www.rikissaksoknari.is/media/arsskyrslur/Fatladir-og-kynferdisbrot-skyrsla-starfshops-rikissaksoknara.pdf>>

Ronald J. Comer og Jonathan S. Comer, *Fundamentals of abnormal psychology* (níunda útgáfa, Worth Publishers 2019)

Símon Jóh. Ágústsson, „Framburður vitna“ [1961] Úlfjótur

Socialpædagogerne vidensbank, „Ofre for personfarlig kriminalitet med kognitive og psykiske funktionsnedsættelser“ (*Viden*, 2020) <<https://viden.sl.dk/artikler/voksne/handicap-retsstilling/ofre-for-personfarlig-kriminalitet-med-kognitive-og-psykiske-funktionsnedsaettelser/>>

Sólveig Sigurðardóttir, „Blinda og sjónskerðing“ (*Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*, 2011) <<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/fraedsluefni/blinda-og-sjonskerding/>>

Stefán Már Stefánsson, *Um sönnun í sakamálum* (2. útgáfa, Codex 2013)

Stig Langvad og Marite Decker, „The Purpose and Use of UN Treaty Body General Comments“ (*European Network on Independent living*) <<https://enil.eu/news/the-purpose-and-use-of-un-treaty-body-general-comments/>>

Stjórnarráð Íslands, „Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“ (*Stjórnarráðið*) <<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/rettindi-fatlads-folks/>>

Sunna Karen Sigurþórsdóttir, „Lítill hluti ofbeldismála á hendur fötluðu fólki ratar inn í réttarvörslukerfið“ *Vísir* (19. janúar 2021) <<https://www.visir.is/g/20212062528d/litill-hluti-ofbeldismala-a-hendur-fotludu-folki-ratar-inn-i-rettarvorslukerfid>>

Tryggvi Sigurðsson, „Blinda og alvarleg sjónskerðing“ (*Persóna*) <<http://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=119&pid=18>>

Utvecklingscentrum Göteborg, „Bemötande av brottsoffer – Handbok“ (júní 2016) <[https://www.aklagare.se/globalassets/dokument/handbocker/bemotande-av-brottsoffer.pdf#_utma=1.1348498648.1617666071.1617666071.1617666071.1&__utmb=1.1.10.1617666071&__utmc=1&__utmz=1.1617666071.1.1.utmcsr=google|utmccn=\(organic\)|utmcmd=organic|utmctr=\(not%20provided\)&__utmv=-&__utmk=250695814](https://www.aklagare.se/globalassets/dokument/handbocker/bemotande-av-brottsoffer.pdf#_utma=1.1348498648.1617666071.1617666071.1617666071.1&__utmb=1.1.10.1617666071&__utmc=1&__utmz=1.1617666071.1.1.utmcsr=google|utmccn=(organic)|utmcmd=organic|utmctr=(not%20provided)&__utmv=-&__utmk=250695814)>

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, „Samþætt sjón- og heyrnarskerðing“ (*Miðstöð*, 2016) <<https://www.midstod.is/frodleikur/samthaett-sjon-og-heyrnarskerding/>>

Þroskahjálp, „Vernd fatlaðs fólks í réttarkerfinu“ (*Þroskahjálp*, nóvember 2015) <<https://www.throskahjalp.is/is/samtokin/frettir/verndfatladsfolksirettarkerfinu>>